



## **ML í lögfræði**

# Lögsaga og lagaval í málum vegna alþjóðlegra loftflutningasamninga

**Júní, 2019**

**Nafn nemanda:** Aníta Auðunsdóttir

**Kennitala:** 160688-3789

**Leiðbeinandi:** Eiríkur Elís Þorláksson

## Útdráttur

Hagkvæm landfræðileg staðsetning Íslands leiðir til þess að landið er hentugt fyrir flutningasamgöngur. Staðsetningin gerir það að verkum að gífurlegur fjöldi farþega og verulegt magn af farmi er flutt í gegnum Ísland þar sem landið er miðpunktur tengingar í leiðakerfi sem tengir saman Evrópu og Bandaríkin. Loftflutningar grundvallast á samningi milli flytjanda og farþega eða eiganda farms. Athugun ritgerðarinnar beinist að réttarstöðu aðila sem nýta sér þennan flutningsmáta.

Í þessari ritgerð, sem ber heitið „Lögsaga og lagaval í málum vegna alþjóðlegra loftflutningasamninga“, er meginefni umfjöllunar tvíþætt. Annars vegar er farið yfir hvaða meginreglur gilda um lagaval aðila innan samninga þegar mál hefur tengsl við fleiri en eitt land, meðal annars samkvæmt ákvæðum laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningarréttar. Hins vegar koma til skoðunar reglur um varnarþing, til dæmis í þeim tilvikum þegar málshöfðun rís vegna vanefndar á samningi um loftflutning sem hefur tengsl við fleiri en eitt lögsagnarumdæmi.

Meginmarkmið ritgerðarinnar er að svara rannsóknarspurningunni: „Hafa samningsaðilar samið um lagaval í stöðluðum samningum um loftflutning?“. Umfjöllunin tekur mið af þrenns konar samningum um loftflutning en þeir eru farseðill, farangurmiði og farmflutningur. Ákjósanlegasta leiðin til að svara rannsóknarspurningunni með sannfærandi hætti og gera framangreindum reglum rækileg skil er að nálgast umfjöllunarefnið með heildstæðum hætti.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að samningsaðilar hafa hvorki samið berum orðum um lagaval í samningi um farseðil og farangursmiða né verður lagavalið talið með vissu leiða af samningi aðila eða öðrum atvikum tengdum samningsgerðinni. Af því leiðir að efnisreglur þess lands sem samningur telst hafa sterkust tengsl við, munu skera úr um réttarágreiningu samningsaðila. Hvað varðar lögsögu þá leiðir áðurgreint samningssamband af sér tvenns konar regluverk um lögsögu. Það er varnarþingsreglur 115. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og varnarþingsreglur laga nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

## **Abstract**

The favorable geographic location of Iceland makes it well positioned for transportation, especially air transport. Iceland's center point of the route schedule connecting Europe and USA makes for vast number of passengers and cargo coming through Iceland.

Air transport is subject to contracts between carrier and passenger or freight owner. This essay will examine the legal status of parties which utilize this type of transportation.

In this essay, which is named „Jurisdiction and choice of law in contracts of international carriage by air“, the main substance is twofold. Firstly, what principles apply on the parties' choice of law under contract when a matter has a connection with multiple countries, amid the provisions of the Act on the Applicable Law to Contractual Obligations No. 43/2000. Secondly, rules on jurisdiction are examined, e.g. on the occasion of legal proceedings being initiated due to nonperformance of a contract for air transport which has connections to multiple jurisdictions.

The main goal of the essay is to answer the research query: “Do contracting parties agree on choice of law in standardized contracts on air transport?” The essay covers three types of air transport contracts, tickets, baggage check and freight transport. The preferable method to seek for a convincing answer and discuss aforementioned rules, is to approach the subject in a comprehensive way.

Main findings of the essay are that contracting parties have neither unequivocally negotiated and agreed the choice of law in a contract relating to ticket and baggage check, nor will the choice of law be considered to be related to a contract or other incidents related to the drawing up of a contract with full certainty. Consequently, the factual rules of the country, which has the strongest relevance to the contract, will determine a dispute between contracting parties. Regarding the subject of jurisdiction, the aforementioned contractual relationship results in two rules being applied, rules on venue stipulated in Article 115 of the Aviation Act No. 43/1998 and jurisdictional rules of the Act on the Lugano Convention on Jurisdiction and Enforcement of Judgments in Civil and Commercial Matters No. 7/2011.

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Skrár yfir frumheimildir.....   | v  |
| 1. Inngangur .....  | 1  |
| 2. Réttarsviðið alþjóðlegur einkamálaréttur.....  | 3  |
| 3. Alþjóðleg lögsaga .....  | 5  |
| 3.1 Inngangur .....   | 5  |
| 3.2 Almennar varnarpingsreglur íslensks réttar og samspil þeirra við varnarpingsreglur um laga um loftferðir nr. 60/1998..... | 6  |
| 3.3 Lúganósamningurinn .....  | 8  |
| 3.3.1 Hvers konar samningur er Lúganósamningurinn? .....  | 8  |
| 3.3.2 Uppruni Lúganósamningsins .....   | 8  |
| 3.3.3 Varnarpingsreglur Lúganósamningsins .....   | 9  |
| 3.4 Varnarpingsreglur laga um loftferðir og samspil þeirra við varnarpingsreglur Lúganósamningsins.....                       | 12 |
| 4. Eldra réttarástand íslensks réttar og sjónarmið að baki reglum um lagaskil á sviði samningaréttar.....                     | 14 |
| 4.1 Inngangur .....   | 14 |
| 4.2 Rómarsamningurinn frá 19. júní 1980 .....   | 15 |
| 4.3 Rómarræglugerðin frá 17. júní 2008.....   | 16 |
| 4.4 Lög nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar.....   | 17 |
| 5. Gildissvið laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar og réttarsvið .....   | 18 |
| 5.1 Inngangur .....   | 18 |
| 5.2 Gildissvið laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar .....  | 19 |
| 5.3 Heimfærsla til réttarsviðs.....   | 20 |
| 5.3.1 Sameiginlegur grundvöllur reglna um skaðabætur innan og utan samninga sem og mörk þeirra.....                           | 21 |
| 5.3.1.1 Hefur sá sem verður fyrir tjóni val um hvort viðkomandi krefst skaðabóta innan samninga eða utan samninga?.....       | 23 |
| 6. Meginreglur um lagaval innan samninga og beiting í framkvæmd .....   | 24 |
| 6.1 Inngangur .....   | 24 |
| 6.2 Samningur um lagaval, sbr. 3. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 .....  | 25 |
| 6.2.1 Inngangur .....   | 25 |
| 6.2.2 Lögin valin „berum orðum“ .....   | 25 |
| 6.2.3 Lög „sem með vissu verða talin leiða af samningi aðila eða öðrum atvikum“ .....   | 26 |
| 6.3 Samningur um farseðil, farangursmiða og flugfarmbréf .....  | 29 |
| 6.3.1 Farseðill og farangursmiði .....  | 29 |
| 6.3.2 Flugfarmbréf .....  | 32 |

|   |    |
|---|----|
| 6.4 Þegar aðilar samnings hafa ekki samið um lagaval, sbr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 .....                          | 33 |
| 6.4.1 Inngangur .....   | 33 |
| 6.4.2 Túlkun og beiting Hæstaréttar á lögum um lagaskil nr. 43/2000 .....   | 35 |
| 6.4.3 Leiðbeiningarreglan, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 .....   | 38 |
| 6.4.3.1 Matskennda sérreglan, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 .....  | 40 |
| 6.4.4 Samningur um vöruflutninga, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 .....                                      | 44 |
| 6.4.4.1 Matskennda sérreglan, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 .....  | 46 |
| 6.4.5 Réttthæð 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 .....  | 47 |
| 6.5 Samantekt .....   | 48 |
| 7. Montreal-samningurinn .....  | 49 |
| 7.1 Inngangur .....   | 49 |
| 7.2 Hvers konar samningur er Montreal-samningurinn? .....   | 49 |
| 7.3 Gildissvið Montreal-samningsins .....   | 50 |
| 7.4 Efnisreglur Montreal-samningsins .....  | 51 |
| 7.5 Álitamál í tengslum við takmörkun bótafjárhæðar .....   | 53 |
| 8. Rómarreglugerðin og breytingar á reglum um lagaval þegar ekki er samið um hvers lands lög eiga að gilda í lögskiptum ..... | 54 |
| 8.1 Inngangur .....   | 54 |
| 8.2 Samningar um lausafjárkaup, þjónustu, fasteignir, sérleyfi og dreifingu, sbr. 1. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar .....  | 55 |
| 8.3 Leiðbeiningarreglan, sbr. 2. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar .....  | 56 |
| 8.4 Matskennda sérreglan, sbr. 3. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar .....   | 56 |
| 8.5 Reglan sem gildir þegar ekki er unnt að afmarka aðalskyldu samnings, sbr. 4. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar .....      | 57 |
| 8.6 Samningur um vöruflutning sbr. 5. gr. Rómarreglugerðarinnar .....   | 57 |
| 8.7 Ef Ísland myndi innleiða þessa breytingu í lög um lagaskil nr. 43/2000 myndi það leiða til annarrar niðurstöðu? .....     | 58 |
| 9. Samantekt og niðurstöður .....   | 59 |
| Heimildaskrá .....  | 63 |

## **Skrár yfir frumheimildir**

### **Lög**

Lög nr. 91/1991, um meðferð einkamála

Skaðabótalög nr. 50/1993

Lög nr. 68/1995, um um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum

Lög nr. 60/1998, um loftferðir

Lög nr. 43/2000, um lagaskil á sviði samningaréttar

Lög nr. 7/2011, um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum

### **Þjóðréttarsamningar**

Alþjóðasamningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (samþykktur 21. ágúst 1948, tók í gildi 19. nóvember 1948 með lögum nr. 41/1949) (Varsjárásamningurinn)

Convention on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters (Brusselsamningurinn)

Convention on the Law Applicable to Contractual Obligations (Rómarsamningurinn)

European Economic Community (EEC) (Rómarsáttmáli)

Regulation (EC) No 593/2008 of the European Parliament and of the Council of 17 June 2008 on the law applicable to contractual obligations (Rome I) (Rómarreglugerð)

Samningur um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjárásamninginn (samþykktur 23. júlí 2004, tók í gildi 10. október 2004 með lögum nr. 52/2004) Stjttíð. C, 48/2004

Samningur um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa (samþykktur 17. júní 2004, tók gildi 16. ágúst 2004) Stjttíð. C, 46/2004 (Montreal-samningurinn)

Treaty on European Union (Maastricht Treaty) (Stofnsáttmáli EBE)

### **Lögskýringargögn**

Alþt. 1994, A-deild, þskj. 497 – 328. mál

Alþt. 199-1998, A-deild, þskj. 210 – 201. mál

Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 – 70. mál  
Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 1439 – 945. mál

Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 1440 – 946. mál

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 265 – 234. mál

### **Dómaskrá**

Hrd. 21. desember 1982 í máli nr. 26/1980

Hrd. 27. september 1981 í máli nr. 80/1981

Hrd. 12. október 2011 í máli nr. 398/2011

Hrd. 28. október 2011 í máli nr. 300/2011

Hrd. 28. október 2011 í máli nr. 340/2011

Hrd. 12. september 2013 í máli nr. 454/2013

Hrd. 8. maí 2014 í máli nr. 120/2014

Hrd. 12. maí 2014 í máli nr. 278/2014

Hrd. 16. nóvember 2015 í máli nr. 685/2015

### **Erlend dómaskrá**

#### **Danmörk**

UfR 1996.937 H.

#### **England**

Compagnie Tunisienne de Navigation SA gegn Compagnie d'Armement Maritime SA [1971]  
AC 572

Hellenic Steel Co gegn Svolamar Shipping Co Ltd (The Komminos S) [1991] 1 Lloyd's Rep  
370

Bank of Baroda gegn Vysya Bank [1994] 2 2 Lloyd's Rep 87

Definitely Maybe (Touring) Ltd gegn Marek Lieberberg Konzertagentur GmbH (No.2)  
[2001] 2 Lloyd's Rep 455

Kenburn Waste Management Ltd. gegn Bergmann [2002] CLC 644

Intercontainer Interfrigo SC (ICF) gegn Balkenende Oosthuizen BV (C-133/08) 2 Lloyd's  
Rep 400

**Holland**

Machinale Glasfabriek de Maas BV gegn Emaillerie Alsacienne SA [1985] 2 CMLR 281

**Svíþjóð**

NJA 1951 bls. 656



## 1. Inngangur

Flugsamgöngur til og frá landinu hafa stóraukist á undanförunum árum. Hagkvæm staðsetning landsins mitt á milli Norður-Evrópu og austurstrandar Norður-Ameríku leiðir til þess að Ísland, litla eyjan í miðju Atlantshafi, er hentug fyrir flutningasamgöngur, einkum fyrir íslensk flugfélög. Landfræðileg staðsetning landsins gerir það að verkum að gífurlegur fjöldi farþega og verulegt magn af farmi er flutt í gegnum Ísland sem og til landsins.

Loftflutningar grundvallast á samningi milli flytjanda og farþega eða eiganda farms. Athugun ritgerðarinnar beinist að réttarstöðu aðila sem nýta sér þennan flutningsmáta. Samningssambandinu er þannig háttað að annar aðili samningsins innir af hendi greiðslu gegn því að hinn samningsaðili flytji viðkomandi eða farm hans á umsaminn áfangastað. Röskun kann þó að verða á hagsmunum samningsaðila vegna vanefndar flytjanda á flutningssamningi. Við slíkar aðstæður hefur mikla þýðingu hvers konar samningur liggur fyrir og hvort aðilar hafi samið um hvers lands lög eigi að gilda um lögskipti þeirra vegna þess að efnisreglur þess lands sem samningur telst hafa sterkust tengsl við munu skera úr um réttarágreining samningsaðila. Það hefur einnig þýðingu að samningur kann að vera gerður erlendis og jafnvel í gegnum fjarskiptabúnað erlendis. Flutningur frá einu landi til annars getur leitt til þess að vanefnd getur orðið á samningsskuldbindingum aðila hvar sem er í heiminum. Eðli málsins samkvæmt hafa slík mál tengsl við fleiri en eitt land. Í þeim tilvikum getur erlent ríki gert tilkall til þess að lögum þess lands verði beitt um réttarágreining aðila og aðilar í ágreiningsmáli geta átt þann kost að höfða mál fyrir fleiri en einum dómstól. Mál af þessu tagi eru á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar en sú fræðigrein hefur bæði verulega þýðingu í því alþjóðlega umhverfi sem ríki og íbúar þeirra búa við.

Um fjöllumarefni ritgerðarinnar er fjórþætt. *Í fyrsta lagi* verður fjallað um lögsögu, en með því er átt við reglur um varnarþing, til dæmis í þeim tilvikum þegar málshöfðun rís vegna vanefndar á samningi um loftflutning sem hefur tengsl við fleiri en eitt lögsagnarumdæmi. Gerð verður grein fyrir almennum varnarþingsreglum íslensks réttar og samspili þeirra við varnarþingsreglur laga nr. 60/1998 um loftferðir<sup>1</sup> sem byggja á alþjóðlegum samningi. Einnig verður gerð grein fyrir reglum um lögsögu í fjölþjóða samningi. Einn slíkur ber heitið „Lúganósamningurinn“, sbr. lög nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og

---

<sup>1</sup> Hér eftir nefnd lög um loftferðir nr. 60/1998 eða lög um loftferðir.

viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.<sup>2</sup> Að auki verður afstaða íslensks réttar til sérsamninga á borð við Lúganósamninginn skýrð. Í þessari umfjöllun verður tekið til athugunar hvaða reglur gilda um lögsögu aðila þegar málshöfðun byggir á vanefnd á samningssambandi um loftflutning sem hefur tengsl við fleiri en eitt land.

*Í öðru lagi* er fjallað um hvaða meginreglur gilda um lagaval aðila innan samninga þegar mál hefur tengsl við fleiri en eitt land, meðal annars samkvæmt ákvæðum laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningarréttar.<sup>3</sup> Í raun má segja að þessi umfjöllun sé þungamiðja ritgerðarinnar. Um er að ræða reglur sem eiga við þegar aðilar samnings semja um hvaða lög eiga gilda um samningssamband þeirra, sbr. 3. gr. laganna og reglur sem eiga við þegar aðilar að samningi hafa ekki samið um lagaval, sbr. 4. gr. laganna. Umfjöllunin tekur mið af þrenns konar samningum um loftflutning en þeir eru farseðill, farangurmiði og flugfarmbréf þegar samningur lýtur að farmflutningi. Áhersla verður lögð á það að skýra ofangreind ákvæði með ítarlegum hætti, gera grein fyrir uppruna regluverksins ásamt því að beina athugun að því hver var hinn gildandi réttur fyrir setningu laganna.

*Í þriðja lagi* er um að ræða umfjöllun um samning um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem var undirritaður í Montreal þann 28. maí árið 1999, svonefndur „Montreal-samningur“.<sup>4</sup> Montreal-samningurinn er marghliða samningur sem miðar að því að koma á fót samræmdu og fyrirsjáanlegu regluverki um alþjóðlegan flutning farþega, farangurs og farms.<sup>5</sup> Gerð verður grein fyrir samningnum í tengslum við umfjöllunarefni ritgerðarinnar.

*Í fjórða lagi* verða teknar til skoðunar breytingar sem aðildarríki Evrópusambandsins gerðu með setningu Rómarreglugerðarinnar<sup>6</sup> á samsvarandi ákvæði og er að finna í 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Samhliða því verður tekin afstaða til þess hvort innleiðing Íslands á samhljóða breytingu kunní að leiða til annarrar niðurstöðu.

---

<sup>2</sup> Hér eftir nefnd lög um Lúganósamninginn nr. 7/2011 eða Lúganósamningurinn.

<sup>3</sup> Hér eftir nefnd lög um lagaskil nr. 43/2000

<sup>4</sup> Hér eftir nefndur Montreal-samningurinn. (e. the Convention for the Unification of Certain Rules for International Carriage by Air).

<sup>5</sup> „Montreal Convention“ (*Wikipedia*, 12. nóvember 2018)

<[https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=Montreal\\_Convention&oldid=868467404](https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=Montreal_Convention&oldid=868467404)> skoðað 23. nóvember 2018.

<sup>6</sup> Regulation (EC) No 593/2008 of the Europea Parliament and of the Council of 17 June 2008 on the law applicable to contractual obligations (Rome I). OJ L 177. Hér eftir Rómarreglugerð.

Meginmarkmið ritgerðarinnar er að leitast við að svara rannsóknarspurningunni: „Hafa samningsaðilar samið um lagaval í stöðluðum samningum um loftflutning?“. Ákjósanlegasta leiðin til að svara þessari spurningu með sannfærandi hætti er að nálgast umfjöllunarefnið með heildstæðum hætti. Nálgunin á viðfangsefnið verður þannig upp byggð að í upphafi verður réttarsviðið stuttlega kynnt. Í framhaldinu verður leitast við að skýra hluteigandi reglur efnislega í hverjum kafla fyrir sig ásamt því að svara þeim álitaefnum sem fram koma innan hvers kafla. Vegna þess að umfjöllun meginreglna um lagaval innan samninga er fremur umfangsmikil verður að finna stutta samantekt í lok þess kafla. Í lokakafla ritgerðarinnar verða dregnar saman helstu ályktanir um umfjöllunarefnið í heild.

Umfjöllunarefni ritgerðarinnar tekur mið af því að annar aðili samningssambandsins sé íslenskt flugfélag en hinn samningsaðilinn getur verið erlendur ríkisborgari eða með heimilisfesti í öðru landi.

## **2. Réttarsviðið alþjóðlegur einkamálaréttur**

Alþjóðlegur einkamálaréttur sem einnig er nefndur lagaskilaréttur<sup>7</sup> er sú fræðigrein sem segir meðal annars til um það hvers lands lögum skuli beita þegar mál hefur tengsl við fleiri en eitt land.<sup>8</sup> Einnig má skilgreina fræðigreinina þannig að hún segi til um hvenær íslenskir dómstólar og/eða stjórnvöld beita erlendum réttarreglum í úrlausnum sínum. Heitið alþjóðlegur einkamálaréttur er að mörgu leyti villandi, nafnið hefur alþjóðlega tilvísun og kann að gefa til kynna að réttarsviðið sé hluti af eða tengist að einhverju leyti þjóðarrétti.<sup>9</sup> Því fer fjarri en segja má að réttarsviðið sé hluti af landsrétti hvers ríkis.<sup>10</sup> Í fræðilegri umfjöllun er réttarsviðinu alloft skipt upp í almennan og sérstakan hluta. Almenni hlutinn fjallar um viðfangsefni og sögu fræðigreinarinnar, skýrð eru grunnhugtök og gert er grein fyrir réttarheimildum. Þar er einnig umfjöllun um einkaréttarlögsögu íslenskra dómstóla gagnvart aðilum sem búsettir eru í öðru landi og hvort eigi að viðurkenna erlenda dóma og stjórnvaldsákvarðanir hér á landi. Í sérstaka hlutanum er fjallað um lagaskilareglur á einstökum réttarsviðum eins og til dæmis í

---

<sup>7</sup> „Sá hluti alþjóðlegs einkamálaréttar sem fjallar um það hvaða landslögum skuli beita við úrlausn á tilteknum réttarágreiðingum sem á einhvern hátt tengist réttarkerfi fleiri ríkja en eins.“ Páll Sigurðsson (ritstj.), *Lögfræðiorðabók: með skýringum* (Codex : Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) 237.

<sup>8</sup> Á Norðurlöndum ber fræðigreinin heitið International privatret eða Lovkonflikter. Í enskumælandi löndum er talað um Conflict of laws eða Private International Law.

<sup>9</sup> Eggert Óskarsson, „Um alþjóðlegan einkamálarétt og viðfangsefni hans“ (1988) 38 (1) Tímarit lögfræðinga 9,9.

<sup>10</sup> Allan Philip, *Dansk international privat- og procesret* (3. útg., Juristforbundet 1976) 3.

samningarétti, skaðabótarétti og svo framvegis.<sup>11</sup> Lagaskilareglur eru formreglur en ekki efnisreglur og því leysa þær ekki mál heldur kveða einungis á um hvers lands lögum skuli beita varðandi efnisúrlausn þegar mál hefur, eins og fyrir segir, tengsl við fleiri en eitt land.<sup>12</sup> Á réttarsviðið getur reynt í þremur tilvikum<sup>13</sup> þó sjaldan myndi reyna á öll atriðin í einu og sama málinu.<sup>14</sup> Í fyrsta lagi reynir á lagaskilareglur þegar athugun lýtur að lögsögu dómstóla. Í öðru lagi þegar reynir á viðurkenningu og aðfararhæfi erlendra dóma. Í þriðja lagi þegar athugun lýtur að réttarreglum í lögskiptum aðila.<sup>15</sup>

Þegar ágreiningsmál er þannig vaxið að það heyrir undir alþjóðlegan einkamálarétt verður að finna viðeigandi lagaskilareglu. Sé slíka reglu að finna í réttarreglum þess lands sem fer með lagavalið ræðst niðurstaða málsins á þeim grundvelli. Þetta á þó ekki alltaf við. Oft á tíðum eru atvik máls með þeim hætti að viðeigandi lagaskilaregla er ekki lögfest í settum rétti þess lands sem fer með málið.<sup>16</sup> Af þessu leiðir að nauðsynlegt verður að finna út hvaða regla getur átt við í ágreiningsmáli á grundvelli almennra viðhorfa lagaskilaréttar. Hin ríkjandi lagaskilaregla er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða réttarsviðspáttinn sem gefur til kynna hvaða réttarsviði ágreiningur heyrir undir, hvort heldur það er á sviði samningaréttar eða skaðabótaréttar, svo fyrrgreind dæmi séu aftur tekin. Hins vegar er um að ræða tengslaþáttinn sem segir til um lagavalið en þeir geta verið ýmis konar svo sem heimilisfang, samningsstaður eða slysstaður, allt eftir atvikum hverju sinni. Það eru tengslin sem ákvarða að réttarreglum tiltekins lands sé beitt.<sup>17</sup> Það sama gildir í lagaskilarétti og á öðrum sviðum lögfræðinnar, þegar reglu er ekki að finna í settum lögum koma til álita aðrar réttarheimildir svo sem réttarvenja, fordæmi eða eðli máls. Þess ber einnig að geta í tengslum við almenna umfjöllun á þessu

---

<sup>11</sup> Eggert Óskarsson, „Um alþjóðlegan einkamálarétt og viðfangsefni hans“ (1988) 38 Tímarit lögfræðinga 9, 9–10.

<sup>12</sup> Oscar Alfred Borum, *Lovkonflikter: lærebog i international privatret* (6. útg., København 1967) 2.

<sup>13</sup> Christopher MV Clarkson, *The Conflict of Laws* (3. útg., Oxford University Press 2006) 1–2. Christopher MV Clarkson, *The Conflict of Laws* (3. útg., Oxford University Press 2006) 1–2.

<sup>14</sup> Sama heimild 161.

<sup>15</sup> Eiríkur Elís Þorláksson, „Meginreglur um lagaval innan samninga og undantekningar frá þeim / Eiríkur Elís Þorláksson“ (2012) 62 5, 8–9.

<sup>16</sup> „Íslenskur lagaskilaréttur er að mestu leyti ólögfestur. Hann byggist á dómafordæmum, réttarvenjum, fræðiskoðunum og eðli máls. Þar sem dómaframkvæmd er fáskrúðug hér á landi er einnig horft til dómaframkvæmdar annars staðar á Norðurlöndunum, auk þess sem sótt hefur verið í smíðjur norræna fræðimanna í ríku mæli“. Á sumum réttarsviðum íslensks réttar eru til ítarlegar skráðar lagaskilareglur. Má þar helst nefna lagaskilareglur í 14. kafla víxillaga, nr. 93/1933 og í 12. kafla laga um tékka, nr. 94/1933. Af öðrum ákvæðum má einnig nefna 119. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, um flutninga samkvæmt farmskírteini, ákvæði um erlend hlutafélög í 16. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995 og 2. mgr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Einnig má sjá Norðurlandasamninga um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði sem Ísland er aðili að og hefur lögfest í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 43/2000, sbr. Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, kafla II.

<sup>17</sup> Eggert Óskarsson (n. 11) 13.

réttarsviði að tilgangur með lagaskilareglum er meðal annars að ná samræmi í dómsúrlausnum milli landa þannig að sama niðurstaða fái stöð því hvar mál er höfðað.<sup>18</sup>

### **3. Alþjóðleg lögsaga**

#### **3.1 Inngangur**

Loftflutningar grundvallast á samningi milli flytjanda og farþega eða eiganda farms og getur málshöfðun sem stafar af þeim samningi því haft tengsl við fleiri en eitt land. Þegar mál er þannig vaxið að það hefur tengsl við fleiri en eitt land geta aðilar í ágreiningsmáli fyrir dómstólum átt þann kost að höfða mál fyrir fleiri en einum dómstól. Í þeim tilvikum sem íslenskur dómstóll fær til úrlausnar sakarefni sem hefur alþjóðlega skírskotun, það er tengsl við annað land, þarf dómstóllinn að taka afstöðu til þess hvort hann eigi lögsögu í ágreiningsmálinu. Í þessu sambandi er talað um alþjóðlega lögsögu eða alþjóðlegt dómssvald. Niðurstaðan ræðst af réttarfarsreglum íslensks réttar en reglur um lögsögu falla undir það sem tilgreint er alþjóðlegt réttarfar.<sup>19</sup> Ef dómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að hann eigi lögsögu í ágreiningsmáli þarf dómstóllinn í framhaldinu að taka afstöðu til þess hvers lands lögum skuli beita um lögskipti málsaðila en það ræðst af reglum alþjóðlegs einkamálaréttar. Af því leiðir að dómstóll tekur fyrst afstöðu til þess hvort hann eigi alþjóðlega lögsögu í ágreiningsmáli áður en hann tekur afstöðu til lagavals.<sup>20</sup> Með lögsögu er átt við lögformlegt vald til ákvörðunar um sakarefni sem er réttilega stefnt fyrir dómstól og að úrlausnin sé bindandi fyrir báða aðila dómsmálsins.<sup>21</sup>

Þar sem íslenskir dómstólar hafa ekki sjálfkrafa vald til þess að taka málshöfðun til sín hefur það verulega þýðingu hverjir eru aðilar máls eða hvar atvik máls eiga rætur að rekja. Íslenskur dómstóll getur aðeins átt lögsögu í máli ef sakarefnið eða aðilar máls hafa tengsl við landið. Að öðrum kosti hefur íslenskur dómstóll ekki lögsögu í málinu. Í þeim tilvikum þegar málshöfðun beinist gegn erlendum aðila sem á ekki heimilisvarnarþing hér á landi er ekki sjálfgefið að íslenskur dómstóll sé til þess bær að leysa úr sakarefninu. Niðurstaðan ræðst af því hvort íslenskur dómstóll eigi alþjóðlega lögsögu en það eru reglur landsréttar í réttafari sem

---

<sup>18</sup> Sama heimild 17–18.

<sup>19</sup> Sú meginregla gildir í alþjóðlegum einkamálarétti flestra landa að reglum um réttafari lúta lögum dómstólaríkisins, lex fori. Sama heimild 14.

<sup>20</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Alþjóðleg lögsaga íslenskra dómstóla“ [2004] Rannsóknir í félagsvísindum V : lagadeild, Háskólaútgáfan 105, 105–106.

<sup>21</sup> Sama heimild 106.

taka afstöðu til þess.<sup>22</sup> Í næsta kafla verður gert grein fyrir almennum reglum um varnarþing íslensks réttar og samspili þeirra við sérreglur um varnarþing í lögum um loftferðir nr. 60/1998. Í kafla 3.3 verður gert grein fyrir samningi sem gerður var í Lúganó og er ávallt nefndur Lúganósamningurinn. Samningurinn tekur aðeins til einkamála sem hafa alþjóðlega skírskotun. Gert verður grein fyrir uppruna samningsins, hvaða reglur um varnarþing er þar að finna og stöðu samningsins í íslenskum rétti. Að endingu beinist athugun að samspili varnarþingsreglna í lögum um loftferðir og Lúganósamningsins, sbr. kafla 3.4.

### **3.2 Almennar varnarþingsreglur íslensks réttar og samspil þeirra við varnarþingsreglur um laga um loftferðir nr. 60/1998**

Í íslenskum rétti eru almennar reglur um dómsvald og lögsögu í einkamálum í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.<sup>23</sup> Ákvæði 1. mgr. 16. gr. laganna segir meðal annars að dómstólar hafi vald til að dæma mál allra þeirra sem geta verið aðilar dómsmáls nema undantekningar fyrirfinnist í lögum eða samkvæmt þjóðarétti. Af þessu leiðir getur erlendur aðili notið aðildarhæfis í dómsmáli hér á landi með þeim takmörkunum sem í ákvæðinu greinir. Í 24. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 kemur fram að dómstólar hafa vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Af framangreindu má bersýnilega ráða að mál erlendis aðila fellur ekki sjálfkrafa undir íslenska dómstóla

Almennar reglur um varnarþing koma fram í IV. kafla einkamálalaga. Alþjóðleg lögsaga íslenskra dómstóla ræðst af þeim ákvæðum. Ákvæði 32. gr. til 42. gr. kveða á um helstu meginreglur um varnarþing svo sem heimilisvarnarþing, fasteignavarnarþing, efnastaðavarnarþing og þar fram eftir götunum.<sup>24</sup> Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. einkamálalaga verður áðurgreindum ákvæðum um varnarþing beitt til að sækja mann sem er búsettur erlendis svo og félag, firma eða stofnun eða samtök sem er eins ástatt um nema annað leiði af samningi við erlent ríki.

Ákvæði IV. kafla einkamálalaga raska ekki gildi sérreglna um varnarþing gagnvart öðrum lögum, sbr. 2. mgr. 43. gr. einkamálalaga. Í settum lögum er að finna á víð og dreif reglur

---

<sup>22</sup> Sama heimild.

<sup>23</sup> Hér eftir nefnd einkamálalög nr. 91/1991 eða einkamálalög.

<sup>24</sup> Sökum þess að umfjöllunarefnið grundvallast af lögsögu í málum er varða samning um loftflutning sem hefur tengsl við fleiri en eitt land er óþarft að tilgreina öll ákvæði einkamálalaga um varnarþing.

um lögsögu dómstóla og ganga þær framur hinum almennu reglum.<sup>25</sup> Eitt dæmi um slíkar sérreglur eru varnarþingsreglur 115. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998. Í 1. mgr. ákvæðisins er áskilnaður þess efnis að um skaðabótamál sé að ræða og samkvæmt ákvæðinu verður slíkt mál einungis höfðað fyrir íslenskum dómstól eða fyrir dómstól í ríki sem hefur gerst aðili að Montreal-samningnum.<sup>26</sup> Almennar reglur um varnarþing samkvæmt 115. gr. laga um loftferðir koma fram í a. til c. lið 2. mgr. 115. gr. laganna. Þær varnarþingsreglur eru; heimilisvarnarþing flytjanda, varnarþing flytjanda þar sem hann hefur aðalskrifstofu sína eða útibú, sá staður sem flutningssamningur var gerður og ákvörðunarstaður flutningssamnings. Í 3. mgr. 115. gr. laganna er að finna enn frekari sérreglur um varnarþing við ákveðnar aðstæður. Þær reglur ná yfir tilvik eins og andlát, líkamsmeiðsl eða heilsutjón farþega. Þegar þannig háttar til má höfða mál á fyrrgreindum varnarþingum eða fyrir dómstól í aðildarríki Montreal-samningsins þar sem farþegi átti aðalaðsetur eða fast aðsetur er slys varð.

Í frumvarpi um breytingu á lögum um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum, kemur fram að varnarþingsreglur 115. gr. laga um loftferðir eru meginreglum íslensks réttarfars um varnarþing, samkvæmt IV. kafla einkamálalaga nr. 91/1991, til viðbótar.<sup>27</sup> Varnarþingsreglur í ákvæði 115. gr. laga um loftferðir eru sérreglur þegar mál varða skaðabætur í tengslum við loftflutning á farþegum og farm gagnvart meginreglum íslensks réttar um varnarþing, sbr. 2. mgr. 43. gr. einkamálalaga. Framangreint hefur þá þýðingu að það má lögsækja íslenskt flugfélag til heimtu skaðabóta vegna vanefnda á samningsskuldbindingum aðila á grundvelli reglna um varnarþing í lögum um loftferðir. Að endingu er rétt að nefna að áskilnaður í flutningssamningi þar sem aðilar víkja frá ákvæðum Montreal-samningsins eða lögum um loftferðir um varnarþing er ógildur, sbr. 2. mgr. 111. gr. laga um loftferðir.

<sup>25</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Alþjóðleg lögsaga íslenskra dómstóla“ (n. 20) 123.

<sup>26</sup> Varnarþingsreglur laga um loftferðir eru í beinu samræmi við ákvæði Montreal-samningsins. 1. mgr. 33. gr. samningsins er svohljóðandi: „Skaðabótamál skal höfða, að vali stefnanda, á landsvæði eins aðildarríkis samnings þessa, annað hvort fyrir dómstóli þar sem flytjandinn á lögheimili eða þar sem hann hefur aðalskrifstofu sína eða útibú, sem gerði samninginn fyrir hans hönd, eða fyrir dómstóli á ákvörðunarstað“. 2. mgr. sömu greinar er eftirfarandi: „Heimilt er, að því er varðar skaðabætur vegna líf- eða líkamstjóns farþega, að höfða mál fyrir einum þeirra dómstóla sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða á landsvæði aðildarríkis samnings þessa þar sem farþeginn hafði aðalaðsetur og fasta búsetu þegar slysið varð og þangað og þaðan sem flytjandinn framkvæmir farþegaflutninga í lofti, annaðhvort með sínum eigin loftförum eða loftförum annars flytjanda samkvæmt viðskiptasamningi, og þar sem fyrrnefndur flytjandi stjórnar starfsemi sinni á sviði farþegaflutninga í lofti frá starfsstöð sem hann leigir eða á sjálfur eða annar flytjandi sem hann hefur viðskiptasamning við“. Ákvæði 46. gr. samningsins mælir fyrir um viðbótarlögsögu en þar segir að stefnandi getur að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir, beint bótakröfu sinni, að eigin vali hvort sem er gegn flytjanda í raun eða samningsbundna flytjandanum, saman eða hverjum fyrir sig að vali stefnanda á landsvæði einhvers aðildarríki samning þessa eða fyrir dómstól sem heimilt er að höfða mál fyrir gegn samningsbundna flytjandanum.

<sup>27</sup> Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 1439 - 945 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um aa-lið.

### 3.3 Lúganósamningurinn

#### 3.3.1 Hvers konar samningur er Lúganósamningurinn?

Með lögfestingu Íslands á Lúganósamningnum hefur löggjafinn samþykkt að deila alþjóðlegri lögsögu með dómstólum annarra ríkja á grundvelli þeirra reglna sem fram koma í samningnum.<sup>28</sup> Í umfjöllun um alþjóðlega lögsögu íslenskra dómstóla má aðgreina aðila sem eru búsettir erlendis í tvennt; þá sem eru búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu og þá sem eru búsettir utan þess. Í þeim tilvikum þegar málshöfðun beinist að aðila sem er búsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins gilda almennar reglur laga um meðferð einkamála um alþjóðlega lögsögu. Aftur á móti þegar málshöfðun beinist að aðila sem er búsettur innan Evrópska efnahagssvæðisins gilda varnarþingsreglur Lúganósamningsins.<sup>29</sup>

#### 3.3.2 Uppruni Lúganósamningsins

Aðdraganda Lúganósamningsins má rekja til samstarfs aðildarríkja Evrópusambandsins en ríkin gerðu samning þann 27. september 1968 sem hefur verið nefndur Brusselsamningurinn og fjallar um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum. Samningurinn var byggður á 220. gr. Rómarsáttmálans, það er stofnsamningi Evrópusambandsins en ákvæðið var hluti af tilraun ríkjanna til að samræma löggjöf sín á milli um ýmis tiltekin málefni.<sup>30</sup> Aðildarríki EFTA og Evrópusambandið sýndu sameiginlegan vilja til að setja á laggirnar samsvarandi reglur og kveðið var á um í Brusselsamningnum. Á þeim grundvelli og vegna vaxandi almenns áhuga á auknu samstarfi höfðu EFTA og Evrópusambandið samvinnu um að setja sameiginlegar reglur á öllu svæði aðildarríkjanna.<sup>31</sup> Afrakstur samvinnunnar var Lúganósamningurinn sem var undirritaður í Lúganó 16. september 1988.<sup>32</sup> Hér á landi var sá samningur lögfestur með lögum nr. 68/1995 um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum en nýr og endurskoðaður samningur var gerður í Lúganó 30. október 2007 og var hann lögfestur hérlandis með lögum nr. 7/2011. Nýi samningurinn er efnislega byggður á úrlausnum Brusselsamningsins frá árinu 1968 og Lúganósamningsins frá 1988.<sup>33</sup>

<sup>28</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Alþjóðleg lögsaga íslenskra dómstóla“ (n. 20) 108.

<sup>29</sup> Sama heimild 109.

<sup>30</sup> Alþt. 1994, A-deild, þskj. 497 - 328 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, 2. Aðdragandi Brusselsamnings og Lúganósamnings.

<sup>31</sup> Sama heimild.

<sup>32</sup> Alþt. 1994, A-deild, þskj. 497 - 328 mál, fylgiskjal.

<sup>33</sup> Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 265 - 234 mál, bókun nr. 2 um samræmda túlkun samningsins og um fastanefndina.



Vert er að nefna að Lúganósamningurinn er sjálfstæður þjóðréttarsamningur, annars vegar á milli Evrópusambandsins og hins vegar EFTA ríkjanna.<sup>34</sup> Þegar löggjafinn lögfesti núgildandi Lúganósamning var hafður sami háttur á og oft þegar fjölþjóðasamningar eru leiddir í lög hér á landi. Með lögnum var heimiluð fullgilding samningsins og samningurinn sjálfur látinn fylgja með sem fylgiskjal,<sup>35</sup> sbr. lög um Lúganósamninginn nr. 7/2011.

### 3.3.3 Varnarþingsreglur Lúganósamningsins

Lúganósamningurinn skiptist í VIII hluta sem aftur greinast í kafla og einstaka greinar. Segja má að meginefni hans lúti að reglum um varnarþing og reglur um viðurkenningu og fullnustu dóma.<sup>36</sup> Gildissvið Lúganósamningsins er afmarkað í 1. mgr. 1. gr. samningsins. Þar kemur fram að Lúganósamningurinn gildi aðeins á sviði einkamála, þar á meðal verslunarmála, án tillits til þess hvaða dómstóll fer með málið. Í ákvæðinu er einnig að finna upptalningu á því gildissviði sem samningnum er ekki ætlað að ná yfir og það eru; skattamál, tollamál og stjórnsýslumál. Einnig eru tiltekin réttarsvið sérstaklega undanskilin samkvæmt 2. mgr. 1. gr. samningsins og þau eru; persónuréttur, gjaldþrot, nauðasamningar og samsvarandi málsmeðferðir og almannatryggingar. Þá er einnig gerðardómur undanþeginn í sama ákvæði.

Í II. hluta Lúganósamningsins eru settar fram reglur um varnarþing. Almennar varnarþingsreglur eru í ákvæðum 2. gr. til 4. gr. samningsins. Meginreglan kemur fram í 2. gr. og kveður hún á um að lögsækja skuli menn sem eiga heimili í ríki sem er bundið af samningnum, fyrir dómstólum í því ríki, hvert sem ríkisfang þeirra er. Með öðrum orðum þá má lögsækja mann á heimilisvarnarþingi hans og skiptir þá ríkisfang engu máli í því sambandi.<sup>37</sup> Til frekari útskýringar á reglunni má nefna sem dæmi að hér á landi mætti lögsækja grískan ríkisborgara sem væri búsettur á Íslandi. Dómur á hendur honum væri þá bæði viðurkenndur og aðfararhæfur í öllum samningsríkjunum, jafnvel þótt hann flytji síðar til einhvers samningsríkjanna til dæmis Grikklands.<sup>38</sup> Það fer svo eftir almennum réttarfarsreglum í hverju samningsríki fyrir sig í hvaða dómstól innan íslenskrar lögsögu mál skal höfðað, nema samningurinn kveði á um annað.<sup>39</sup> Reglan um heimilisvarnarþing grundvallast á þeirri forsendu

<sup>34</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Varnarþingsreglur Lúganósamningsins“ (1999) 49 Tímarit lögfræðinga 317, 321.

<sup>35</sup> Eiríkur Elís Þorláksson, „Litis pendens áhrif í einkamálum samkvæmt lögum nr. 7/2011 um Lúganósamninginn“ (2014) 64 Tímarit lögfræðinga 219, 221.

<sup>36</sup> Sama heimild 222.

<sup>37</sup> Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 265 - 234 mál, 4.2. Varnarþing, 4.2.1. Almennar reglur um varnarþing (2.-4.).

<sup>38</sup> Alþt. 2004, A-deild, þskj. 497 – 328 mál, Athugasemdir við lagafrumvarp þetta, 7.2.1. Almennt varnarþing (2.-4. gr.).

<sup>39</sup> Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 265 - 234 mál, 4.2. Varnarþing, 4.2.1. Almennar reglur um varnarþing (2.-4.).

að heimili manna í ríki sem er aðili að Lúganósamningnum skapi nægileg tengsl til að réttlætningar á því að viðkomandi aðila er gert að hlíta dómi í því aðildarríki. Á sama tíma er bannað að beita aðila misrétti er varðar varnarþing í þeim tilvikum þegar viðkomandi er búsettur í samningsríki en er ekki ríkisborgari þess ríkis. Þessi regla er í beinu samræmi við meginreglu alþjóðlegs einkamálaréttar.<sup>40</sup> Þess ber einnig að geta í tengslum við umfjöllun um heimilisvarnarþing að hugtakið heimili<sup>41</sup> hefur grundvallarþýðingu þegar varnarþingsreglum Lúganósamningsins er beitt. Í samningnum er þó ekki að finna neina skilgreiningu á því hugtaki. Fyrir fram var vitað að aðildarríki leggja mismunandi skilning í hugtakið. Af þeirri ástæðu var valin sú leið að setja fram lagaskilareglu sem vísar til landsréttar þegar kemur að ákvörðun um það hvar aðili telst eiga heimili, sbr. 59. gr. Lúganósamningsins.<sup>42</sup> Aðeins er heimilt að lögsækja einstakling utan þess samningsríkis þar sem hann á heimili eftir þeim reglum um varnarþing sem fram koma í 2. til 7. kafla II. hluta samningsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. Lúganósamningsins. Í samningnum eru reglur um varnarþing tæmandi upp taldar sem hefur meðal annars þá þýðingu að engum íslenskum reglum um alþjóðlegt varnarþing má lengur beita gegn íbúum þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum í þeim málum sem falla undir samninginn, sbr. 3. gr. Lúganósamningsins. Að því sögðu verður ákvæði 4. mgr. 32. gr. einkamála<sup>43</sup> ekki beitt gegn aðila sem á heimili í aðildarríki samningsins eftir lögfestingu hans, sbr. 2. mgr. 3. gr. og viðauka I.<sup>44</sup> Allar hefðbundnar alþjóðlegar reglur um varnarþing gilda samkvæmt Lúganósamningnum gagnvart þeim sem ekki eru búsettir í samningsríki. Þetta á einnig við um þær alþjóðlegu varnarþingsreglur sem eru í gildi á grundvelli 4. gr. samningsins. Framangreint hefur þá þýðingu að dómur sem er kveðinn upp í samningsríki á þeim forsendum hefur full réttaráhrif í öðrum samningsríkjum.<sup>45</sup>

Sérstöku varnarþingsreglurnar eru í ákvæðum 5. gr. til 7. gr. Lúganósamningsins. Með sérstöku varnarþingi er átt við að í ákveðnum tilvikum má lögsækja aðila í einu samningsríki þótt hann sé búsettur í öðru samningsríki. Segja má að meginreglan um heimilisvarnarþing samkvæmt 2. gr. Lúganósamningsins byggja á tengslum varnaraðila við ákveðið ríki en reglurnar um sérstök varnarþing byggja á tilteknum tengslum sakarefnis við það ríki. Þetta hefur þá

---

<sup>40</sup> Alþjóðleg tilvísun til hugtaksins er actor sequitur forum rei.

<sup>41</sup> E. domicil.

<sup>42</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Varnarþingsreglur Lúganósamningsins“ (n. 34) 330.

<sup>43</sup> Ákvæðið er svohljóðandi: „Sækja má mann, sem er búsettur erlendis, í þeirri þinghá þar sem hann er staddur við birtingu stefnu ef mál varðar fjárskyldu hans við mann sem er búsettur hér á landi eða félag, stofnun eða samtök sem eiga varnarþing hér“.

<sup>44</sup> Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 265 - 234 mál, 4.2. Varnarþing, 4.2.1. Almennar reglur um varnarþing (2.-4. gr.).

<sup>45</sup> Sama heimild.

þýðingu að sóknaraðili hefur val um það hvort hann lögsæki varnaraðila máls á heimilisvarnarþingi, sbr. 2. gr. samningsins eða á sérstöku varnarþingi, sbr. 5. gr. samningsins.<sup>46</sup> Í skaðabótamálum utan samninga er heimilt að höfða mál þar sem tjónsatburður átti sér stað, það er á brotavarnarþingi, sbr. 3. mgr. 5. gr. Lúganósamningsins.

Í sjöunda kafla Lúganósamningsins er að finna ákvæði sem lýtur að samningum um varnarþing, sbr. 23. gr. samningsins. Samkvæmt ákvæðinu er aðilum heimilt að gera samninga um varnarþing ef samningurinn fullnægir áskilnaði 23. gr. samningsins. Skilyrðin eru að minnsta kosti að annar samningsaðili eða einn þeirra eigi heimili í samningsríki, að aðilar hafi í samningnum vísað til tiltekins dómstóls eða dómstóla í samningsríki eða samningurinn sé gerður í tengslum við ágreining sem þegar er risinn eða kann að rísa í tengslum við tiltekin lögskipti. Jafnframt má gera ráð fyrir því að það geti talist skilyrði samkvæmt samningnum að réttarsamband aðila hafi alþjóðleg tengsl í ljósi þess að samningurinn tekur einungis til mála sem hafa alþjóðlega skírskotun, þótt þess sé ekki beinlínis getið í 23. gr. samningsins.<sup>47</sup> Í viðleitni til þess að fara ekki út fyrir umfjöllunarefni ritgerðarinnar verður ekki nánari umfjöllun um varnarþing Lúganósamningsins í tengslum við vátryggingarmál, neytendamál eða önnur varnarþing samningsins þar sem þau hafa enga þýðingu fyrir ritgerðarefnið.

Lúganósamningurinn hefur að geyma alþjóðlegar varnarþingsreglur. Samningurinn var lögfestur í heild sinni, sbr. 2. gr. laga um Lúganósamninginn nr. 7/2011. Af því leiðir að reglur Lúganósamningsins koma í stað samsvarandi reglna landsréttar þegar mál fellur undir samninginn. Þetta hefur þá þýðingu að varnarþingsreglur samningsins eru sérreglur gagnvart varnarþingsreglum í IV. kafla einkamálalaga og ganga því framár. Reglur landsréttar eru þó samningnum til fyllingar og gæta verður þess að túlkun á landsrétti verði skýrð til samræmis við Lúganósamninginn.<sup>48</sup> Þess ber einnig að geta að dómara er skylt að beita ákvæðum samningsins af sjálfsdáðum í þeim tilvikum þar sem hann á við.<sup>49</sup> Samkvæmt þessu má draga þá ályktun að þegar málshöfðun beinist gegn aðila sem er búsettur innan Evrópska efnahagssvæðisins gildi varnarþingsreglur Lúganósamningsins.

---

<sup>46</sup> Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 265 - 234 mál, 4.2. Varnarþing, 4.2.2. Sérstök varnarþing (5.-7. gr.).

<sup>47</sup> Sama heimild. Sjá einnig: P Jenard, „Report on the Convention on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters“ (5. mars 1979) C 59 8.

<sup>48</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Varnarþingsreglur Lúganósamningsins“ (n. 34) 321.

<sup>49</sup> Jenard (n. 47) 8.

### 3.4 Varnarþingsreglur laga um loftferðir og samspil þeirra við varnarþingsreglur Lúganósamningsins

Að framansögðu er ljóst að varnarþingsreglur 115. gr. laga um loftferðir eru sérreglur gagnvart meginreglum íslensks réttarfars um varnarþing sem fram koma í IV. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Er hér átt við þær aðstæður þegar málshöfðun byggir á skaðabótum í tengslum við loftflutning. Það sama er uppi á teningnum varðandi varnarþingsreglur Lúganósamningsins, þegar mál fellur undir hann, en varnarþingsreglur samningsins eru sérreglur gagnvart varnarþingsreglum í IV. kafla einkamálalaga. Fram kemur í 2. mgr. 43. gr. einkamálalaga að ákvæði IV. kafla einkamálalaga um varnarþing raski ekki gildi sérreglna um varnarþing eftir öðrum lögum.<sup>50</sup> Að öðru leyti er ekki að finna aðra afstöðu til sérreglna um varnarþing í íslenskum lögum. Framangreint leiðir óhjákvæmilega til þess að staða þessara reglna um varnarþing verði skýrð frekar.

Varnarþingsreglur Lúganósamningsins eru tæmandi upp taldar sem hefur þá þýðingu að engum öðrum íslenskum reglum um alþjóðlegt varnarþing má lengur beita gegn íbúum þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum í þeim málaflokkum sem falla undir gildissvið samningsins, sbr. 3. gr. samningsins.<sup>51</sup> Ljóst er að samningurinn sjálfur er afdráttarlaus um þetta atriði. Nauðsynlegt er þó að hafa nokkur orð um orðaval í ákvæðum samningsins, bæði þegar um er að ræða almenn varnarþing og sérstök varnarþing. Í ákvæðunum er ávallt tilgreint hvort um sé að ræða „mann eða menn“ í tengslum við varnarþingin. Ákvæðin eiga einnig við um lögaðila, sbr. 1. mgr. 60. gr. Lúganósamningsins. Þegar ákvæðum samningsins er beitt um félag eða lögpersónu skal telja heimili þeirra þar sem aðsetur félagsins eða lögpersónunnar er, höfuðstöðvar þeirra eru eða meginstarfsemi þeirra fer fram. Af þessu má ráða að sóknaraðila ber að beita varnarþingsreglum Lúganósamningsins gegn íslensku flugfélagi í skaðabótamáli vegna vanefndar á samningsskuldbindingum aðila. Það leiðir af 3. gr. Lúganósamningsins að reglur um varnarþing samningsins, þegar þær eiga við, gangi framar öllum öðrum reglum um alþjóðlega lögsögu.

Í VII. hluta Lúganósamningsins er meðal annars að finna afstöðu samningsins til annarra samninga. Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. Lúganósamningsins hefur samningurinn ekki áhrif á samninga sem binda aðildarríkin sem bundin eru af Lúganósamningnum og ákvarða dómssvald,

---

<sup>50</sup> Lex specialis, það er að sérreglur gangar framar almennum reglum.

<sup>51</sup> Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 265 - 234 mál, 4.2. Varnarþing, 4.2.1. Almennar reglur um varnarþing (2.-4. gr.).

viðurkenningu eða fullnustu dóma á tilteknum sviðum. Hvorki í lögum um Lúganósamninginn né í frumvarpinu sem varð að lögum er að finna nánari skilgreiningu á því hvað felst orðasambandinu „tilteknum sviðum“ og engin dómafordæmi fyrirfinnast í íslenskum rétti að þessu leyti. Samkvæmt eldri Lúganósamningnum nr. 68/1995 um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, kom fram í 1. mgr. 57. gr., að samningurinn hefði ekki áhrif á samninga sem samningsríkin voru eða urðu aðilar að og ákvörðuðu dómsvald, viðurkenningu eða fullnustu á ákveðnum sviðum. Ákvæðið náði yfir sérsamninga sem vörðuðu efni sem féll undir Lúganósamninginn og var þar af leiðandi ekki undanþegið gildissviði samningsins. Um var að ræða samninga sem samningsríkin hafa fullgilt, til dæmis á sviði flutningaréttar, hugverkaréttar, sífjaréttar og varðandi ábyrgð á kjarnorku- og olíuslysum.<sup>52</sup> Í greinargerð sem er eitt þýðingarmesta skýringargagn eldri Lúganósamningsins, er að finna yfirlit yfir samninga sem Lúganósamningurinn hefur ekki áhrif á. Þar er til dæmis að finna „The Warsaw Convention of 12 October 1929 for the unification of certain rules relating to international carriage by air and the Amending Protocol of 28 September 1955 and Supplementary Convention of 18 September 1961 (all nine States) with the Additional Protocols of 8 March 1971 and 25 September 1975 ...“. Greinargerðin er frá árinu 1979 og byggir á eldri Lúganósamningnum.<sup>53</sup> Framangreint kann að gefa ákveðna vísbendingu um núgildandi rétt. Jafnframt ber að leggja til grundvallar að niðurstöðu almennt orðalag í ákvæðinu. Loftflutningar eru í eðli sínu afar alþjóðleg starfsemi og heyra undir sérstakt svið. Að þessu virtu má halda fram að varnarþingsreglur, byggðar á Montreal-samningnum, sbr. 115. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, séu einn af þeim samningum sem Lúganósamningurinn hefur ekki áhrif á, sbr. 1. mgr. 67. gr. samningsins. Á þeim forsendum má segja að sóknaraðili í skaðabótamáli gegn íslensku flugfélagi geti valið um það hvort hann beiti varnarþingsreglum Lúganósamningsins eða varnarþingsreglum laga um loftferðir.

---

<sup>52</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Varnarþingsreglur Lúganósamningsins“ (n. 34) 329.

<sup>53</sup> Peter Schlosser, „Report on the Convention on the Association of the Kingdom of Denmark, Ireland and the Convention on jurisdiction and the enforcement of judgements in civil and commercial matters and the Protocol on its interpretation by the Court of Justice“ (5. mars 1979) C 59 150–151.

## **4. Eldra réttarástand íslensks réttar og sjónarmið að baki reglum um lagaskil á sviði samningaréttar**

### **4.1 Inngangur**

Í lagaskilareglum innan samninga hafa margir lagalegir þættir verulega þýðingu við úrlausn ágreinings, svo sem hvar skyldur samkvæmt samningi eru, lögheimili eða ríkisfang aðila samnings, tengsl aðila við sakarefnið eða hvar starfsstöð viðkomandi samningsaðila er og svo framvegis. Jafnframt geta mörg samningaréttarleg álitamál komið til athugunar í hverju máli fyrir sig eins og til dæmis, hvort til samnings hafi stofnast, hvernig skuli túlka hann eða hvort ógilda eigi samninginn. Þá geta ólíkar tegundir samninga leitt til mismunandi túlkunar lagaskilareglna.<sup>54</sup> Um réttarsamband aðila innan samninga gilda lög um lagaskil nr. 43/2000. Lögin byggja á samevrópskum reglum sem gefnar voru út með Rómarsamningnum sem undirritaður var 19. júní árið 1980.<sup>55</sup> Samningurinn hefur þó verið felldur úr gildi með tilkomu nýrrar reglugerðar Evrópusambandsins, Rómarreglugerðinni.<sup>56</sup> Þetta hefur þá þýðingu að eftir stendur að íslensku lögin eru byggð á Rómarsamningnum og hvað varðar Rómarreglugerðina þá eru aðeins aðildarríki Evrópusambandsins bundin af þeirri reglugerð. Af því leiðir að Ísland er ekki bundið af reglugerðinni. Hins vegar hefur komið fram af hálfu löggjafans að lögfesting ákvæðanna, byggð á Rómarsamningnum, sé liður í því að samræma íslenska löggjöf og lagaframkvæmd að ríkjum Evrópubandalagsins.<sup>57</sup> Að því sögðu er vert að líta til túlkunar og skýringar á ákvæðum Rómarreglugerðarinnar, þar sem reglugerðin leysti af hólmi Rómarsamninginn. Það á sérstaklega við þar sem löggjafinn hefur þann yfirlýsta vilja að lög um lagaskil nr. 43/2000 séu í samræmi við önnur ríki Evrópu. Í köflum 4.2 og 4.3 verður bæði fjallað um samninginn og reglugerðina með ítarlegri hætti.

Fræðimenn hefur greint á um það hvort reglur um lagaskil á sviði samningaréttar eigi að vera fastmótaðar eða hvort niðurstaða í hverju máli fyrir sig eigi að vera háð heildstæðu mati á atvikum. Til skýringar á framangreindu má nefna helstu gagnstæðu kenningar sem kunnugt er um en þær voru settar fram af tveimur bandarískum fræðimönnum. Annar þeirra er Joseph H. Beale en hann aðhyllist það að beita eigi tiltekinni og fastmótaðri reglu. Hann grundvallaði sína kenningu á því að beita eigi réttarreglum þess lands þar sem samningur var gerður. Hann

<sup>54</sup> Eiríkur Elís Þorláksson (n. 15) 10–11.

<sup>55</sup> E. Rome Convention: Convention on the Law Applicable to Contractual Obligations opened for signature in Rome on 19 June 1980, (80/934/EEC). OJ L 266. Hér eftir Rómarsamningurinn.

<sup>56</sup> E. Rome I Regulation.

<sup>57</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, kafla III.

telur að lyktir mála eigi að ráðast af þessum eina tengslabætti, nema í vissum tilvikum, þá eigi að beita réttarreglum efnastaðar samnings.<sup>58</sup> Hinn fræðimaðurinn David F. Cavers, hann aðhyllist matskenndri niðurstöðu fremur en fastmótaða reglu. Hann vill byggja lyktir mála á hagnýtri meginreglu sem eftirlætur dómaramum að leita uppi rétta niðurstöðu í hverju máli fyrir sig með því að meta tengslabáttinn þannig að efnisleg niðurstaða ráðist af réttarreglum þess lands sem matið leiðir til.<sup>59</sup> Mitt á milli þessara tveggja ólíku kenninga má segja að kenningin um sterkustu tengslin liggir. Samkvæmt henni er dómara falið að meta í hverju máli fyrir sig hvers lands lögum samningur hefur sterkust tengsl við án þess að niðurstaða hans einskorðist við eigin geðþótta þar sem hendur dómarsins eru bundnar að því leyti að hann hefur ekki heimild til að taka inn í mat sitt annað en tiltekin tengsl aðila samnings.<sup>60</sup> Sem dæmi um framangreint má nefna 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000.

#### 4.2 Rómarsamningurinn frá 19. júní 1980

Rómarsamningurinn hefur að geyma lagaskilareglur samningsskuldbindinga sem tengjast fleiri en einu landi þegar á það reynir hvers lands lögum skuli beita í lögskiptum samningsaðila. Flestar tegundir samninga sem og einhliða skuldbindingar af samningarréttarlegum toga falla undir gildissvið hans. Þá er einnig að finna reglur um það hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitaefna sem snúa að samningagerðinni sjálfri.<sup>61</sup> Tilgangurinn með setningu Rómarsamningsins var að festa í sessi og styrkja samræmdar reglur á sviði samningaréttar ásamt því að draga úr lagalegri óvissu á réttarsviðinu.<sup>62</sup> Upphaf samningsins má rekja til áðurgreinds Brusselsamnings frá árinu 1968 um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum en Rómarsamningurinn var talinn eðlilegt framhald af honum. Rómarsamningurinn byggir sumpart á stofnsáttmála EBE og á 220. gr. Rómarsáttmála, þótt ekki sé vísað berum orðum til þess í honum. Aðildarríkjum Evrópusambandsins er skylt að vera aðili að samningnum. Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 43/2000 kemur fram að þátttaka Íslands í EES og þar með innri markaði Evrópusambandsins hefur leitt til aukningar á viðskiptum milli

<sup>58</sup> Joseph H Beale, *A treatise on the conflict of laws* (Baker, Voorhis & Co 1935) 1090.

<sup>59</sup> David F Cavers, „A critique of the choice of law problem“ (1933) 47 *Harvard law review* 173, 187–197.

<sup>60</sup> Ole Lando, *Kontraktstatuttet: the proper law of the contract : hovedpunkter af den internationale kontraktrets alm. del* (København 1962) 331.

<sup>61</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, kafli I.

<sup>62</sup> Mario Giuliano og Paul Lagarde, „Report on the Convention on the law applicable to contractual obligations“ (31. október 1980) No C 282/1 4–5 <<https://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:1980:282:0001:0050:EN:PDF>> skoðað 9. janúar 2018. Mario Giuliano og Paul Lagarde, „Report on the Convention on the law applicable to contractual obligations“ (31. október 1980) No C 282/1 4–5 <<https://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:1980:282:0001:0050:EN:PDF>> skoðað 28. ágúst 2018.

íslenskra aðila og aðila í öðrum ríkjum EES og þar segir að reikna megi með enn frekari aukningu í framtíðinni. Af þessari ástæðu var talið mikilvægt að íslenskar lagaskilareglur um samningskuldbindingar yrðu samræmdar þeim reglum sem um þetta gilda í aðildarríkjum Evrópusambandsins.<sup>63</sup> Samkvæmt áður nefndu ákvæði í 220. gr. Rómasáttmálans skuldbinda aðildarríki hans sig til þess að ganga til samninga hvert við annað til að tryggja vernd aðila þannig að þeir njóti allra þeirra réttinda og réttarverndar með sömu skilmálum og hvert ríki veitir sínum eigin ríkisborgurum, þar á meðal með einföldun formsatriða sem gilda um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma, dómstóla og gerðardóma.

### 4.3 Rómarreglugerðin frá 17. júní 2008

Rómarsamningurinn sem kafli 4.2 grundvallast á hefur verið leystur af hólmi með tilkomu Rómarreglugerðarinnar sem tók gildi hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins þann 20. júní árið 2008 og gildir um alla samninga sem gerðir eru eftir 17. desember 2009. Ísland hefur hvorki tekið upp reglugerðina inn í sinn landsrétt né er hún hluti af EES samningnum af því leiðir er Ísland ekki bundið af reglugerðinni.<sup>64</sup> Markmiðið með setningu Rómarreglugerðarinnar var í raun óbreytt frá forvera hennar, Rómarsamningnum, það er að skapa jöfnuð og samræmdar reglur á sviði lagaskilaréttar innan Evrópusambandsins. Innri markaður sambandsins var ekki talinn geta virkað sem skyldi nema samræmi verði í reglunum, sbr. 6. gr. aðfaraorða Rómarreglugerðarinnar. Þá eru reglurnar einnig í samræmi við önnur svið alþjóðlegs einkamálaréttar, til dæmis er lýtur að fullnustu dóma og reglum um varnarþing.<sup>65</sup>

Í aðfaraorðum Rómarreglugerðarinnar er grundvallarreglum hennar lýst með almennum orðum sem í stuttu máli ráða að samræmist því sem byggt var á í Rómarsamningnum. Þar segir að samningsfrelsi manna sem feli meðal annars í sér að aðilar geti samið sín á milli hvers lands lögum skuli beita í lögskiptum þeirra, gildi áfram fullum fetum sem meginatriði Rómarreglugerðarinnar, sbr. 11. gr. aðfaraorðanna. Í þeim tilfellum þegar aðilar hafa ekki samið um hvaða réttarreglur eigi að gilda um samning þeirra skuli líta til tegundar samnings, hvaða aðili samnings eigi að inna af hendi aðalskyldu eða við hvaða land samningur hefur nánustu tengslin, sbr. 19. og 20. gr. aðfaraorðanna. Ofangreind tilvik eru atriði í Rómarreglugerðinni sem hefur verið breytt frá Rómarsamningnum þó að efnisatriðin séu eðlislík. Tilgangurinn með

---

<sup>63</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, kafli I.

<sup>64</sup> Eiríkur Elís Þorláksson (n. 15) 12.

<sup>65</sup> Sama heimild 12-13.



setningu Rómareglugerðarinnar var að endurbæta og sníða af þá annmarka sem talið var að væru á Rómarsamningnum.<sup>66</sup>

#### 4.4 Lög nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar

Þann 26. maí árið 2000 tóku í gildi lög um lagaskil nr. 43/2000. Með lögfestingunni voru innleiddar í íslenskan rétt lagaskilareglur um það hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitafna sem kunna að rísa um samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi. Fram að setningu laganna var ekki til að dreifa settum rétti á þessu sviði hér á landi. Segja má að almennt hafi verið gengið út frá því að aðilum samnings væri heimilt að semja um það hvers lands lög eigi að gilda í lögskiptum þeirra en þó með þeim fyrirvara að í ákveðnum tilvikum gætu dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að önnur lög eigi að gilda en aðilar samnings hafi samið um, sbr. eftirfarandi ummæli dómstóla:

*Hrd. 21. desember 1982 í máli nr. 26/1980.* „Málsaðilar eru á einu máli um að beita beri íslenskum réttarreglum um sakarefni það, sem hér er til úrlausnar. Er á það fallist, eins og mál þetta horfir við“.

*Hrd. 27. september 1983 í máli nr. 80/1981.* „Þar sem hvorugur málsaðila ber þessa skilmála fyrir sig, koma þeir ekki til álita í málinu. Ber því að dæma mál þetta eftir íslenskum lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922 ...“.

Að teknu tilliti til framangreindra ummæla dómstóla má ráða að lagaval kann að sæta ákveðnum aðfinnslum af hálfu dómstóla í ákveðnum tilvikum. Lagaval þarf að hafa ákveðin tengsl við aðila samnings. Samkvæmt þessu er ljóst að eldra réttarástand er í beinu samræmi við lagaskilareglur alþjóðlegs einkamálaréttar á sviði samningaréttar, sbr. lög um lagaskil nr. 43/2000.

Lög um lagaskil nr. 43/2000 eru byggð á Rómarsamningnum og sú leið var valin að fylgja ákvæðum hans í öllum helstu atriðum að undanskildu ákvæði 23. gr. Rómarsamningsins sem var sleppt en það ákvæði varðaði heimildir einstakra samningsríkja til að gera fyrirvara við ákvæði 7. gr. og 10. gr. svo og ákvæðum III. kafla sem varða endurskoðun samningsins, undirritun og fleira. Ákvæði 18. gr. Rómarsamningsins sem varðar túlkun ákvæða hans var einnig sleppt. Látið var nægja að tilgreina í frumvarpinu þau sjónarmið sem telja má eðlilegt að lögð verði til grundvallar túlkun ákvæðanna. Þá voru einstök ákvæði staðfærð og aðlöguð að íslenskum aðstæðum en að öðru leyti eru allar efnisreglur Rómarsamningsins óbreyttar í lögum

---

<sup>66</sup> Sama heimild 13.

um lagaskil nr. 43/2000. Tekið er fram í frumvarpinu að túlkun ákvæðanna og beiting sé samkvæmt þeim aðferðum og sjónarmiðum sem tíðkast almennt í íslenskum rétti. Þó ber að líta til þess að lögfesting ákvæðanna er liður í því að samræma íslenska löggjöf og lagaframkvæmd að ríkjum Evrópusambandsins. Af því leiðir að túlkun ákvæðanna og framkvæmd verður samræmd Rómarsamningnum. Við skýringu laganna verður að styðjast við lögskýringargögn og umfjöllun fræðimanna um skýringu á samsvarandi ákvæðum Rómarsamningsins og erlendra dómafordæma án þess þó að íslenskir dómstólar séu bundnir af dómsúrlausnum EB dómstólsins eða úrlausnum dómstóla aðildarríkja sem eru aðilar að Rómarsamningnum.<sup>67</sup> Með Rómarsamningnum var lögð fram ítarleg skýrsla tveggja prófessora, Ítalans Mario Guiliano og Frakkans Paul Lagarde.<sup>68</sup> Skýrslan hefur haft mikla þýðingu við skýringu á Rómarsamningnum og hefur verið litið til hennar í skýringum fræðimanna og í réttarframkvæmd erlendis. Að teknu tilliti til þess, að lög um lagaskil nr. 43/2000 eru eftirbreytni Rómarsamningsins er enginn vafi á því að skýrsla prófessoranna hefur vægi við skýringu laganna.<sup>69</sup>

## **5. Gildissvið laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar og réttarsvið**

### **5.1 Inngangur**

Loftflutningar grundvallast á samningi milli flytjanda og farþega eða eiganda farms. Flutningur frá einu landi til annars leiðir óhjákvæmilega til þess að áætlaður áfangastaður er staðsettur á mismunandi stöðum jarðríkis. Afleiðing þessa er að álitamál sem kunna að rísa af þessu samningssambandi geta haft tengsl við fleiri en eitt land. Í slíkum tilvikum gilda lög um lagaskil nr. 43/2000 um réttarsamband aðila innan samninga og áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að skilgreina gildissvið laganna, sbr. kafli 5.2.

Byggt er á því að vanefnd á samningi aðila um loftflutning teljist alla jafna til samningsábyrgðar. Dæmi um slíkt er þegar flugi er aflýst eða því er seinkað eða þegar ferðataska eða farmur skilar sér ekki á réttum tíma. Hins vegar er ekki eins augljóst hvort um samningsábyrgð er að ræða í því tilviki þegar ferðataska eða farmur glatast í umsjá flugfélags. Um þetta verður fjallað í kafla 5.3.

<sup>67</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, kafli III.

<sup>68</sup> Giuliano og Lagarde (n. 62) 1 og áfram.

<sup>69</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Lagaskil á sviði samningaréttar“ (2003) 53 Tímarit lögfræðinga 137, 140.

## 5.2 Gildissvið laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 eiga lögum við um allar einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar taka þarf afstöðu til þess hvers lands lögum skuli beitt. Nánar tiltekið á samningur að uppfylla tvö skilyrði til þess að falla undir gildissvið laganna. Í fyrsta lagi þarf hann að fela í sér samningsskuldbindingu og í öðru lagi verður að vera álitamál hvers lands lögum skuli beita. Hugtakið „samningsskuldbinding“ er hvorki skilgreind í lögum um lagaskil nr. 43/2000 né í frumvarpinu sem varð að lögum. Hugtakið ber að skýra sjálfstæðri skýringu og sú afstaða kemur augljóslega fram í frumvarpinu. Þar segir að jafnframt sé tekið mið af viðhorfum fræðimanna sem fjallað hafa um túlkun á ákvæðum Rómarsamningsins. Meginviðhorf þeirra er að hugtakið samningsskuldbinding sé Evrópuréttarlegs eðlis. Þetta hefur þá þýðingu að inntak hugtaksins ákvarðast af Evrópuréttinum en ekki lögum einstakra aðildarríkja samningsins. Það hefur því ekki sjálfstæða þýðingu við mat á því hvort um samningsskuldbindingu sé að ræða hvaða skilningur er lagður í hugtakið í íslenskum rétti. Almenn skilgreining Evrópuréttarins á samningsskuldbindingum eru skuldbindingar sem aðili hefur tekið á sig af fúsum og frjálsum vilja.<sup>70</sup> Ef túlkun hugtaksins fer eftir lögum einstakra ríkja getur það leitt til misræmis í réttarframkvæmd, sér í lagi þegar litið er til ákvörðunar hvers ríkis hvort um er að ræða skyldur innan eða utan samninga en það kann að vera frábrugðið frá einu ríki til annars.<sup>71</sup>

Eins og þegar hefur komið fram þá er meginumfjöllunarefni þessarar ritgerðar lagaval innan samninga þegar mál hefur tengsl við fleiri en eitt land. Þeir samningar sem lagðir eru til grundvallar eru farseðill, farangursmiði og flugfarmbréf þegar um farmflutning er að ræða.<sup>72</sup> Þegar aðili kaupir sér flugmiða eða farmflutning til eins eða fleiri áfangastaða flugfélags hefur viðkomandi gert samning við það flugfélag sem hyggst flytja hann eða farminn á áfangastað. Samkvæmt 89. gr. og 90. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 er kominn á samningur þegar flytjandi hefur afhent farseðil, farangursmiða og flugfarmbréf. Samkvæmt íslenskum lögum er því ótvírætt kominn á samningur milli tveggja aðila. Að framansögðu er einnig nauðsynlegt að meta hvort samningsskuldbindingin falli undir skilgreiningu Evrópuréttarins. Alla jafna kaupa

---

<sup>70</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 1. gr.

<sup>71</sup> Geoffrey Chevalier Cheshire, *Cheshire and North's Private International Law* (12. útg., Butterworth 1992) 543–544.

<sup>72</sup> Hér eftir kann að vera vísað til þessa tegund samnings sem farmflutning.

aðilar sér flugmiða eða farmflutning af fúsum og frjálsum vilja. Að því sögðu er enginn vafi á því að tilgreint samningssamband fellur einnig undir almenna skilgreiningu Evrópuréttarins.<sup>73</sup>

Annað skilyrði sem lögin áskilja er að álitamál er um það hvers lands lögum skuli vera beitt. Flutningur frá einu landi til annars leiðir að minnsta að kosti til tengsla við tvö lönd; land brottfarastaðar og það land sem áætlaður áfangastaður er staðsettur. Þá geta einnig verið fleiri viðkomustaðir áður en áætluðum áfangastað er náð. Umfjöllunin tekur mið af því að um íslenskt flugfélag sé að ræða en hinn samningsaðilinn getur verið erlendur ríkisborgari eða með heimilisfesti erlendis. Samningur kann að vera gerður erlendis, jafnvel í gegnum fjarskiptabúnað erlendis. Fullyrða má að vanefnd á samningssambandi aðila<sup>74</sup> geti orðið hvar sem er í heiminum og í þeim tilvikum geti erlent ríki gert tilkall til þess að lögum þess lands verði beitt um réttarágreiðing aðila. Lög um lagaskil nr. 43/2000 gera ráð fyrir þessu.

### 5.3 Heimfærsla til réttarsviðs

Viðtekin venja hefur tíðkast í norrænni lögfræði, að fjalla um skaðabótareglur í tveimur greinum lögfræðinnar, það er í skaðabótarétti og kröfurétti. Í síðarnefndu greininni er fjallað um skaðabætur innan samninga, skilyrði fyrir því að hægt sé að krefjast þeirra, ákvörðun um fjárhæð, kröfuna sjálfa og fleira. Í öllum tilvikum á þessu réttarsviði er um að ræða rétt til skaðabóta vegna vanefnda á samningi, svonefnda samningsábyrgð. Á sviði skaðabótaréttar er fjallað um skaðabótareglur sem ekki eiga rætur að rekja til vanefnda á samningi. Í flestum tilvikum er um ræða aðstæður þar sem ekkert réttarsamband er á milli aðilanna heldur stofnast það fyrst við hinn skaðabótaskylda atburð.<sup>75</sup> Aðgreiningin er ekki háð tilviljun heldur er hún reist af veigamiklum rökum. Það vegur þyngst að samningssambandið hefur áhrif á efni skaðabótareglanna sem beitt er á annan veg eða á öðrum forsendum í kröfurétti heldur en skaðabótarétti. Þrátt fyrir framangreint má einnig hafa uppi rök fyrir því að fjalla um þessi atriði í sömu grein, en þau eru að undirstaða skaðabóta sé oft hin sama, það er að fyrir hendi sé sagnæm háttsemi hjá þeim sem veldur tjóninu.<sup>76</sup> Oft á tíðum eru skýr skil milli tilvika, sem felld eru undir reglurnar, skaðabætur utan samninga og skaðabætur innan samninga, svo ekki verður

---

<sup>73</sup> Undir eðlilegum kringumstæðum kaupa aðilar sér flugmiða, farangursmiða eða farmflutning hjá flugfélagi af fúsum og frjálsum vilja. Athugun um ólögmeta löggeringa á ekki við í tengslum við umfjöllunarefni ritgerðarinnar.

<sup>74</sup> Samkvæmt samning á flugfélag að koma farþega eða farni á áfangastað. Um leið og samningur er gerður innir farþegi eða eigandi farms af hendi peningagreiðslu. Að því sögðu getur ekki orðið vanefnd að hálfu farþega eða eiganda farms hvort sem viðkomandi mætir ekki í flugið eða afhendir ekki farminn.

<sup>75</sup> Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Codex 2005) 45.

<sup>76</sup> Anders Vinding Kruse, *Erstatningsretten* (5. útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag 1989) 26.

um það villst hvoru regluverkinu eigi að beita. Hins vegar í þeim tilvikum þar sem heimfærsla til réttarsviðs er ekki augljós verður að gæta þess að skipting reglnanna í tvær greinar ráði ekki án nokkurrar athugunar úrslitum um niðurstöðu, heldur verði að rannsaka atvik í hverju tilviki fyrir sig.<sup>77</sup> Vanefnd flugfélags á samningsskuldbindingum þegar um er að ræða farseðil, farangursmiða eða farmflutning er til dæmis það tilvik þegar viðkomandi farþegi eða farmur fer ekki á áætlaðan áfangastað á umsömdum tíma.

Þegar um er að ræða einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi og álitamál er hvers lands lögum skuli beita gilda lög um lagaskil nr. 43/2000 en ef um er ræða rétt til skaðabóta utan samninga gilda skaðabótalög nr. 50/1993. Hér á eftir verður tekin afstaða til þess hvort að glötuð ferðataska eða glataður farmur sé vanefnd innan samninga eða utan samninga. Til útskýringar á athuguninni má nefna það tilvik ef einstaklingur verður fyrir tjóni vegna þess að íslenskt flugfélag vanefnir samning þeirra og ferðataska eða farmur glatast í umsjá flugfélagsins.<sup>78</sup> Hér á eftir verður tekin afstaða til þess hvort réttur viðkomandi til bóta í þessu tiltekna tilviki sé metinn á grundvelli reglna kröfuréttar eða skaðabótaréttar.

### ***5.3.1 Sameiginlegur grundvöllur reglna um skaðabætur innan og utan samninga sem og mörk þeirra***

Í viðleitni til að leita svara við framangreindu álitaefni ber að athuga hvað er sameiginlegt með reglum um skaðabætur innan samninga og utan samninga og hvað ákvarðar mörk þeirra. Það sem er samhljóða með þessum tveimur flokkum reglna er að með þeim er stefnt að sama markmiði. Um er að ræða einkaréttarlegt úrræði sem ætlað er að veita tjónþola bætur fyrir tjón sem hann verður fyrir og að skapa varnaráhrif. Í báðum tilvikum er sakarreglan grundvöllur þess að bótaábyrgð verði knúin fram. Þó hafa orðið mikilsverðar breytingar á réttarsviðinu á undanförunum árum og er þá átt við þegar lögfestar hafa verið reglur um ábyrgðargrundvöll.<sup>79</sup> Reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 verður beitt um báða flokkana þótt augljóst er að reglur laganna um bætur fyrir líkamstjón eigi nánast eingöngu við um tilvik sem falla undir skaðabótaréttinn sjálfan.<sup>80</sup>

---

<sup>77</sup> Bo von Eyben, *Lærebog i erstatningsret* (5. útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2003) 6.

<sup>78</sup> Í þessu dæmi er lagt til grundvallar að ferðataska eða farmur glatist í orðsins fyllstu merkingu, það er að taskan eða farmurinn komi ekki síðar í leitirnar og í hendur eiganda.

<sup>79</sup> Viðar Már Matthíasson (n. 75) 47.

<sup>80</sup> Kruse (n. 76) 26.

Það sem einkum skilur reglurnar að er að í samningi eru skyldur aðila og réttindi oft á tíðum ákvarðaðar. Samningsábyrgð er vanefndarábyrgð en það þýðir að hún stofnast vegna þess að aðili samnings sinni ekki samningsskyldum sínum. Samningsábyrgð kemur iðulega til vegna athafnaleysis samningsaðilans. Í skaðabótarétti er þessu alla jafna öfugt farið, það er að skaðabótaábyrgð stofnist vegna athafnaleysis. Yfirleitt er um að ræða tjón sem verður vegna athafna þess sem ber ábyrgð á tjóninu eða þeim sem viðkomandi ber ábyrgð á.<sup>81</sup> Almennt er litið svo á að samningsábyrgð sé viðtækari en skaðabótaábyrgð í skaðabótarétti. Bótaábyrgð sem reist er á samningsákvæðum sem annar aðili samnings verður fyrir vegna vanefnda hins er oftast en ekki fyrir séð. Við gerð samnings er hægt að meta hvaða áhrif vanefnd hefur á hverja samningsskyldu fyrir sig og aðilar samnings geta metið hvaða líkur eru til þess að viðsemjandi muni vanefna samninginn. Þessu er almennt öfugt farið um þau tilvik sem falla innan reglna skaðabótaréttar. Yfirleitt eru þau tjón ófyrirséð. Þessi fyrirsjáanleiki gerir það að verkum að rök standa til þess að meta aðstæður á annan veg í kröfurétti sem leiðir alla jafna til strangari ábyrgðar á því réttarsviði. Birtingarmynd þessa má meðal annars sjá í reglunni um stjórnunarábyrgð sem er í reynd hlutlæg ábyrgðarregla með þeim fyrirvara að hægt er að losna undan ábyrgð við ákveðnar aðstæður.<sup>82</sup> Eðli tjóns er að jafnaði annað í kröfurétti en skaðabótarétti. Mun meira er um almennt fjártjón í kröfurétti eða annars konar tjón á óáþreifanlegum verðmætum. Aðalviðfangsefni skaðabótaréttar er að fjalla um líkamstjón, hvort sem það er fjárhagslegt eða ófjárhagslegt en einnig kveður nokkuð að tjóni á munum í skaðabótarétti. Af dómaframkvæmd má ráða að mikill meirihluti mála um skaðabætur utan samninga varði líkamstjón.<sup>83</sup> Það kann einnig að hafa þýðingu við mat á rétti til skaðabóta að í kröfurétti á aðili samnings á oft kost á fleiri úrræðum en skaðabótum ef viðsemjandi vanefnir samninginn en utan samninga eru skaðabætur alla jafna eini möguleiki tjónþola til að rétta hlut sinn. Ef annar samningsaðila vanefnir samninginn getur hinn samningsaðilinn til dæmis neytt úrræða eins og að rifta samningnum, krefjast afsláttar eða efnda in natura.<sup>84</sup>

Ofangreind umfjöllun er um almenn sjónarmið sem líta ber til þegar athugun beinist að heimfærslu skaðabóta til réttarsviðs. Álitaefnið snýr að því hvort glötuð ferðataska eða glataður farmur sé vanefnd innan samninga eða utan samninga. Samkvæmt samningsskuldbindingu á ferðataska eða farmur að flytjast með flugi á ákveðinn áfangastað á fyrirfram ákveðnum tíma og degi. Vanefndarábyrgð í þessu tilviki stofnast vegna þess að flugfélagið vanefnir

---

<sup>81</sup> Viðar Már Matthíasson (n. 75) 47.

<sup>82</sup> Sama heimild 48.

<sup>83</sup> Sama heimild.

<sup>84</sup> Sama heimild.

samningsskuldbindingar sínar, það er að flytja ferðatösku eða farm á réttan stað á réttum tíma. Að teknu tilliti til fyrri umfjöllunar beinist eftirgrennslan einkum að því hvort að glötuð ferðataska eða farmur er á einn eða annan hátt ófyrirséð í samningssambandi sem þessu. Fullyrða má að slíkt gerist ekki á hverjum degi í heimi „loftflutningabransans“ en óhjákvæmilega leiðir það af eðli farmflutninga með flugi að slík staða gæti komið upp að ferðataska eða farmur glatist á leið sinni til áfangastaðar. Að öllu framanrituðu virtu í heild er niðurstaðan að glataða ferðatösku eða glataðan farm megi réttilega heimfæra undir réttarsvið kröfuréttar, það er skaðabætur innan samninga líkt og annars konar vanefnd í samningssambandi um farseðil, farangursmiða og farmflutning.

### *5.3.1.1 Hefur sá sem verður fyrir tjóni val um hvort viðkomandi krefst skaðabóta innan samninga eða utan samninga?*

Oft er hagstæðara fyrir tjónþola að byggja rétt sinn til skaðabóta á grundvelli reglna kröfuréttar en reglna skaðabótaréttar. Einnig kann það að koma upp að réttarstaða tjónþola er lakari ef hann byggir rétt sinn á reglum kröfuréttar. Slíkt getur átt við í tilvikum þar sem sá samningsaðili sem vanefnir samninginn hefur undanþegið sig bótaábyrgð í samningum eða takmarkað bótaskyldu sína með einum eða öðrum hætti. Í slíkum tilvikum kann tjónþoli að hafa verulega hagsmuni af því að byggja á reglum skaðabótaréttar þar sem engar takmarkanir eru, til dæmis af bótafjárhæð með þeim fyrirvara að skilyrði til að krefjast skaðabóta á grundvelli reglna skaðabótaréttar séu uppfyllt.<sup>85</sup>

Norrænir fræðimenn eru ekki á einu máli um réttarstöðu tjónþola, það er hvort að hann hafi val um hvoru regluverkinu viðkomandi hyggst byggja rétt sinn á. Í dönskum rétti hefur því verið haldið fram að ómögulegt sé að segja að í gildi sé ákveðin almenn regla sem girðir fyrir rétt tjónþola til að velja við ákveðnar aðstæður. Aftur á móti geta forsendur í samningi aðila leitt til þess að sú leið er ekki greið.<sup>86</sup> Afstaða í sænskum rétti er önnur. Þar er meginreglan sú að tjónþoli hefur ekki val um það á hvaða grundvelli viðkomandi byggir skaðabótakröfu sína með þeim fyrirvara að í einstökum tilvikum geti tjónþoli átt val.<sup>87</sup> Um þessa meginreglu er oft vísað í sænska dóminn, *NJA 1951 bls. 656*: Í málinu skemmdust málverk eftir þekktan listamann í flutningum með jarnbrautalest. Eigandi málverkanna krafðist skaðabóta vegna tjónsins en ekki var fallist á hærri skaðabætur en rekstraraðila jarnbrautanna var skylt að greiða

<sup>85</sup> Sama heimild 50.

<sup>86</sup> Jan Hellner, *Skadeståndsrätt* (6. útg., Norstedt 2000) 86.

<sup>87</sup> Viðar Már Matthíasson (n. 75) 50.

samkvæmt flutningsskilmálum. Skilmálar um takmörkun á ábyrgð flytjanda voru látnir gilda og eigandinn gat ekki byggt rétt sinn til skaðabóta á grundvelli reglna skaðabótaréttar utan samninga þar sem engar takmarkanir eru á bótafjárhæð.

Ekki virðast vera til nein íslensk dómafordæmi sem taka afdráttarlaust af skarið um þetta álitafni. Telja verður að ef aðili hefur að lögum heimild til að ráðstafa hagsmunum sínum með samningi þannig að ekki brjóti í bága við 27. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og gerir það meðal annars með því að takmarka rétt sinn til skaðabóta sé viðkomandi almennt bundinn við slíka ráðstöfun. Meginreglan samkvæmt íslenskum rétti er sú að í tilviki sem þessu ætti viðkomandi ekki val um hvort hann beitti reglum kröfuréttar eða skaðabótaréttar. Ekki er þó hægt að útiloka að í einstökum tilvikum kunni tjónþoli að eiga rétt á að beita reglum skaðabótaréttar utan samninga um tjón sem viðkomandi varð fyrir vegna vanefnda á samningi.<sup>88</sup>

Tilgangur þessarar umfjöllunar er að varpa enn frekara ljósi á réttarstöðu aðila samnings um loftflutning þegar vanefnd verður á samningsskuldbindingum. Heimfærsla til réttarsviðs hefur mikla þýðingu þar sem efnislegar lyktir mála velta á því. Ljóst er að lög um lagaskil nr. 43/2000 gilda um allar samningsskuldbindingar aðila sem tengjast fleiri en einu landi og álitamál er hvers lands lögum skuli beita. Af því sögðu byggir umfjöllunin um vanefnd flytjanda gagnvart farþega og eiganda farms á þeim reglum. Aftur á móti ef um er að ræða líkamstjón sem samningsaðili verður fyrir um borð í íslensku loftfari má ráða af allri umfjölluninni virtri í heild að skaðabótalög nr. 50/1993 gildi um slíkt tilvik þrátt fyrir að samningur á milli aðila sé fyrir hendi.

## **6. Meginreglur um lagaval innan samninga og beiting í framkvæmd**

### **6.1 Inngangur**

Í þessum kafla verður fjallað um þær meginreglur sem gilda um lagaval samkvæmt ákvæðum laga um lagaskil nr. 43/2000. Annars vegar er um að ræða reglur sem eiga við þegar aðilar að samningi velja sér lög sem gilda um samning þeirra, sbr. 3. gr. laganna og hins vegar reglur sem eiga við þegar aðilar að samningi hafa ekki samið um lagaval, sbr. 4. gr. laganna. Umfjölluninni verður skipt upp í fjóra kafla sem svo greinast í undirkafla eftir því sem við á. Í kafla 6.2 lýtur umfjöllunin að þeim tilvikum þegar aðilar hafa samið um lagaval. Í kafla 6.3 verður gert grein fyrir samningum um farseðil, farangursmiða og flugfarmbréf. Athugun beinist

---

<sup>88</sup> Sama heimild 51.



að því hvers konar samningar þetta eru og hvort aðilar hafi samið um lagaval í slíkum samningum. Í kafla 6.4 lýtur umfjöllunin að þeim tilvikum þegar aðilar hafa ekki samið um lagaval í samningi sínum. Að lokum er í kafla 6.5 að finna stutta samantekt á regluverkinu sem fram hefur komið í öllum kaflanum.

## **6.2 Samningur um lagaval, sbr. 3. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000**

### **6.2.1 Inngangur**

Í 1. mgr. 3. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 segir:

Um samninga skal beita þeim lögum sem samningsaðilar hafa valið berum orðum eða þeim lögum sem með vissu verða talin leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum. Samningsaðilar geta samið svo um að þau lög sem vísað er til skuli gilda um samninginn í heild eða aðeins um tiltekinn hluta hans.

Ákvæðið er byggt á Rómarsamningnum og er í raun bein þýðing á ákvæði 3. gr. hans. Þess ber einnig að geta að engar efnislegar breytingar voru gerðar á þessu ákvæði með setningu Rómareglugerðarinnar. Reglan mælir fyrir um tvenns konar tilvik. Annars vegar þegar aðilar samnings hafa komið sér saman um þau lög sem gilda í lögskiptum þeirra og hins vegar þegar slíkt samkomulag verður talið með vissu felast í samningi aðila eða öðrum atvikum sem tengjast samningsgerðinni. Nálgun á viðfangsefnið verður þannig sett fram að umfjöllun um þau tilvik þegar samningsaðilar hafa samið berum orðum verður í kafla 6.2.2 og í kafla 6.2.3 verður ítarleg umfjöllun um hvaða sjónarmið leggja beri til grundvallar í þeim tilvikum þegar lög verða með vissu talin leiða af samningi aðila eða öðrum atvikum tengdum samningsgerðinni. Í framhaldinu verður samningur um farseðil, farangursmiða og flugfarmbréf þegar um farmflutning er ræða lagður til grundvallar í þeirri viðleitni að rannsaka hvort samningsaðilar hafi samið um hvaða lög eigi að gilda í lögskiptum þeirra og hvaða reglur gildi um þessa tegund samninga. Umfjöllun um það verður sett fram í kafla 6.3 ásamt undirköflum.

### **6.2.2 Lögin valin „berum orðum“**

Meginreglan um samningsfrelsi og reglan um skuldbindingargildi samninga felur í sér að aðilar ráða því almennt hvort þeir gangi til samningsgerðar og hvers efnis samningur er<sup>89</sup>. Þetta á sér skýra stoð 1. mgr. 3. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Eins og fram hefur komið í fyrri umfjöllun

---

<sup>89</sup> Páll Sigurðsson, *Samningaréttur: yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar* (Orator 1987) 25–26.

var reglan óskráð meginregla í íslenskum rétti áður en löggin voru lögfest.<sup>90</sup> Reglan hefur einnig verið viðurkennd sem grundvallarregla í lagaskilarétti á sviði samningaréttar um allan heim.<sup>91</sup> Ákvæðið veitir samningsaðilum víðtækt samningsfrelsi og er það í samræmi við þá þróun sem hefur átt sér stað í þeim ríkjum sem byggja á Rómarsamningnum.<sup>92</sup>

Sem dæmi um hefðbundið ákvæði í samningi aðila um lagaval má nefna: „Um samning þennan gilda íslensk lög“. Í þeim tilvikum þegar lagavalið kemur fram í samningi aðila með skýrum hætti er hafið yfir allan vafa hvaða lög eiga að gilda í lögskiptum þeirra. Þessu til stuðnings má benda á dóm Hæstaréttar, *Hrd. 12. október 2011 í máli nr. 398/2011*: Í málinu var fjallað um ágreiningskröfu við slit Kaupþings banka hf. Bankinn hafði gefið út skuldabréf sem kröfuhafar keyptu. Einnig var undirliggjandi samningur milli kröfuhafa og bankans. Í málinu kom fram að aðilar höfðu samið um að bæði undirliggjandi samningar og sjálft skuldabréfið skyldi túlkað samkvæmt lögum New York ríkis. Fallist var á að beita þeim lögum við túlkun á efni skjalanna, sbr. 3. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000.<sup>93</sup>

Dómaframkvæmd Hæstaréttar ber þess merki að aðilar samnings þurfi að semja sérstaklega um að tiltekin lög gildi í lögskiptum þeirra. Í þeim tilvikum þegar lagt er til grundvallar að aðilar hafi samið um lagaval þarf það að vera óumdeilt á milli samningsaðila þannig að báðir aðilar séu meðvitaðir um það hvaða réttarreglur eigi að gilda um lögskipti þeirra.

### **6.2.3 Lög „sem með vissu verða talin leiða af samningi aðila eða öðrum atvikum“**

Verði lagaval í samningi aðila ekki ákvarðað á grundvelli þess að löggin eru valin „berum orðum“ reynir á þann hluta ákvæðisins í 1. mgr. 3. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 sem kveður á um að beita skuli þeim lögum „sem með vissu verða talin leiða af samningi aðila eða öðrum atvikum“. Löggin gera þannig ráð fyrir því að aðilar geti samið sín á milli um hvaða lögum skuli beita í lögskiptum þeirra þrátt fyrir að afstaða til lagavalsins komi ekki gagnert fram í samningnum. Þetta atriði gefur svigrúm til túlkunar og samkvæmt því er ekki nauðsynlegt að aðilar samnings taki afstöðu til lagavals, það nægir að það verði af samningnum ráðið án

<sup>90</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Lagaskil á sviði samningaréttar“ (2003) 53 137, 141. Sjá einnig í fyrri umfjöllun, kafla 4.4.

<sup>91</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 3. gr.

<sup>92</sup> Peter Arnt Nielsen, *International privat- og procesret: love og konventioner* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag 1998) 498.

<sup>93</sup> Sambærilega niðurstöðu er einnig að finna í *Hrd. 8. maí 2014 í máli nr. 120/2014* og *Hrd. 28. október 2011 í máli nr. 340/2011*. Í fyrra málinu var samið um að hollensk lög ættu að gilda um lögskipti aðila en í seinna málinu ensk lög.

skynsamlegs vafa eða af öðrum atvikum hvers lands lögum skuli beitt.<sup>94</sup> Þegar svo háttar til, að dómstól er falið að meta hvort atvik máls séu þannig vaxin að aðilar hafi í raun samið um lagavalið verður dómstóll að styðjast við tiltekin atvik sem geta gefið sterka vísbendingu um það hvers lands lögum skuli beita. Óheimilt er að leggja til grundvallar ímyndaðan vilja samningsaðilanna.<sup>95</sup>

Við mat á því hvort aðilar hafi samið um lagaval verður dómstóll að meta hvert tilvik fyrir sig. *Í fyrsta lagi* má nefna það tilvik þegar aðilar hafa samið um hvar ágreiningsmál skuli rekið, til dæmis ef samningur gerir ráð fyrir að mál skuli rekið fyrir íslenskum dómstólum. Slíkt ákvæði veitir nokkuð örugga vísbendingu um að íslenskum lögum verði beitt þótt þess sé ekki beinlínis getið í samningum, nema atvik bendi sterklega til annars.<sup>96</sup> Framangreint er einnig í samræmi við Rómarréglugerðina. Eins og áður hefur verið vikið að þá leysti reglugerðin af hólmi Rómarsamninginn sem lög um lagaskil nr. 43/2000 eru byggð á. Af þeirri ástæðu er vert að líta til aðfaraorða reglugerðarinnar en þar kemur fram að ákvörðun aðila samnings um lögsögu í ágreiningsmáli eigi að vera liður í því þegar metið er hvort aðilar hafi í raun samið um lagaval, sbr. 12 gr. aðfaraorðanna. Í dæmaskyni um beitingu reglunnar má nefna enska dóminn, *Hellenic Steel Co gegn Svolar Shipping Co Ltd*: Atvik máls voru þau að farmur í eigu A var fluttur á skipi í eigu B. Í farmskírteini var ákvæði þess efnis að um ágreining skyldi leysa fyrir enskum dómstólum. Hvorki atvik máls né aðilar höfðu að öðru leyti tengsl við England. Tjón varð á farminum og höfðaði A mál gegn B til greiðslu skaðabóta fyrir enskum dómstól. Áfrýjunardómstóll sló því föstu að ákvæði í farmskírteini um að leysa ætti úr ágreiningi fyrir enskum dómstólum benti til þess að aðilar hefðu sérstaklega samið um það og var málið tekið til efnisumfjöllunar fyrir dómstól í Englandi.

*Í öðru lagi* má nefna það tilfelli þegar notast er við staðlað samningsform þar sem alkunna er hvaða tilteknum lögum er beitt um túlkun á ákvæðum samnings. Taka má skilmála tryggingar frá Lloyd's vegna sjóflutninga sem dæmi um staðlað samningsform. Sá samningur hefur það sterk tengsl við enskt réttarkerfi að ensk lög gilda um hann. Þegar samskonar staðlaður samningur hefur slík sterk tengsl við tiltekið réttarkerfi er eftir atvikum hægt að líta

---

<sup>94</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 3. gr.

<sup>95</sup> Giuliano og Lagarde (n. 62) 17.

<sup>96</sup> Í skýrslu Mario Giuliano & Paul Lagarde kemur eftirfarandi fram á bls. 16: Samkvæmt enskum, skoskum og írskum lögum er það þannig ef aðilar hafa ekki tekið afstöðu til lagavals með berum orðum í samningi mun dómstóll meta hvort hægt sé að álykta um lagavalið út frá öðrum ákvæðum samningsins. Talið er að val á gerðardómi eða val á lögsögu gefi sterka vísbendingu um lagaval aðila nema annað verði ráðið af samningnum sjálfum. Sjá einnig í Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 3. gr.

svo á að lögin verði með vissu talin leiða af samningi.<sup>97</sup> Jafnframt kemur fram í 14. gr. aðfaraorða Rómarreglugerðarinnar að framangreint atriði er einnig þáttur í heildarmati þegar dómstóll leggur mat á það hvort aðilar hafi samið um lagaval.

Í þriðja lagi má nefna það tilvik þegar aðilar hafa áður gert samninga um svipað efni þar sem afstaða þeirra til lagavals liggur fyrir. Það getur gefið sterka vísbendingu um hug aðila að þessu leyti nema annað verði ráðið af samningnum sjálfum.<sup>98</sup> Í dæmaskyni má nefna enska dóminn, *Compagnie Tunisienne de Navigation SA gegn Compagnie d'Armement Maritime SA*. Atvik máls voru þau að franskt fyrirtæki og túnískt fyrirtæki gerðu samning um flutning á olíu milli túnískra hafna á tilteknu tímabili. Gert var ráð fyrir tólf ferðum og voru gerðir tólf samningar en aðeins einn tók afstöðu til lagavals samningsaðila. Í þessum eina samningi var samið um að lög þess lands sem flutningaskipið sigldi undir ættu að gilda. Niðurstaða þessa máls var sú að ákvæðið í þessum eina samningi var talið gefa örugga vísbendingu um hug samningsaðila og því litið svo á að aðilar hefðu í öllum tilvikum samið um að þau tilteknu lög giltu.

Í fjórða lagi er einnig hugsanlegt að til staðar séu rammasamningar eða heildarsamningar um viðskipti aðila þar sem finna má ákvæði sem lýtur að lagavali aðila þótt það sé ekki að finna í þeim tiltekna samningi sem ágreiningur hefur risið út af.<sup>99</sup>

Ofangreind atriði eru leiðbeiningarreglur sem leggja ber til grundvallar við heildarmat. Niðurstaða um lagaval ræðst af atvikum máls hverju sinni. Í þeim tilvikum þar sem lagavalið er ekki tekið fram „berum orðum“ er í raun afar erfitt að segja til um hvort aðilar teljist í raun hafa valið lög sem ná yfir samninginn.<sup>100</sup> Sá sem ber fyrir sig að til lagavalsins hafi stofnast með þeim hætti sem að ofan greinir ber sönnunarbyrðina fyrir því. Ef slík sönnun tekst ekki verður að leysa úr ágreiningnum á grundvelli 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 og þá er litið svo á að aðilar samnings hafi ekki samið um lagaval.<sup>101</sup>

---

<sup>97</sup> Giuliano og Lagarde (n. 62) 17.

<sup>98</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 3. gr.

<sup>99</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 3. gr.

<sup>100</sup> Clarkson (n. 13) 216.

<sup>101</sup> Eiríkur Elís Þorláksson (n. 15) 19.

## 6.3 Samningur um farseðil, farangursmiða og flugfarmbréf

### 6.3.1 Farseðill og farangursmiði

Í 89. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 er mælt fyrir um atriði er lúta að farseðli og farangursmiða. Ákvæðið er svohljóðandi:

Þegar farþegar eru fluttir skal flytjandi afhenda farseðil eða sameiginlegan farseðil fyrir fleiri en einn farþega þar sem greina skal:

- a. brottfarar- og ákvörðunarstað,
- b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi sem brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.

Í stað þess að afhenda farseðil svo sem greinir í 1. mgr. má flytjandi varðveita upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. með öðrum hætti. Sé þeirrar heimildar neytt skal flytjandi bjóða farþega skriflega yfirlýsingu um þær upplýsingar sem varðveittar eru.

Þegar innrituðum farangri er veitt viðtaka til flutnings skal flytjandi gefa út farangursmiða fyrir sérhvern innritaðan hluta farangurs.

Nú eru ekki færðar sönnur á annað og telst þá farseðill eða yfirlýsing, sé heimildar skv. 2. mgr. neytt, sönnun um gerð farsamnings og flutningsskilmála.

Farþega skal afhent skrifleg tilkynning um að flutningurinn hlíti ákvæðum Montreal-samningsins eða lögum sem með samsvarandi hætti og samningurinn kunnir að takmarka ábyrgð flytjanda á lífs- og líkamstjóni, glötun eða tjóni á farangri og farmi og vegna tafa, með þeim takmörkunum þó sem greinir í lögum þessum.

Þrátt fyrir að fyrirmælum þessarar greinar sé ekki fylgt er farsamningur eigi að síður gildur, þ.m.t. ákvæði um takmörkun á ábyrgð.

Ráðherra er heimilt að kveða frekar á um rafræna bókun, útgáfu farseðils og tilkynningu flytjanda skv. 5. mgr. með reglugerð.

Rétt er að geta þess sem fram kemur í frumvarpi til laga um loftferðir nr. 60/1998 en þar segir að fullnægjandi sé að sameina eða tengja saman farseðil og farangursmiða.<sup>102</sup> Dregin er sú ályktun að það sé nægjanlegt vegna órjúfanlegra tengsla á milli farþega og farangurs sem hann ferðast með.

---

<sup>102</sup> Alþt. 1997-1998, A-deild, þskj. 210 - 201 mál, athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins, um X. kafla, farangursmiði.

Af lestri ákvæðisins má ráða að farseðill og farangursmiði er samningur og hvað varðar flutningsskilmála þá eiga aðilar lögum samkvæmt að lúta ákvæðum Montreal-samningsins. Í ákvæði 111. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 er að finna meginregluna um samningsfrelsi aðila um gerð samninga um loftflutninga með þeim takmörkunum sem í ákvæðinu greinir.

Í tengslum við áskilnað 89. gr. laganna varð höfundur sér úti um flugmiða í þeirri viðleitni að rannsaka hvernig ótilgreint íslenskt flugfélag upplýsir samningsaðila sinn um að Montreal-samningurinn eða samsvarandi lög eigi að gilda í lögskiptum þeirra. Neðarlega á rafrænum miða er að finna á ensku með agnarsmáu letri eftirfarandi tilvísun í Montreal-samninginn:

#### DISCLAIMER

If the passenger's journey involves an ultimate destination or stop in a country other than the country of departure the Montreal convention may be applicable and the convention governs and in most cases limits the liability of carriers for death or personal injury and in respect of loss of or damage to baggage, see also notice headed advice to international passengers on limitation of liability and "notice of baggage liability limitation".

Í ákvæðinu er tekið fram að Montreal-samningurinn kunni að gilda í lögskiptum aðila með þeim takmörkunum sem í honum greinir. Ákvæði sem þetta þekktist vel í alþjóðlegum flutningarétti og hefur verið nefnt lágmarks tilkynningaskylda.<sup>103</sup> Álitaefnið og jafnframt rannsóknarspurningin sem meginefni umfjöllunar beinist að er hvort hægt sé að líta á ofangreint sem svo að aðilar hafið samið um lagaval. Umfjöllun um Montreal-samninginn í tengslum við efnisreglur hans og lagaval er að finna í næsta kafla.

Í viðleitni til að rannsaka hvort aðilar hafi samið berum orðum um lagaval í samningi um farseðil og farangursmiða ber að leggja til grundvallar umfjöllun í kafla 6.2.2. Þar kemur skýrt fram hvers konar tilvik það eru þegar aðilar hafa samið berum orðum um lagavalið. Ljóst er að afstaða samningsaðila um lagaval verður að vera afdráttarlaus, til dæmis „um samning þennan gilda ákvæði Montreal-samningsins“ eða „samningsaðilum er ljóst að ákvæði Montreal-samningsins gilda um flutningssamning þennan“. Í þessu samhengi er vert að taka fram að í norrænni réttarframkvæmd hefur mótast svokölluð andskýringarregla.<sup>104</sup> Samkvæmt reglunni

<sup>103</sup> E. reasonable communicativeness. Senai W Andemariam, „Does the Montreal Convention of 1999 Require That a Notice Be Given to Passengers-What Is the Validity of Notice of a Choice of Forum Clause under Montreal 1999“ (2006) 71 J. Air L. & Com. 251, 253.

<sup>104</sup> Alþjóðleg þýðing hugtaksins er eftirfarandi; in dubio pro contra stipulatorem. Í norrænum rétti nefnist andskýringarreglan: d. uklarhedsreglen (koncipistreglen), n. uklarhetsregelen, s. uklarhetsregeln. Reglan er dæmigerð túlkunarregla. Rómverski lögfræðingurinn Celsus (67-130 e.Kr.) er talinn vera upphafsmaður

ber að jafnaði að skýra ákvæði í samningi sem eru umdeilanleg eða óljós þeim aðila í óhag sem hefur samið þau einhliða. Af þessu leiðir að túlkun samnings er þeim í óhag sem hefði átt að búa þannig um hnútana að tjá sig á skýrari hátt um viðkomandi ágreiningsatriði samnings.<sup>105</sup> Að framansögðu er dregin sú ályktun að tilvísun í ákvæði Montreal-samningsins eins og hún er gerð í rafrænum flugmiða flugfélagsins er ekki þess eðlis að óumdeilt sé að aðilar hafi samið sérstaklega um að þær réttarreglur eigi að gilda í lögskiptum þeirra.

Í framhaldi af þeirri niðurstöðu að aðilar hafi ekki samið berum orðum um lagaval í samningnum er næsta skref að taka afstöðu til þess hvort lagaval verði með vissu talið leiða af samningi aðila eða öðrum atvikum í tengslum við samningsgerðina. Að því sögðu verður að leggja til grundvallar umfjöllun í kafla 6.2.3. Þar kemur fram að afstaða samningsaðila til lagavals þurfi ekki að koma gagnert fram í samningnum heldur nægi að það verði af samningnum ráðið, án skynsamlegs vafa, hvers lands lög eigi að gilda um samninginn. Það liggur í augum uppi að þetta atriði veitir verulegt svigrúm til túlkunar. Eins og komið hefur verið inn á er smáa letrið neðarlega í samningi aðila sem kveður á um að ákvæði Montreal-samningsins kunni að gilda í lögskiptum aðila, ákveðin vísbinding. Aftur á móti er tilvísunin frekar falin í samningnum. Í kaflanum eru einnig reifaðar fjórar leiðbeiningarreglur en þær gefa ekki vísbindingu um lagaval í samningi um farseðil og farangursmiða. Í samningnum er ekki tekin afstaða til þess hvar ágreiningsmál skuli rekið en það er eitt af þeim atriðum sem líta ber til. Samningsformið er vissulega staðlað en ekki staðlað í þeim skilningi að það hafi slík sterk tengsl við íslenskt réttarkerfi. Sjónarmið um að aðilar hafi áður gert samninga um samsvarandi málefni eiga ekki við þar sem samningur um farseðil og farangursmiða er ávallt eins, frá einu flugfélagi til annars. Af því leiðir að ekki er hægt að horfa til fyrri samninga, rammasamning eða heildarsamning aðila.<sup>106</sup>

Þegar allt framangreint er virt í heild er dregin sú ályktun að leggja beri ákvæði 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 til grundvallar samnings um farseðil og farangursmiða þar sem lagavalið verður ekki með vissu talið leiða af samningi eða öðrum atvikum.

---

reglunnar, sem hann orðaði svo: „Cum quaeritur in stipulatione, quid acti sit, ambiguitas contra stipulatorem est.“ (När man vid en stipulation, frågar vad som var avtalat, tolkas mångtydighet mot löftesmottagaren). Sjá nánar í bókinni eftir höfundinn; Reinhard Zimmermann, *The Law of Obligations: Roman Foundations of the Civilian Tradition* (Oxford University Press 1996) 639.

<sup>105</sup> Eyvindur G. Gunnarsson, „Um túlkun samninga“ [2012] Rannsóknir í félagsvísindum XIII: Lagadeild, Þjóðarspejillinn 1, 5.

<sup>106</sup> Það skal taka fram að ekki er verið að skoða ramma- eða heildarsamninga sem kunna að vera gerð við stór fyrirtæki. Umfjöllunin lýtur að einstaklingum.

### 6.3.2 Flugfarmbréf

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 90. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 skal afhenda fylgibréf þegar farmur er fluttur eða varðveita skráningu upplýsinga um flutning með öðrum hætti. Skilyrði um efni fylgibréfs er að finna í 91. gr. laganna, það er svohljóðandi:

Fylgibréf farms eða kvittun fyrir farmi skal tilgreina;

- a. brottfarar- og ákvörðunarstað,
- b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi sem brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
- c. þyngd farms.

Ef um fleiri en eitt stykki farms er að ræða;

- a. getur flytjandi farms krafist þess að sendandi gefi út sérstök fylgibréf fyrir hvert og eitt stykki,
- b. getur sendandi krafist þess að flytjandi farms gefi úr sérstakar kvittanir þegar sá háttur er hafður á sem um getur í 2. mgr. 90. gr.

Höfundur varð sér út um flugfarmbréf hjá sama flugfélagi og áður. Flugfarmbréf eru forprentuð þannig að farmbréfið kemur á einu blaði, prentað báðum megin. Á framhliðinni eru upplýsingar um aðila samnings og farminn sjálfan. Á bakhliðinni er að finna heilsíðu skilmála þar sem efst á blaðinu stendur með stórum stöfum eftirfarandi texti:

NOTICE CONCERNING CARRIER'S LIMITATION OF LIABILITY  
IF THE CARRIAGE INVOLVES AN ULTIMATE DESTINATION OR STOP  
IN A COUNTRY OTHER THAN THE COUNTRY OF DEPARTURE, THE  
MONTREAL CONVENTION OR THE WARSAW CONVENTION MAY BE  
APPLICABLE TO THE LIABILITY OF THE CARRIER IN RESPECT OF  
LOSS OF, DAMAGE OR DELAY TO CARGO. CARRIER'S LIMITATION  
OF LIABILITY IN ACCORDANCE WITH THOSE CONVENTIONS SHALL  
BE AS SET FORTH IN SUBPARAGRAPH 4 UNLESS HIGHER VALUE IS  
DECLERAD.

Í ofangreindum skilmála sem er að finna á aftari síðu flugfarmbréfsins er að finna tilvísun í ákvæði Montreal-samningsins eða Varsjársmninginn. Þessu er svo framfylgt með nánari og ítarlegri útfærslu á sömu blaðsíðu frá ákvæðum eitt til tólf. Framsetningunni er þannig háttað að sagt er að ákvæði Montreal-samningsins gildi þegar sá smningur á við og ákvæði Varsjársmningsins þegar það á við. Í tilvikum þar sem hvorugur smningurinn á við er tekin afstaða um réttstöðu aðila í skilmálum samningsins. Í grunninn miða ákvæðin að því að takmarka ábyrgð flugrekanda. Reglur um flutningsskilmála sem eiga að gilda um lögskipti samningsaðila koma fram á heilli blaðsíðu á aðeins tveggja síðna smningi. Augljóst er að aðilar



hafa tekið afstöðu og samið um hvaða réttarreglur eigi að gilda um lögskipti þeirra í samningi um farmflutning. Eins og þegar hefur komið fram verður sérstaklega vikið að umfjöllun um Montreal-samninginn í næsta kafla.

Við athugun á samningi um farmflutning kom í ljós að verklagsreglur um miðlun upplýsinga um farmskilmála eru að einhverju leyti ólíkar á milli aðila og ef til vill misjafnar á milli einstaklinga. Haft er eftir starfsmanni í farmflutningsdeild hjá flugfélaginu sjálfu „að eftir því sem hann best veit eru skilmálar ávallt tilgreindir í samningi aðila“.<sup>107</sup> Í reynd er það oft þannig þegar aðili gerir samning um farmflutning hjá flugfélagi fer slíkt oft í gegnum þriðja aðila, það er flutningsmiðlara. Verklagi miðlara er þannig háttað að viðkomandi starfsmaður skannar inn útfyllt flugfarmbréf. Framhlið blaðsins er skönnuð inn en bakhlið flugfarmbréfsins ekki. Svo er farmbréfið sent á hluteigandi aðila. Þetta hefur þá þýðingu að flutningsskilmálarnir eru ekki skannaðir inn. Flugfarmbréfið var þó ávallt sent með farminum en eftir að flugfélagið tileinkaði sér „pappírslausa“ stefnu eru skjölin ekki send með farminum.<sup>108</sup> Af þessu leiðir að annar samningsaðila hefur ekki vitneskju um áðurgreinda skilmála samningsins. Segja má að í þeim tilvikum megi hæglega halda því fram að aðilar hafi ekki samið um lagaval. Í þeim tilvikum kann því að fara um þessa tegund samnings eftir ákvæði 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000, það er þegar aðilum samnings hefur láðst að semja um þau lög sem eiga að gilda um lögskipti þeirra.

Umfjöllun varðandi farmsamninga, það er samninga um vöruflutninga í þeim tilvikum sem ekki hefur verið samið um lagaval verður gerð skil í kafla 6.4.4.

## **6.4 Þegar aðilar samnings hafa ekki samið um lagaval, sbr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000**

### **6.4.1 Inngangur**

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 er svohljóðandi:

Hafi samningur ekki að geyma ákvæði um það hvers lands lögum skuli beita, sbr. 3. gr., skal beita lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Ef afmarkaður hluti samnings hefur nánari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af 1. málsl. þessarar málsgreinar er heimilt að beita lögum þess lands að því er varðar þann hluta samningsins.

<sup>107</sup> Ónafngreint íslensk flugfélag, tölvupóstur til höfundar (7. nóvember 2018).

<sup>108</sup> Ónafngreindur starfsmaður flutningsmiðlunar á Íslandi, símaviðtal við höfund (Garðabær 8. nóvember 2018).

Ákvæðið á sér beina fyrirmynd í Rómarsamningnum líkt og önnur ákvæði laganna. Í ákvæðinu er að finna meginregluna um að beita skuli lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Áþekk regla var fyrir gildistöku Rómarsamningsins viðurkennd í flestum ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu og sama regla var talin eiga við hér á landi fyrir lögfestingu laga um lagaskil nr. 43/2000.<sup>109</sup>

4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 skiptist í fimm málsgreinar en til einföldunar má segja að ákvæðið skiptist í þrjá hluta.<sup>110</sup> Í *fyrrsta* hlutanum er að finna meginregluna um að beita skuli lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Reglan er mjög matskennd og veitir dómstólum töluvert svigrúm til ákvörðunar.<sup>111</sup> Þau mótrök hafa verið uppi gegn reglunni að hún taki ekki nægilegt tillit til fyrirsjáanleika í lagaskilarétti á sviði samningarréttar. Jafnframt eftirlætur reglan dómstólum of rúma heimild til þess að meta sjálfstætt hvers lands lög eru heppilegust í hverju tilviki fyrir sig. Einnig hefur verið bent á, að hætt sé við því að dómstólar beiti lögum dómstólaríkis við úrlausn ágreinings. Sjónarmiðið er sett fram þar sem ekki er hægt að útiloka þann möguleika að dómstólar telji lög dómstólaríkis hentugust eða standi framur lögum annarra ríkja eða samræmist best nútímaviðhorfum.<sup>112</sup> Þau rök sem hafa verið höfð uppi með reglunni er að hún veiti dómstólum aukin sveigjanleika við úrlausn ágreinings og það verður að telja helsta kost reglunnar.<sup>113</sup>

Í *öðrum* hluta ákvæðisins er að finna almenna leiðbeiningarreglu um það hvaða land samningur hefur sterkust tengsl við, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna. Þar er einnig að finna tvær sérstakar leiðbeiningarreglur sem beita skal varðandi tvær tegundir samninga, annars vegar um samninga um réttindi yfir fasteign, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna og hins vegar samninga um vöruflutninga, sbr. 4. mgr. 4. gr. sömu laga. Sérákvæði 4. mgr. 4. gr. laganna um vöruflutninga var sett vegna sérstöðu slíkra samninga. Við beitingu ákvæðisins skal litið á farmsamninga um einstaka ferð og aðra samninga sem hafa vöruflutninga sem aðalmarkmið sem samninga um vöruflutninga. Samningar um flutning á fólki eiga undir 2. mgr. 4. gr. laganna.<sup>114</sup>

<sup>109</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 4. gr.

<sup>110</sup> Cheshire (n. 71) 564-565.

<sup>111</sup> Giuliano og Lagarde (n. 62) 21.

<sup>112</sup> Nielsen (n. 92) 504.

<sup>113</sup> Eyvindur Grétar Gunnarsson (n. 69) 156.

<sup>114</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 4. gr. Í frumvarpinu kemur fram að samningar um flutning á fólki eiga undir 2. mgr. 3. gr. Augljóst er að um ritvillu er að ræða og á réttilega að standa 2. mgr. 4. gr.

Að endingu er í *priðja* hlutanum að finna sérreglu sem lýtur að því að horfa skuli framhjá leiðbeiningarreglunum sem fram koma í 2. mgr. til 4. mgr. við ákveðnar aðstæður. Í reynd er það þannig að leiðbeiningarreglurnar koma ávallt til fyllingar og því getur beiting 1. mgr. 4. gr. laganna ekki ein og sér dugað til að komast að réttri niðurstöðu.<sup>115</sup>

Markmiðið er að fjalla um viðfangsefnið á hagkvæman hátt þannig að álitamálum um lagval í samningi um farseðil, farangursmiða og flugfarmbréf verði gerð sem best skil með skýrri framsetningu. Umfjöllunin verður þannig upp byggð að í kafla 6.4.2 verður gerð grein fyrir tveimur dómafordæmum Hæstaréttar sem varpa ljósi á túlkun og beitingu réttarins á ákvæðum laga um lagaskil nr. 43/2000 í þeim tilvikum þar sem ágreiningur samningsaðila laut meðal annars að lagavali. Í kafla 6.4.3 ásamt undirkafla lýtur umfjöllunin að leiðbeiningarreglu 2. mgr. 4. gr. og sérreglu 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Nálgunin verður með þeim hætti að fjallað er um ákvæðin í tengslum við þá niðurstöðu að ekki hefur verið samið um lagaval í samningi um farseðil. Álitaefninu verður gert skil með tilbúnum dæmum sem sett verða í samhengi við dómafordæmi, túlkun fræðimanna og lögskýringargögn. Í lok hvors kafla verður dregin ályktun út frá fyrirbyggjandi forsendum. Sama nálgun verður í kafla 6.4.4 á ákvæði 4. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 4. gr. sömu laga. Þar er umfjöllunarefnið þó samningar um innritaðan farangur og samningar um farmflutning. Áréttað er þó varðandi farmflutning að oft á tíðum hafa aðilar samið um hvaða reglur gilda í þeim lögskiptum. Umfjöllunin á því aðeins við um þau tilvik þegar aðilar hafa ekki tekið afstöðu til lagavals. Að endingu beinist athugun að rétthæð sérreglu 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000, sbr. kafla 6.4.5.

#### **6.4.2 Túlkun og beiting Hæstaréttar á lögum um lagaskil nr. 43/2000**

Segja má að fyrir íslenskum dómstólum hafi ekki reynt á lög um lagaskil nr. 43/2000 með margvíslegum hætti. Álitaefni um lagaval í þeim dómafordæmum sem fyrirfinnast í íslenskri dómafrankvæmd varða flest dráttavaxtakröfur í tengslum við gjaldþrot og slitameðferðir íslensku bankanna. Til skýringar á túlkun og beitingu ákvæða laganna fyrir Hæstarétti ber einkum að líta til tveggja dómafordæma réttarins. Fyrri dómafordæmið er dómur Hæstaréttar, *Hrd. 28. október 2011 í máli nr. 300/2011*:

Ágreiningslaust er með varnaraðilum að útibú Landsbanka Íslands hf. í Hollandi og sveitarfélagið sömdu ekki um hverjar skyldu vera afleiðingar þess að bankinn endurgreiddi innstæðuna ekki á réttum gjalddaga. Krafa sveitarfélagsins um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem það lagði inn til ávöxtunar hjá útibúi bankans

---

<sup>115</sup> Giuliano og Lagarde (n. 62) 21.

í Amsterdam er einkaréttarleg samningsskuldbinding í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar.

Ágreiningslaust er með varnaraðilum að bankinn og sveitarfélagið sömdu ekki berum orðum um hvers lands lögum skyldi beita um réttarágreining sem kynni að leiða af samningi þeirra, og lagaval verður heldur ekki með vissu talið leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 43/2000.

Af þessu leiðir að beita ber lögum þess lands sem samningurinn um innstæðuna hefur sterkust tengsl við, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Sá samningur var gerður í Hollandi, móttaka heildsöluinnlána var hluti af starfsemi útibús bankans þar í landi og bankanum bar að efna skuldbindingu sína við sveitarfélagið þar. Verður því lagt til grundvallar svo sem gert er í hinum kærða úrskurði að samningur aðila hafi sterkust tengsl við Holland. Því ber að beita lögum þess lands um það ágreiningsefni sem hér er til úrlausnar, þótt um meðferð og rétthæð kröfunnar við slitameðferðina og tryggingarvernd innstæðu sveitarfélagsins fari að íslenskum lögum.

Seinna dómafordæmi Hæstaréttar féll tæpum þremur árum seinna og er að finna í dómasafni réttarins, *Hrd. 12. maí 2014 í máli nr. 278/2014*:

Eins og mál þetta er lagt fyrir eru aðilarnir sammála um að niðurstaða um tilkall sóknaraðila til dráttarvaxta af kröfu sinni ráðist af því hvort ákvæði laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar leiði til þess að réttarstaða þeirra að þessu leyti fari eftir íslenskum lögum, en verði sú ekki raunin njóti sóknaraðili einskis réttar til frekari vaxta af kröfu sinni en þegar hafa verið viðurkenndir samkvæmt áðursögðu.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000 er mælt svo fyrir að hafi samningur ekki að geyma ákvæði um hvers lands lögum eigi að beita um hann skuli beitt lögum þess lands, sem hann hafi sterkust tengsl við. Hafi afmarkaður hluti samnings nánari tengsl við annað land en sú regla myndi leiða til sé þó heimilt að beita lögum þess að því er varðar þann hluta samningsins, sbr. síðari málslíð sömu málsgreinar. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land, þar sem sá sem á að efna aðalskyldu samningsins býr við gerð hans, en þegar fyrirtæki eigi í hlut skuli miða um þetta við aðalstöðvar þess.

Eftir fyrrgreindum samningi aðilanna áttu þeir hvor fyrir sitt leyti að efna skyldur sínar með peningagreiðslu og verður því ekki rætt um að annar þeirra hafi hinum fremur borið aðalskyldu samningsins í skilningi 2. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000. Með samningnum tókst sóknaraðili á hendur skyldu til að greiða varnaraðila tiltekna fjárhæð fyrir milligöngu banka í Þýskalandi og gekkst sóknaraðili undir þá skuldbindingu frá aðalstöðvum sínum á Spáni, þaðan innti hann síðan af hendi umsamda fjárhæð og notaði í því sambandi gjaldmiðil þess lands. Getur að þessu virtu ekki orkað tvímælis að um þessar skyldur hefði borið að fara að spænskum lögum, en þær efndi sóknaraðili allar réttilega í framhaldi af gerð samningsins. Eftir þessar efndir sóknaraðila barst umsamin fjárhæð á hinn bóginn í hendur varnaraðila, sem á þeim tíma hafði starfsleyfi sem viðskiptabanki hér á landi, hjá varnaraðila varð á þennan hátt til í aðalstöðvum hans innlán, sem sóknaraðili naut

réttinda yfir og standa átti til fimm mánaða, á því tímabili giltu íslensk lög óhjákvæmilega um innlánið, sem varnaraðili var ábyrgur fyrir, og honum bar að þeim tíma liðnum að standa aftur skil á innláninu ásamt umsömdum vöxtum með greiðslu, sem hefði átt að inna af hendi frá aðalstöðvum hans á Íslandi. Að þessu gættu verður að gera slíkan greinarmun á umsömdum skyldum hvors aðila fyrir sig, sem um ræðir í síðari málslið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000, og fella þar með undir íslensk lög þau atriði, sem lutu að skyldum varnaraðila. Af þessu leiðir að viðurkenna verður tilkall sóknaraðila til dráttarvaxta eftir íslenskum lögum af fjárhæðinni, sem varnaraðili vanefndi að greiða honum á gjalddaga 18. nóvember 2008.

Bæði dómafordæmin varpa greinargóðu ljósi á aðferðafræði Hæstaréttar, það er hvernig dómstóllinn beitir ákvæðum laga um lagaskil nr. 43/2000 í úrlausn sinni. Í fyrrgreinda dómafordæminu má sjá að Hæstiréttur beitir aðeins 1. mgr. 4. gr. laganna til að komast að niðurstöðu þess efnis hvaða land það er sem samningur hefur sterkust tengsl við. Engin umfjöllun réttarins beinist að því hvor samningsaðilanna ber aðalskylduna. Dómurinn leggur til grundvallar að úrlausn sinni að til samningssambandsins hafi verið stofnað í Hollandi, móttaka heildsöluinnlána var hluti af starfsemi útibús bankans í Hollandi og bankanum bar að efna skuldbindingu sína við sveitarfélagið þar í landi. Samningsaðilar eru hollenskt sveitarfélag og útibú Landsbanka Íslands hf. í Hollandi. Tengslin við Ísland eru þau að móðurfyrirtæki útibúsins í Hollandi er Landsbanki Íslands hf. sem er íslenskt fjármálafyrirtæki. Þetta fordæmi gefur til kynna að þrír tengslapættir andspænis einum geta nægt til þess að samningur teljist hafa sterkust tengsl við tiltekið land, í þessu tilfalli Holland.

Aftur á móti má greina í seinna dómafordæmi Hæstaréttar að dómstóllinn þræðir sig einnig í gegnum leiðbeiningarregluna og tekur afstöðu til þess hvor samningsaðilanna ber aðalskylduna. Fullyrða má að seinni aðferðafræðin er í beinu samræmi við áðurgreinda skýrslu sem lögð var fram með Rómarsamningnum, það er að leiðbeiningarreglurnar eigi ávallt að koma til fyllingar þannig að lyktir mála ráðast einnig af þeim.<sup>116</sup> Dómstóllinn gerir nauðsynlegan greinarmun á skyldum hvors aðila fyrir sig og metur sem svo að samningur hafi sterkust tengsl við Ísland þar sem bankinn hafði starfsleyfi sem viðskiptabanki hér á landi og umsamin fjárhæð í formi innláns varð til í aðalstöðvum bankans á Íslandi. Í framhaldinu staðhæfir rétturinn að íslensk lög hafi óhjákvæmilega gilt um innlánið af því leiðir hefur samningurinn sterkustu tengslin við Ísland.

---

<sup>116</sup> Sama heimild.

### 6.4.3 Leiðbeiningarreglan, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000

Rétt eins og greint hefur verið frá þá eiga samningar um flutninga á fólki undir 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Ákvæðið er svohljóðandi:

Með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá aðili sem efna á aðalskyldu samningsins býr við samningsgerðina. Þegar um er að ræða fyrirtæki, félag eða aðra lögpersónu skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem aðili hefur aðalstöðvar sínar. Ef samningurinn er gerður í tengslum við atvinnu eða atvinnurekstur viðkomandi aðila skal litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá sem aðalskylduna ber hefur aðalstarfsstöð sína. Ef efna á samning samkvæmt ákvæðum hans á annarri starfsstöð en þar sem aðili hefur aðalstarfsstöð sína skal beita lögum þess lands þar sem sú starfsstöð er.

Við beitingu á þessu ákvæði kemur einkum tvennt til athugunar. Í *fyrsta lagi* þarf að taka afstöðu til hvor samningsaðila ber aðalskyldu samningsins og í *öðru lagi* þarf að huga að landfræðilegri staðsetningu þess sem innir aðalskylduna af hendi.<sup>117</sup> Leggja verður til grundvallar hvað varðar staðsetningu það tímamark þegar samningsgerðin fór fram.<sup>118</sup>

Þegar aðili kaupir sér farseðil með flugfélagi hefur hann gert samning við flugfélagið um að koma sér á áfangastað gegn peningagreiðslu. Er því um að ræða tvíhliða samningssamband þar sem báðir aðilar bera skyldu. Af þeim sökum er erfiðara að taka afstöðu til þess hvar aðalskyldan liggur. Meginreglan er sú að aðalskylda samnings er ekki peningagreiðsla samkvæmt tvíhliða samningi heldur er það endurgjaldið sem kemur fyrir peningagreiðsluna.<sup>119</sup> Í frumvarpinu sem varð að lögum um lagaskil nr. 43/2000 er tekið undir þetta og rökstutt með þeim rökum að skyldan til að afhenda vöru sé sértækari en almenn skylda til að inna af hendi peningagreiðslu og er enn fremur fyrir fram líklegri til að hafa í för með sér lögfræðileg álitaefti.<sup>120</sup>

Af þessu virtu má ráða að íslenska flugfélagið ber aðalskylduna, ekki kaupandi flugmiðans. Þessi nálgun er þó ekki hafin yfir gagnrýni. Iðulega hvílir aðalskylda, samkvæmt hugtakinu, á þeim samningsaðila sem er fyrir fram líklegri til að vera í yfirburðarstöðu í samningssambandinu svo sem stórri fjármálastofnun, váttryggjanda eða rétt eins og í þessu

<sup>117</sup> Í Rómarsamningnum er hugtakið aðalskylda orðað sem characteristic performance.

<sup>118</sup> Giuliano og Lagarde (n. 62) 21.

<sup>119</sup> Sama heimild 20.

<sup>120</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 4. gr.

tilfelli flugfélagið. Segja má að flugfélaginu sé fengin betri staða í samningssambandinu þar sem lagaval fer eftir staðsetningu þess.<sup>121</sup> Áður en rakið verður hvaða þýðingu þetta hefur ber að líta til dómafordæma um beitingu á reglunni.

Í *Hrd. 12. september 2013 í máli nr. 454/2013*, kemur fram að í fræðiskrifum um hugtakið aðalskyldu, hefur verið litið svo á að greiðsla peninga sé ekki aðalskylda þegar gagnaðila ber að afhenda eitthvað annað en peningagreiðslu. Í þeim tilvikum þegar báðir samningsaðilar eiga að afhenda peningagreiðslu verða ólar ekki eltar við að meta hvor samningsskyldan setji meiri mark á samninginn, enda á leiðbeining 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 aðeins við ef unnt er að afmarka aðalskyldu samnings, sbr. 5. mgr. 4. gr. sömu laga.

Í dönskum dómi, *SP Massivbau-System GmbH gegn Malerfirmaet F. Ørbech & Søn ved malermester Kurt Sønderby* voru samningsaðilar danskt fyrirtæki í málningarþjónustu og þýskur einstaklingur. Danska fyrirtækið hafði tekið að sér málningavinnu fyrir þýska aðilann í Þýskalandi. Í dómnum kom fram að málningavinnan væri aðalskylda samningsins og þar sem fyrirtækið var með aðalstöðvar sínar í Danmörku taldi dómstóllinn rétt að beita 2. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins og dönsk lög talin gilda um samninginn.<sup>122</sup>

Áhersla dómstóla liggur á að afmarka aðalskyldu samnings. Ljóst er að landfræðileg staðsetning þess sem ber aðalskyldu samnings ræður úrslitum um lagaval þegar ekki hefur verið samið um það. Til að setja áður nefnt ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 í samhengi við álitafnið má segja að samningur milli kaupanda flugmiða, hverar þjóðar sem viðkomandi er, og íslensk flugfélags hafi sterkust tengsl við Ísland þar sem hið íslenska flugfélag ber aðalskylduna og hefur aðalstarfstöð sína á Íslandi. Markmiðið með þessari nálgun er að leiða auknar líkur á að lagavalið sé í raunverulegu samhengi við samninginn. Auk þess að skapa ákveðin fyrirsjáanleika í lagaskilarétti á sviði samningarréttar og stuðla að samræmi í dómaframkvæmd.<sup>123</sup>

<sup>121</sup> Eiríkur Elís Þorláksson (n. 15) 27.

<sup>122</sup> Samsvarandi niðurstöðu um áherslu dómstóla á aðalskyldu samnings er einnig að finna í enska málinu, *Bank of Baroda gegn Vysya Bank* [1994] 2 Lloyd's Rep 87: Í málinu bar Bankinn aðalskyldu samningsins á grundvelli yfirlýsingar sinnar. Í hollenska málinu, *Machinale Glasfabriek de Maas BV gegn Emaillerie Alsacienne SA* [1985] 2 CMLR 281, var Hollenska fyrirtækið seljandi og bar því aðalskylduna.

<sup>123</sup> Alexander J Bělohávek, *Rome Convention, Rome I Regulation* (Juris 2010) 769.

#### 6.4.3.1 Matskennda sérreglan, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000

Önnur sjónarmið sem ennfremur ber að líta til eru orðalag í ákvæðinu. Þar segir; „þegar um er að ræða fyrirtæki, félag eða aðra lögpersónu skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem aðili hefur aðalstöðvar sínar“. Ummælin „að jafnaði“ má skilja á þann veg að hugsanlegt er að líta fram hjá reglunni ef atvik máls mæla að öðru leyti fastlega með því, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við ef ekki er unnt að afmarka aðalskyldu samnings. Á sama hátt eiga ákvæði 2., 3. og 4. mgr. ekki við ef af öllum aðstæðum verður ráðið að samningurinn í heild hafi ríkari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af þeim ákvæðum.

Þegar þetta ákvæði kemur til skoðunar er verið að líta á tengsl samningsins í heild þannig að ákvörðun um lagavalið endurspeglir hvaða land þar er sem samningur telst hafa sterkust tengsl við. Fyrri atriðið tekur á þeim tilvikum þegar ekki er hægt að afmarka aðalskyldu samningsins en síðara atriði ákvæðisins felur sér matskennda reglu sem erfitt er að skýra nákvæmlega hvenær á við. Beiting ákvæðisins veitir dómstólum sveigjanleika sem að sama skapi býr til ákveðinn grunn að lagalegri óvissu.<sup>124</sup> Segja má að sjónarmið um fyrirsjáanleika verði að lúta í lægra haldi fyrir lögfestingu á matskenndu ákvæði byggðu á sanngirnissjónarmiðum. Ákvæðið er talið mjög mikilvægt þar sem því er ætlað að leiða til sanngjarnrar niðurstöðu í ágreiningsmálum um lagaval samninga.<sup>125</sup>

Í framhaldinu er velt upp álitæfni sem ef til vill kann að koma upp í tengslum við kaup á farseðli. Í dæmaskyni má nefna það tilvik að enskur aðili kaupir flugmiða af söluskrifstofu íslensk flugfélags í Englandi. Samningurinn er þess efnis að viðkomandi aðili á flug á ákveðnum degi frá Heathrow flugvelli í London, millilendir á íslenskum flugvelli og á að fara þaðan samdægurs á vesturströnd Bandaríkjanna þar sem áætluð koma á Washington flugvöll er að kvöldi til. Þennan tiltekna dag háttar svo til að fluginu frá Englandi er aflýst eða seinkað verulega og viðkomandi Englendingur er staddur þar í landi á flugvellingnum þegar vanefnd verður á samningssambandi aðila. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 myndi leiða til þess að um samninginn færi eftir íslenskum lögum. Álitæfni þessa máls lýtur að því hvort dómstólar myndu komast að þeirri niðurstöðu að þessi tiltekni samningur hafi ríkari tengsl við England þannig að ensk lög verða talin gilda um samninginn. Lítið hefur reynt á regluna

<sup>124</sup> Peter North og J.J. Fawcett: *Cheshire and North's Private International law*, bls. 572.

<sup>125</sup> Rome I regulation, juris, 2010, bls. 801.



fyrir íslenskum dómstólum en til eru mun fleiri erlend dómafordæmi á grundvelli samsvarandi ákvæðis í Rómarsamningnum sem einnig geta gefið vísbendingu um úrlausn þessa álitaefnis.

Í dómi Hæstaréttar, *Hrd. 16. nóvember 2015 í máli nr. 685/2015*, var stefnandi Kaupþing hf. og aðalstefndi Brains Inc Ltd. og varastefndi BNP Paribas S.A. Í skilmálum á skuldabréfum aðila kom fram að japönsk lög áttu að gilda um bréfin og túlkun þeirra, auk þess var efnastaður skuldabréfanna almennt í Tókýó. Þá gat dómstóllinn ekki annað en ráðið af framlagðri kaupnótu um viðskiptin að þau hefðu átt sér stað í kauphöllinni í Tókýó. Tengslin við England voru þau að Kaupþing hafði átt í samskiptum við Brains Inc, sem var með höfuðstöðvar í London, um kaupin á bréfunum og skrifstofa BNP Paribas S.A í London sendi Brains Inc staðfestingu um viðskiptin. BNP Paribas byggði á því í málinu að ensk lög ættu að gilda um viðskiptin og fór fram á að dómkvaddur yrði sérfróður kunnáttumaður í enskum gjaldþrotarétti til að svara tilgreindum spurningum um efni enskra réttarreglna á því sviði. Í úrskurði héraðsdóms sem staðfestur var með vísan til forsendna hans í Hæstarétti kom fram að samningurinn sem ágreiningur aðila reis af hefði ríkari tengsl við Japan en England í skilningi 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000.

Í enska málinu, *Definitely Maybe (Touring) Ltd gegn Marek Lieberberg Konzertagentur GmbH (No. 2)* var stefnandi enskt félag sem sá um rekstur hljómsveitarinnar Oasis. Meðlimir sveitarinnar voru fimm talsins og voru tveir af þeim bræðurnir Liam og Noel sem voru jafnframt aðalaðdráttarafl hljómsveitarinnar. Stefndi var þýskt félag sem skipulagði tónlistarhátíð í Þýskalandi. Félögin gerðu samning þess efnis að hljómsveitin Oasis kæmi fram í Þýskalandi. Í aðdraganda tónlistarhátíðarinnar neitaði annar bræðranna að koma fram í Þýskalandi vegna persónulegra deilna þeirra bræðra. Ágreiningur samningsaðila laut að því hvort þýska félagið ætti að greiða fullt verð fyrir framlag hljómsveitarinnar og hvort ensk eða þýsk lög giltu um samninginn. Samkvæmt meginreglu 2. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins ætti niðurstaðan að vera sú að ensk lög giltu um samninginn þar sem aðalskyldan var á stefnanda og hann með aðalstöðvar í Englandi. Dómstóllinn taldi hins vegar réttast að beita 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins vegna ríkari tengsla við Þýskaland. Litið var til tengsla samningsins í heild. Hljómsveitin átti að koma fram í Þýskalandi, tónleikarnir voru auglýstir þar og stefndi átti að útvega nauðsynlegan búnað fyrir hljómsveitina þar í landi. Engin önnur tengsl voru við England önnur en þau að stefnandi og hljómsveitin voru þaðan.

Sambærilega niðurstöðu er að finna í málinu, *Kenburn Waste Management Ltd. gegn Bergmann*. Atvik máls voru þau að B er einstaklingur sem var búsettur í Þýskalandi og hafði

sérleyfi fyrir sorpkvörn í Stóra-Bretlandi. K er breskt félag sem seldi annars konar sorpkvörn. B taldi að sala K færi í bága við einkaleyfi hans á vörunni og af þeirri ástæðu hótaði hann viðskiptavinum K um málshöfðun á hendur þeim. Síðar sendi B bréf til K og skuldbatt sig til að láta af hótunum um málsókn en með þessu bréfi stofnaðist samningur á milli þeirra. B hélt hins vegar áfram hótunum sínum og K höfðaði mál á hendur honum í Englandi. Talið var að aðalskyldan væri að láta af hótunum um málsókn og því lægi hún hjá B. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins hefðu því þýsk lög átt að gilda þar sem B var búsettur í Þýskalandi. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að réttast væri að beita 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins þar sem samningurinn í heild hefði ríkust tengsl við England, enda var samningnum ætlað að ná árangri þar í landi.

Í danska dóminum, *SP Massivbau-System GmbH gegn Malerfirmaet F. Ørbech & Søn ved malermester Kurt Sønderby* sem áður var minnst á, höfðaði danskt málningarþjónustufyrirtæki mál á hendur þýskum aðila. Fyrirtækið hafði tekið að sér málningarvinnu fyrir þýska aðilann í Þýskalandi. Dómstóllinn beitti 2. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins þannig að niðurstaðan var sú að málningarvinnan var aðalskylda samningsins, fyrirtækið var með aðalstöðvar sínar í Danmörku og því dönsk lög talin gilda um samninginn. Dómstóllinn hafnaði því að samningurinn hefði í heild ríkari tengsl við Þýskaland og tók fram að samningsgerðin og undirskrift samningsins fór fram í Danmörku. Þeir sem unnu málningarvinnuna voru danskir ríkisborgarar sem lutu verkstjórn fulltrúa sem einnig var búsettur í Danmörku.

Að endingu má skoða ummæli dómstólsins í máli *Intercontainer Interfrigo SC (ICF) gegn Balkenende Oosthuizen BV (C-133/08)*. Dómstóllinn tók fram að ákvæði 4. gr. Rómarsamningsins heimili að lög þess lands sem hafi sterkust tengsl við samninginn í heild gildi um hann. Dómstóllinn benti á að hlutlæg skylda ákvæðisins væri að stemma stigu við réttaróryggi þannig að nauðsynlegt væri að veita sveigjanleika við ákvörðun laga við það land sem samningurinn hefur í raun sterkust tengsl við.

Í viðleitni til að rannsaka hvort íslenskir dómstólar gætu komist að þeirri niðurstöðu að framangreindi tilbúni samningurinn hafi ríkari tengsl við England þannig að ensk lög væru talin gilda um hann verður að draga saman dómaframkvæmdina heild og finna út hvað fordæmin eiga sammerkt.

Í málinu, *SP Massivbau-System GmbH* gegn *Malerfirmaet F. Ørbech & Søn ved malermester Kurt Sønderby*, var ekki fallist á að beita 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins heldur beitt 2. mgr. 4. gr. samningsins þar sem aðalskylda samningsins hvíldi á danska fyrirtækinu sem var með aðalstöðvar í Danmörku og dönsk lög talin gilda um samninginn. Auk aðalskyldunnar má segja að samningurinn hafi einnig í raun haft nánari tengsl við Danmörku. Samningsgerðin og undirritun samningsins fór fram í Danmörku. Þá voru allir einstaklingarnir sem stóðu að verkinu danskir. Einu tengslin við Þýskaland voru þau að málað var fyrir þýskan aðila í Þýskalandi. Í málunum, *Definitely Maybe (Touring) Ltd* gegn *Marek Lieberberg Konzertagentur GmbH (No.2)* og *Kenburn Waste Management Ltd. gegn Bergmann*, er það sammerkt að nægjanlegt er að þrjár til fjórir tengslaþættir leiði til ríkari tengsla við annað land þannig að 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins var beitt í þeim málum.

Í dómi Hæstaréttar, *Hrd. 16. nóvember 2015 í máli nr. 685/2015*, höfðu aðilar samið um lagavalið. Í skilmálum skuldabréfanna kom fram að japönsk lög áttu að gilda um lögskipti aðila. Af þeirri ástæðu sætir furðu að dómstóllinn hafi farið út í það að meta við hvaða land samningurinn hefði ríkari tengsl við einkum vegna þess að sérreglu 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 var beitt án þess að vikið væri að mikilvægum undanfara reglunnar, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna. Að þessu virtu er illstætt að draga fram einhvers konar ályktun af þessu dómafordæmi.

Í tilbúna álitaefninu má greina fjóra tengslaþætti sem leiða til tengsla við England, þeir eru; annar samningsaðilanna er enskur, samningurinn er gerður í London. Þar er einnig brottfarastaðurinn sem og vanefndin kom upp þar í landi. Það kann einnig að hafa þýðingu að flugfélagið heldur úti skrifstofu í London með enska starfsmenn, hugsanlega leiðir það til enn frekari tengsla. Einu tengslin við Ísland þegar áætlaður ágreiningur verður vegna vanefndar eru þau að flugfélagið er íslenskt. Að framrituðu virtu má halda því fram að við þessar tilteknu aðstæður geti verið nauðsynlegt að veita sveigjanleika við ákvörðun laga við það land sem samningurinn hefur í raun sterkust tengsl við, sbr. ummæli dómstólsins í máli *Intercontainer Interfrigo SC (ICF) gegn Balkenende Oosthuizen BV (C-133/08)*.

Erlenda dómaframkvæmdin byggir á ákvæðum Rómarsamningsins sem lög um lagaskil nr. 43/2000 eru byggð á. Áréttað er að liður í lögfestingu ákvæðanna var að samræma íslenska löggjöf og lagaframkvæmd að ríkjum Evrópusambandsins. Í frumvarpinu sem varð að lögunum kom fram að túlkun ákvæðanna og framkvæmd þeirra þurfi að vera samræmd Rómarsamningnum og dómaframkvæmd sem byggir á ákvæðum samningsins án þess þó að

íslenskir dómstólar séu bundnir af dómsúrlausnum erlendra dómstóla.<sup>126</sup> Þegar umfjöllun kaflans er virt í heild er dregin sú ályktun að ekki sé hægt að útiloka þá niðurstöðu að íslenskir dómstólar gætu metið atvik þannig í heild að ensk lög verði talin gilda um samning sem þennan.

Álitaefnið er hægt að útfæra á marga vegu og heimfæra á aðra áfangastaði flugfélagsins með sambærilegum forsendum. Að því sögðu getur niðurstaða um sambærilegt álitaefni komið upp í mörgum tilfellum þegar vanefnd verður á samning um farseðil. Aftur á móti er fremur ólíklegt að hægt sé að halda fram sömu niðurstöðu ef fleiri tengslaþættir við önnur lönd bætast við. Í því samhengi er fyrrgreint álitaefni staðfært og aðlagð að öðrum aðstæðum til skýringar á fullyrðingunni. Aðstæður eru þá þannig að þýskur aðili kaupir flugmiða í gegnum fjarskiptabúnað í Hollandi. Samningurinn er þess efnis að viðkomandi á flug á ákveðnum degi frá flugvelli í Kaupmannahöfn, millilendir á íslenskum flugvelli og á að fara þaðan samdægurs á Vesturströnd Bandaríkjanna þar sem áætluð koma á Washington flugvöll er að kvöldi til. Þennan ákveðna dag háttar svo til að fluginu frá Danmörku er aflýst eða seinkað verulega og viðkomandi Þjóðverji er staddur þar í landi þegar vanefnd verður á samnings sambandi aðila. Í ljósi þess að samningurinn hefur ekki þrjá til fjóra tengslaþætti við eitt tiltekið land má ráða að samningurinn hefur ekki ríkari tengsl við annað land í heild. Að teknu tilliti til áðurgreindra dómafordæma má ráða að beitt verði meginreglu 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Þannig að niðurstaða byggir á því að samningur hafi sterkust tengsl við það land sem fyrirtæki, sem efna á aðalskyldu samnings, hefur aðalstöðvar sínar.

#### **6.4.4 Samningur um vöruflutninga, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000**

Samningar um flutninga á vörum eiga undir 4. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við þegar um er að ræða samninga um vöruflutninga. Þegar um slíkan samning er að ræða og flytjandi hefur, þegar samningur er gerður, aðalstöðvar í sama landi og farmurinn er lestaður eða hann affermdur eða í sama landi og aðalbækistöðvar sendanda eru skal litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land. Við beitingu þessa ákvæðis skal litið á farmsamning um einstaka ferð og aðra samninga sem hafa vöruflutninga sem meginmarkmið sem samninga um vöruflutninga.

Ákvæðið á við um farmflutninga með flugi og þegar innrituðum farangri er veitt viðtaka til flutnings. Við beitingu á þessu ákvæði er nægilegt að samningur uppfylli eitt af þeim

---

<sup>126</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, kafla III.

skilyrðum sem lögin áskilja til þess að íslenskum lögum verði beitt um samninginn. Þetta hefur þá þýðingu að litið er á að samningur hafi sterkust tengsl við Ísland þannig að íslensk lög gilda í þeim tilvikum þegar erlendur aðili gerir samning um flutning á farmi ef farmurinn er lestaður eða affermdur á Íslandi. Ákvæðið kveður einnig á um að samningur hefur sterkust tengsl við það land þar sem sendandi hefur aðalbækistöðvar á þeim tíma þegar samningur var gerður.<sup>127</sup> Hugtakið „sendandi“ vísar almennt til allra sem senda vörur til flutningsaðila. Í þeim tilvikum gilda lög þess lands um samning aðila.<sup>128</sup> Ekki er þó að finna neina skilgreiningu á hugtökunum „aðalstöðvar“ né „aðalbækistöðvar“.<sup>129</sup>

Til frekari skýringar á reglunni má nefna þá aðstöðu sem kann að koma upp í tengslum við farmflutning með flugi. Í dæmaskyni má nefna það tilvik að bandarískt fyrirtæki ákveður að flytja vörur sínar með flugi til annars lands. Bandarískt fyrirtæki í flutningsmiðlun sér um að bóka frakt með íslensku flugfélagi. Samningurinn er þess efnis að farmurinn á að vera lestaður á ákveðnum degi á flugvelli í Minneapolis, millilendir á íslenskum flugvelli og á að fara þaðan sama dag og lenda á flugvelli í París. Fluginu frá Bandaríkjum er aflýst eða seinkað verulega samdægurs þannig að vanefnd verður á samningsskuldbindingum aðila. Í þessu tilviki veltur niðurstaða um lagavalið á því hvar aðalbækistöðvar bandaríska fyrirtækisins í flutningsmiðlun eru staðsettar landfræðilega.

Helstu rökin fyrir þessari reglu eru þau að vöruflutningar eru í eðli sínu afar alþjóðleg starfsemi. Af þeirri ástæðu hafa margir samningar um vöruflutninga ekki nein raunveruleg tengsl við það land þar sem flytjandi hefur aðalstöðvar sínar. Eðli málsins samkvæmt væri mikið óhagræði fólgið í því ef 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 gilti um samninga um vöruflutninga.<sup>130</sup> Reglan í 4. mgr. 4. gr. laganna er til þess fallin að auka gagnsæi í farmflutningum og stuðla að fyrirsjáanleika.

Með flytjanda í 4. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins er átt við þann aðila samnings sem gengist hefur við þeirri skuldbindingu að flytja vörur án tillits til þess hvort viðkomandi sér sjálfur um flutninginn í reynd eða fær annan flytjanda í sinn stað.<sup>131</sup> Í þriðja ml. 4. mgr. er einnig kveðið á um að við beitingu á ákvæðinu skal litið á farmsamning um einstaka ferð og aðra

---

<sup>127</sup> Alpt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, um 4. gr.

<sup>128</sup> Giuliano og Lagarde (n. 62) 21-22.

<sup>129</sup> E. principal place of business. Richard Plender, *The European Contracts Convention: The Rome Convention on the Choice of Law for Contracts* (Sweet & Maxwell 1991) 117.

<sup>130</sup> Nielsen (n. 92) 509.

<sup>131</sup> Giuliano og Lagarde (n. 62) 22.

samninga sem hafa vöruflutninga sem meginmarkmið sem samninga um vöruflutninga. Leiguflug getur því fallið undir samning um vöruflutning.<sup>132</sup> Ákvæðið hefur verið túlkað þannig að dómari getur ekki annað en fjallað um og tekið afstöðu til þess lands þar sem flytjandi hefur aðalstarfstöð eða aðalbækistöð sína í þeim tilvikum þegar mat fer fram á því við hvaða land það er sem samningurinn hefur sterkustu tengsl við.<sup>133</sup>

Samsetning 4. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins er túlkuð þannig að hún muni aldrei eiga við um farþegaflutninga. Aðstæður geta því orðið þannig ef samningur felur í sér bæði flutning á farþegum og farm að sitt hvor leiðbeiningarreglan á við þannig að beita á lögum sitt hvort landsins um samninginn.<sup>134</sup>

#### *6.4.4.1 Matskennda sérreglan, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000*

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 getur einnig komið til skoðunar í farmflutningum með flugi. Til upprifjunar segir ákvæðið að „... ákvæði 2., 3. og 4. mgr. á ekki við ef af öllum aðstæðum verður ráðið að samningurinn í heild hafi ríkari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af þeim ákvæðum“.

Sömu sjónarmið eiga við hér og koma fram í kafla 6.4.3.1. Þegar þetta ákvæði kemur til framkvæmda ber að líta á tengsl samningsins í heild þannig að sanngjörn niðurstaða fái og ákvörðun um lagaval fer eftir lögum þess lands sem samningurinn hefur í raun sterkust tengsl við. Til staðar þurfa að vera ákveðnir tengslapættir sem leiða til þess að samningur hafi sterkari tengsl við það land fremur en það land sem flytjandi hefur aðalstöðvar í og farmurinn er lestaður eða affermdur eða það land sem aðalbækistöðvar sendanda eru.

Sérreglan getur til dæmis komið til skoðunar í því tilviki þar sem breskur ríkisborgari ákveður að flytja út bresku hönnunarvörur sínar með íslensku flugfélagi, flutningsmiðlunarfyrtæki (sendandi) með aðalbækistöð sína í Hong Kong sér um að bóka frakt og farmsamningurinn er þess efnis að farmurinn á að vera lestaður á ákveðnum degi á flugvelli í London, millilendir á íslenskum flugvelli og á þaðan að fara samdægurs og lenda á flugvelli í Toronto í Kanada þar sem farmurinn á að vera endanlega affermdur. Áætlaðan brottfaradag er farmurinn lestaður í London en síðan kemur upp sú aðstaða að fluginu er aflýst eða seinkað verulega þannig að farmurinn er affermdur í London og færður í vöruhús. Vanefnd verður á

---

<sup>132</sup> Sama heimild.

<sup>133</sup> Sama heimild.

<sup>134</sup> Sama heimild.

samningssambandi aðila með þeirri afleiðingu að breska hönnunarvaran verður ekki á sameiginlegri hönnunarsýningu Stóra-Bretlands sem haldin er í Kanada.

Rétt er að minnast á það að leit á dómafordæmi sem tekur á sambærilegu tilviki sem þessu bar engan árangur. Af því leiðir að fyrrgreind dómafordæmi um beitingu á 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins verða lögð til grundvallar að niðurstöðu. Eigandi farmsins er breskur ríkisborgari, varan sjálf er bresk hönnunarvara, samningurinn er gerður í Englandi, farmurinn er lestaður og affermdur í London sem og að vanefnd á samningsskuldbindingum aðila kemur upp þar í landi. Ljóst er að samningurinn hefur marga tengslaþætti við England þannig að ensk lög geta hæglega verið talin gilda um samning aðila. Samningurinn hefur engin tengsl við Kína önnur en þau að flutningsmiðlari (sendandi) hefur aðalbækistöð sína þar og engin önnur tengsl eru við Ísland þegar áætluð vanefnd kemur upp önnur en þau að flugfélagið sem sér um farmflutninginn er íslenskt. Af þessu virtu er dregin sú ályktun að 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 geti óneitanlega komið til skoðunar í tilviki sem þessu og sambærilegum tilvikum út frá samsvarandi forsendum. Dregin er sú ályktun að ekki sé hægt að útiloka þá niðurstöðu að íslenskir dómstólar gætu metið atvik þannig í heild að ensk lög verði talin gilda um samning sem þennan.

#### **6.4.5 Rétt hæð 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000**

Matskennda ákvæðið sem kveður á um að líta beri til þess hvaða land það er sem samningur telst hafa sterkust tengsl við í heild vekur óhjákvæmilega upp þá spurningu hvort líta eigi á reglu 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins og 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 sem undantekningu frá meginreglunni sem fram kemur í 2. mgr. samningsins og 2. mgr. laganna eða hvort rétt hæð ákvæðanna er sú sama. Niðurstaða í því álitamáli hefur verulega þýðingu í ljósi þess að undantekningar ber samkvæmt almennum lögskýringarreglum að túlka þröngt.<sup>135</sup> Dómaframkvæmdin sem rakin hefur verið í kaflanum ber þess merki að þau lönd sem byggja meginlandsrétti<sup>136</sup> hafa frekar haldið sig við beitingu 2. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins eftir fremsta megni, enda verði að líta á 5. mgr. 4. gr. samningsins sem undantekningu sem beri að túlka þröngt. Ennfremur má greina að þau lönd sem byggja á engilsaxneskum rétti<sup>137</sup> hafi fremur byggt á 5. mgr. 4. gr. samningsins og litið á samninginn í heild sinni.<sup>138</sup> Í þeim málum

---

<sup>135</sup> Róbert Ragnar Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Codex 2007) 301.

<sup>136</sup> E. Civil Law.

<sup>137</sup> E. Common Law.

<sup>138</sup> Trevor C Hartley, *International Commercial Litigation: Text, Cases and Materials on Private International Law* (Cambridge University Press 2009) 582.

er erfitt að segja til um réttthæð ákvæðanna enda verður það ekki skýrlega ráðið af dómafordæmunum.

## 6.5 Samantekt

Í kafla sex hefur réttarreglum íslensks réttar um lagaskil á sviði samningaréttar verið lýst. Lög um lagaskil nr. 43/2000 gilda um viðfangsefnið og hafa það yfirlýsta markmið að samræma lagaskilareglur í samningarétti við lög aðildarríkja Evrópusambandsins sem eru aðilar að Rómarsamningnum. Eins og áður hefur komið fram voru löggin byggð á ákvæðum samningsins. Löggin gilda um allar einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar taka þarf afstöðu hvers lands lögum skuli beita um samning aðila. Fyrir setningu laganna var ekki til að dreifa settum lögum um lagaskil á sviði samningaréttar. Af íslenskum dómafordæmum má þó draga ályktanir um það hver var hinn gildandi réttur fyrir setningu laganna. Að meginstefnu var samningsfrelsi lagt til grundvallar með þeim fyrirvara að dómstólar gátu í ákveðnum tilvikum komist að niðurstöðu um að önnur lög væru talin gilda um samning aðila.

Ákvæði 3. og 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 kveða á um helstu meginreglur um lagaval innan samninga. Í 3. gr. laganna kemur skýrlega fram reglan sem er grundvölluð á samningsfrelsi aðila. Í ákvæðinu felst að samningsaðilar geta samið um hvaða lög gilda um lögskipti þeirra. Í þeim tilvikum þar sem aðilum hefur láðst að semja um hvaða lög eigi að gilda í lögskiptum þeirra og lagavalið verður ekki með vissu talið leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum kemur 4. gr. laganna til framkvæmda. Ákvæðið byggir á því að meta hvaða land það er sem samningur hefur sterkust tengsl við. Til hagræðingar eru settar fram leiðbeiningarreglur sem í grunninn byggja á því að meta hver samningsaðila ber aðalskyldu samnings þannig að ákvörðun um lagavalið tekur mið af búsetu eða aðalstarfsstöð annars samningsaðila. Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laganna er matskennd sérregla sem hægt er að beita ef samningur hefur á heildina litið í raun sterkari tengsl við annað land en leiða myndi af 2. mgr. 4. gr. laganna. Reglur laganna eru skýrar þannig að þær leggja línur um það hvers lands lögum skuli beita og hvað beri að leggja til grundvallar í heildarmati þegar dómstóll stendur frammi fyrir því álitamáli að skera úr um ákvörðun á lagavali í samningi aðila þegar mál hefur tengsl við fleiri en eitt land. Ákvæði laganna veita dómstólum nokkuð svigrúm við úrlausn þess hvers lands lögum skuli beita. Ógerningur er að setja regluverk sem kemur til með að henta í öllum mögulegum tilvikum. Að því sögðu er ljóst mikilvægi þess að dómstólar hafi ákveðið svigrúm.



Jafnframt er mikilvægt að lögin skapi nægilega festu við mat á því hvers lands lögum skuli beita um lögskipti sammingsaðila.

Í kaflanum var leitast við að skýra reglurnar og túlka þær í ljósi sammings um farseðil, farangursmiða og farmflutning. Réttarstaða sammingsaðila var skýrð í ljósi dómaframkvæmdar bæði hér á landi og erlendis ásamt því að dregnar voru ályktanir af tilbúnum dæmum út frá dómaframkvæmd, umfjöllun fræðimanna og lögskýringargagna. Tiltölulega lítið hefur reynt á framkvæmd laga um lagaskil nr. 43/2000. Þeir dómur sem hafa fallið eru aðallega í tengslum við slitameðferð íslensku bankanna. Úrlausnir dómstóla í þeim ágreiningsmálum eru í samræmi við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram í öðrum löndum þannig má segja að markmið með lagasetningunni hafi verið náð, það er að samræma lagaskilareglur á sviði samningarréttar við reglur annarra Evrópulanda.

## **7. Montreal-samningurinn**

### **7.1 Inngangur**

Í samningi aðila um loftflutning er að finna tilvísun til ákvæða Montreal-sammingsins. Þegar um farmflutning er að ræða er augljóst að ákvæðum Montreal-sammingsins, Varsjársmammingsins eða annarra tilgreindra skilmála sem koma þar fram sé ætlað að gilda um lögskipti sammingsaðila. Hins vegar er byggt á þeirri niðurstöðu að í samningi aðila um farseðil og farangursmiða hafi ekki verið samið sérstaklega um lagaval. Markmiðið með umfjöllun þessa kafla er að gera grein fyrir því hvers konar samningur Montreal-samningurinn er. Samofið þeirri umfjöllun verður ekki hjá því komist að fjalla stuttlega um uppruna sammingsins. Vikið verður að gildissviði sammingsins og laga um loftferðir nr. 60/1998. Einnig verður vikið stuttlega að þeim efnisreglum sem hafa þýðingu fyrir umfjöllunarefni ritgerðarinnar og hvort samningurinn hafi að geyma ákvæði er lúta að lagavali í lögskiptum sammingsaðila. Einnig verður tekið til athugunar álitafnið: Ef íslenskir dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að ákvæði Montreal-sammingsins gildi um öll lögskipti sammingsaðila þegar mál varða loftflutninga hvort sem aðilar hafa samið um það fyrir fram eða ekki, hvaða þýðingu kann það að hafa fyrir sammingsaðila í tengslum við ábyrgðartakmörkun bótafjárhæða?

### **7.2 Hvers konar samningur er Montreal-samningurinn?**

Montreal-samningurinn er alþjóðasamningur um tiltekna sameiginlegar reglur um alþjóðlega loftflutninga. Samningurinn var gerður í viðleitni til að samræma reglur Varsjársmammingsins

sem gerður var í Póllandi og ýmsar viðbótarbókanir og valfrjálsa samninga.<sup>139</sup> Í formála samningsins er vikið að þremur meginatriðum sem stefnt er að með samningnum. *Í fyrsta lagi* að nútímavæða og samþætta Varsjáringsamninginn og tengda samninga. *Í öðru lagi* að koma á fót nýju kerfi um ábyrgð flytjenda. *Í þriðja lagi* að leggja aukna áherslu á gildi reglubundinnar þróunar í alþjóðlegum loftflutningum.<sup>140</sup> Þess ber einnig að geta að í september 2018 eru 133 aðilar að samningnum.<sup>141</sup>

Montreal-samningurinn var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 88/2004 um breytingu á loftferðalögum. Samhliða því var lögfestur samningur um reglur til viðbótar við Varsjáringsamninginn frá árinu 1929 sem gerður var í Gvadalahara þann 18. september 1961 og viðbótarbókun við Varsjáringsamninginn frá 1929 og Haag bókunina frá árinu 1955, svonefnd „Montreal bókun númer fjögur“ frá 1975. Ástæða þessa voru lagaskil milli annars vegar Montreal-samningsins frá 1999 og hins vegar annarra samninga sem mynda svonefnda „Varsjárkerfið“.<sup>142</sup>

### 7.3 Gildissvið Montreal-samningsins

Ákvæði 55. gr. Montreal-samningsins gerir ráð fyrir því að Montreal-samningurinn gangi framur öllum öðrum alþjóðlegum samningum sem gerðir hafa verið um sama efni milli þeirra aðildarríkja sem hafa fullgilt samninginn. Montreal-samningurinn gildir því um millilandaflug til og frá yfirráðasvæði aðildarríkja. Varðandi flug til og frá yfirráðasvæði ríkja sem ekki hafa fullgilt Montreal-samninginn gildir aftur á móti Varsjárkerfið.<sup>143</sup> Ákvæði 1. gr. Montreal-samningsins kveður á um að samningurinn gildi um allan flutning í loftfari á farþegum, farangri og farmi milli landa. Efnisreglur samningsins gilda því um millilandaflug til og frá Íslandi. Löggjafinn hefur þó gengið lengra og víkkað út gildissviðið þannig að samningurinn gildi einnig um innanlandsflug hér á landi, sbr. 2. mgr. 86. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998. Af þessu leiðir að reglur Montreal-samningsins gilda ávallt fyrir íslenska loftflytjendur, hvar sem

---

<sup>139</sup> Varsjáringsamningurinn var gerður í Varsjá í Póllandi árið 1929. Hann var bættur með Haag bókuninni frá árinu 1955, Guadalajara viðbótarsamningnum frá árinu 1961, Montreal-samkomulaginu frá árinu 1966, Guatemala bókuninni frá árinu 1971 auk fjögurra viðbótarbókana sem eru kenndar við Montreal frá árinu 1996 til ársins 2003. Ávinningur af þessu var gríðarlega flókið kerfi reglna sem nauðsynlegt var að gera betur skil með því að samræma það en það var gert með Montreal-samningnum frá árinu 1999. Heimir Skarphéðinsson, „Um seinkun og aflýsingu á flugi“ (2012) 65 Úlfjótur 467, 470.

<sup>140</sup> Isabella Henrietta Philepina Diederiks-Verschoor, *An Introduction to Air Law* (8. útg., Kluwer Law International 2006) 172–173.

<sup>141</sup> „Montreal Convention“ (n. 5).

<sup>142</sup> Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 1440 - 946 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

<sup>143</sup> Sama heimild. Augljóst er að þetta mun vera ástæðan fyrir því að ávallt er vísað til beggja samningana í tengslum við loftflutninga eins og gert er tildæmis í skilmálum um farmflutninga.

þeir starfrækja flug, sem og fyrir allt innanlandsflug hér á landi óháð því hver flytjandinn er hverju sinni.

#### 7.4 Efnisreglur Montreal-samningsins

Reglur X. kafla loftferðalaga nr. 60/1998 byggja að mestu á Montreal-samningnum. Montreal-samningurinn einfaldar verulega reglur um útgáfu farmiða og fylgibréfa frá því sem áður var.<sup>144</sup>

Í III. kafla Montreal-samningsins er að finna ábyrgð flytjanda og takmörk skaðabóta. Ákvæði 17. gr. samningsins mælir fyrir um reglur þegar farþegi lætur lífið eða meiðist og þegar tjón verður á farangri. Í 1. mgr. er kveðið á um að flytjandi sé skaðabótaskyldur láti farþegi lífið eða verði fyrir líkamstjóni. Þetta á þó aðeins við ef slysið varð um borði í loftfari eða þegar farið var um borð eða frá borði. Í 2. mgr. er að finna áskilnað sem mælir fyrir um að flytjandi er skaðabótaskyldur eyðileggist innritaður farangur, glatist eða skemmist. Þetta á þó aðeins við ef sá atburður sem olli eyðileggingunni, hvarfinu eða skemmdunum átti sér stað um borð í loftfarinu eða á meðan innritaður farangur var í vörslu flytjandans. Flytjandi er þó laus úr ábyrgð ef tjónið má rekja til innbyggðs annmarka, eiginleika eða ágalla farangurs. Ennfremur er flytjandinn skaðabótaskyldur ef um er að ræða óinnritaðan farangur, þar með talið persónulega muni, ef tjónið má rekja til mistaka hans, starfsmanna hans eða umboðsmanna.

Ákvæði 18. gr. samningsins mælir fyrir um reglur vegna tjóns á farmi. Þar segir í 1. mgr. að flytjandi sé skaðabótaskyldur vegna tjóns sem verður þegar farmur eyðileggst, glatast eða skemmist. Þetta á aðeins við ef að sá atburður sem olli tjóninu átti sér stað á meðan farmur var í vörslu flytjanda. Í 2. mgr. er svo að finna ábyrgðartakmarkanir vegna tiltekinna aðstæðna en þær eru að flytjandinn sé ekki skaðabótaskyldur ef eyðilegging, hvarf eða tjón á farmi er afleiðing af eðlislægum ágöllum, eiginleikum eða göllum farmsins, gölluðum umbúðum farmsins sem aðrir en flytjandinn eða starfsmenn hans eða umboðsmenn hafa gengið frá, stríði eða vopnuðum átökum, eða vegna aðgerða opinberra yfirvalda í tengslum við komu, brottför eða umflutning farmsins.

Ákvæði 19. gr. kveður á um að „flytjandi ber ábyrgð á tjóni af völdum tafa á flutningi farþega, farangurs eða farms í lofti. Þó verður flytjandi ekki talinn bera ábyrgð á tjóni sem orsakast vegna tafa geti hann fært sönnur á að hann og starfsmenn hans og umboðsmenn hafi

---

<sup>144</sup> Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 1439 - 945 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, III Montreal-samningurinn árið 1999.

viðhaft allar þær aðgerðir, sem sanngjarnt getur talist að viðhafðar séu, í því skyni að afstýra tjóni eða það hafi verið ógerlegt fyrir hann eða þá að framkvæma slíkar aðgerðir“.

Í ákvæði 21. gr. Montreal-samningsins er að finna bætur vegna lífs- eða líkamstjóns og í ákvæði 22. gr. samningsins er að finna mörk ábyrgðar í tengslum við tafir, farangur og farm. Um er að ræða hlutlægar skaðabætur við þessar tilteknu aðstæður. Fjárhæðirnar eru gefnar upp í SDR<sup>145</sup> en umreiknast í íslenskar krónur á dómsuppsögudegi.<sup>146</sup>

Ákvæði um samningsfrelsi er í 27. gr. Montreal-samningsins. Þar segir að ekkert í samningi þessum skuli koma í veg fyrir að flytjandi í loftflutningum geti neitað að gera samning um flutning, afsalað sér vörnum samkvæmt þessum samningi eða að flytjandi mæli fyrir um skilyrði sem ganga ekki gegn ákvæðum þessa samnings. Einnig eru ógild hvers konar ákvæði í flutningssamningum eða hvers konar sérsamningum sem gerðir eru áður en tjón verður í þeim tilgangi að ganga fram hjá reglum samningsins varðandi þau lög sem fara skal eftir, sbr. 49. gr. samningsins. Í Montreal-samningnum er ekki ákvæði sem lýtur að lagavali samningsaðila.

Ofangreind umfjöllun er um efnisreglur Montreal-samningsins í þeim tilvikum þegar vanefnd flugfélags á samningsskuldbindingum aðila kemur upp. Hvorki í þessum samningi né Varsjár-samningnum er vikið sérstaklega að aflýsingu flugs. Almennt hefur það tilvik verið talið falla utan gildissviðs samninganna. Þegar um er að ræða aflýsingu flugfélags á flugi er samningur aðila ekki réttilega efndur og því um að ræða vanefnd af hálfu flugfélagsins. Þetta hefur þá þýðingu að almennar reglur samningar- og kröfuréttar hvers ríkis gilda þar sem samningarnir ná ekki til slíks tilviks.<sup>147</sup> Ljóst er, samkvæmt fyrri umfjöllun, að samningur flytjanda og farþega eða eiganda farms kveður ekki á um lagaval. Af því leiðir að hafið er yfir allan vafa að umfjöllun í kafla 6.4 ásamt undirköflum á við um þau tilvik þegar íslenskt flugfélag aflýsir flugi.<sup>148</sup>

---

<sup>145</sup> „SDR er skammstöfun á reiknieiningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (e. *International Monetary Fund, IMF*) notar. Á ensku er fullt heiti *Special Drawing Rights* og hefur það verið þýtt sem *sérstök dráttarréttindi* á íslensku. Gildi SDR er reiknað út frá gengi tiltekinnar körfu þeirra gjaldmiðla sem helst eru notaðir í milliríkjavíðskiptum. Sjóðurinn notar þessa einingu í viðskiptum sínum en einnig er stuðst við hana í ýmsum öðrum viðskiptum, einkum þó milli ríkisstjórna, seðlabanka og alþjóðastofnana“. Gylfi Magnússon, „Hvað þýðir SDR í gengisskráningu og hvernig er gengi þess fundið?“ (*Vísindavefurinn*, 5. febrúar 2002) <<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2095>> skoðað 18. nóvember 2018.

<sup>146</sup> Alþt. 2003-2004, A-deild, þskj. 1439 - 945 mál, athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins, um 3. gr., um q-lið (102. gr.).

<sup>147</sup> Paul Stephen Dempsey og Svante O Johansson, „The conflict of laws on the issue of delay in international air carriage“ (2010) 35 *Air and Space Law* 207, 210.

<sup>148</sup> Ekki er ætluð að fara út í skilgreiningu á því hvaða merkingu er lagt í hugtakið „aflýsing“ í íslenskum rétti enda er það út fyrir umfjöllunarefni ritgerðarinnar. Þess í stað er bent á grein eftir Heimi Skarphéðinsson sem ber heitið

## 7.5 Álitamál í tengslum við takmörkun bótafjárhæðar

Hér á eftir verður tekin afstaða til eftirfarandi álitaefnis: Ef íslenskir dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að ákvæði Montreal-samningsins eða eftir atvikum Varsjár-samningsins gildi um öll lögskipti samningsaðila í tilvikum ágreiningsmála vegna vanefndar samnings um loftflutninga hvort heldur sem aðilar hafi samið um það fyrir fram eða ekki, hvaða þýðingu kann það að hafa fyrir farþega í tengslum við fjárhæð bóta?

Í viðleitni til að komast að niðurstöðu um álitaefnið er nauðsynlegt að leggja til grundvallar tilbúið dæmi. Að því sögðu er sú forsenda gefin að dómstóll beiti ákvæðum Montreal-samningsins, sbr. X. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998 sem lögin eru byggð á. Nefnt er það tilvik þegar innritaður farangur skemmist í vörslu flytjanda og ábyrgðartakmarkanir sem ákvæðið áskilur eiga ekki við, sbr. 2. mgr. 17. gr. Montreal-samningsins, sbr. 1. mgr. 104. gr. laga um loftferðir. Við þessar aðstæður tekur við ákvæði 2. mgr. 22. gr. samningsins við, sbr. 2. mgr. 108. gr. laga um loftferðir.<sup>149</sup> Á grundvelli þess getur farþegi krafist skaðabóta sem er takmörkuð við 1.150 SDR eða 197.582 ISK.<sup>150</sup> Í þessu tilbúna dæmi háttar svo til að hámarksfjárhæð bóta nær ekki yfir raunverulegt tjón farþegans og ætlun viðkomandi er að fá tjón sitt bætt að fullu í samræmi við meginreglu skaðabótaréttar um fullar bætur.<sup>151</sup> Hvaða réttarreglur gilda um umframtjón farþega? Raunar má segja að samsvarandi staða geti oft komið upp, til dæmis ef tjón verður á farmi eða í þeim tilvikum þegar bætur vegna tafa eru greiddar til farþega eða eiganda farms en tjón hluteigandi er töluvert meira en ákvæði Montreal-samningsins, sbr. lög um loftferðir, skylda flytjanda til að greiða.

---

„Um seinkun og aflýsingu flugs“. Í þriðja kafla greinarinnar er meðal annars að finna umfjöllun um skilgreiningu á aflýsingu flugs.

<sup>149</sup> Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. Montreal-samningsins, sbr. 2. mgr. 108. gr. laga um loftferðir er aðeins mögulegt að fá bætur umfram hámarks fjárhæð ákvæðanna í tveimur tilvikum. Það er annars vegar þegar farþegi hefur gefið sérstaka yfirlýsingu þegar farangur var innritaður um mikilvægi þeirra hagsmuni sem tengdir eru afhendingu farangursins og hins vegar ef það sannast að flytjandi, starfsmenn eða umboðsmenn hans hafa við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi vitandi að tjón mundi sennilega hljótast af háttsemi þeirra, sbr. 5. mgr. 22. gr. samningsins, sbr. 5. mgr. 108. gr. laga um loftferðir. Í fyrrgreinda tilvikinu er farþega gefinn kostur á því að hækka hámarks bótafjárhæðina gegn greiðslu. Greiðsla gjaldsins á að vera samkvæmt gjaldskrá, sbr. 124. gr. laga um loftferðir. Samkvæmt athugun er ekki að sjá að íslensk flugfélög bjóði upp á slíkt. Ætlunin er þó ekki að fjalla með ítarlegum hætti um þessi atriði enda er tilgangurinn með framsetningunni annar. Vert er þó að minnst á meistararitgerð eftir Ólaf Val Guðjónsson sem ber heitið „Réttarstaða flugfarþega vegna tjóns á farangri: Er hún nægjanlega tryggð samkvæmt reglum X. kafla loftferðalaga?“ Sú ritgerð fjallar með ítarlegum hætti um réttarstöðu flugfarþega sem verða fyrir tjóni á farangri.

<sup>150</sup> Hámarksbótafjárhæðin sætir endurskoðun á fimm ára fresti, sbr. 24. gr. Montreal-samningsins. Frá gildistöku X. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998 hefur fjárhæðin verið hækkuð úr 1.000 SDR í 1.150 SDR. Hámarks fjárhæð bóta fyrir innritaðan farangur er 197.582 ISK. Hér er miðað við sölugengi SDR samkvæmt Seðlabanka Íslands 18. nóvember 2018 (171,81 x 1.150).

<sup>151</sup> Viðar Már Matthíasson (n. 75) 597. Sjá einnig: Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (2. útg., Orator 1999) 155–156.

Niðurstaða byggir á fyrri umfjöllun í heild þegar atvik eru með þeim hætti að tjón farþega eða eiganda farms er töluvert umfram það sem ákvæði Montreal-samningsins, sbr. lög um loftferðir, skyldar flytjanda til að greiða. Farþegi eða eigandi farms getur höfðað mál og krafist skaðabóta sem samsvara þeirri upphæð sem tjón hans tekur raunverulega til, það er þeirrar fjárhæðar sem er umfram skyldu flytjanda til að greiða á grundvelli ákvæðanna. Við þessar aðstæður er ljóst, samkvæmt fyrri umfjöllun, að ef aðilar hafa ekki samið sérstaklega um lagaval í samningi um farseðil, farangursmiða og farmflutning og málið hefur tengsl við fleiri en eitt land gilda lög um lagaskil nr. 43/2000. Af því leiðir að efnisreglur þess lands sem málið hefur sterkust tengsl við, sbr. 4. gr. laganna, munu skera úr um skaðabótakröfu vegna vanefndar á samningsskuldbindingum aðila við þessar aðstæður.

## **8. Rómarreglugerðin og breytingar á reglum um lagaval þegar ekki er samið um hvers lands lög eiga að gilda í lögskiptum**

### **8.1 Inngangur**

Lög um lagaskil nr. 43/2000 byggja á ákvæðum Rómarsamningsins sem síðar var leystur af hólmi með setningu Rómarreglugerðarinnar. Ísland hefur ekki aðlagð löggjöf sína í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru með Rómarreglugerðinni. Ákvæði 4. gr. Rómarsamningsins sem fjallað er um í kafla 6.4 ásamt undirköflum var breytt verulega með tilkomu reglugerðarinnar. Breytingin tók mið af þeirri háværðu gagnrýni sem var uppi um ákvæðið. Leitast var við að sníða af þá annmarka sem voru taldir vera á ákvæðinu en jafnframt halda í meginregluna um sterkustu tengslin. Vilji þeirra sem sömdu ákvæðið var að ákvarða afar nákvæma reglu sem yrði eins fyrirsjáanleg og mögulegt væri og notuð í þeim tilvikum þar sem ekki væri samið um lagaval.<sup>152</sup>

Umfjöllun um ákvæði 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 er eitt af aðalatriðum ritgerðarinnar. Ákvæðið hefur veigamikla þýðingu í þeim tilvikum þegar atvik máls eru þannig að aðilar hafa ekki tekið afstöðu til lagavals í samningi sínum. Einkum af þeirri ástæðu er mikilvægt fyrir ritgerðarefnið í heild að varpa ljósi á breytingarnar, samhliða því að kanna hvort innleiðing Íslands á samsvarandi breytingum á íslenskum réttarreglum muni leiða til annarrar niðurstöðu.

---

<sup>152</sup> Clarkson (n. 13) 218–219.

Ákvæði um lagaval þegar ekki hefur verið tekin afstaða til þess í samningi aðila er að finna í 4. gr. Rómarreglugerðarinnar og 5. gr. reglugerðarinnar þegar um er að ræða samninga um vöruflutninga. Ákvæði 4. gr. samanstendur af fjórum málsgreinum og ákvæði 5. gr. samanstendur af þremur málsgreinum sem verða raktar í næstu köflum.

## **8.2 Samningar um lausafjárkaup, þjónustu, fasteignir, sérleyfi og dreifingu, sbr. 1. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar**

Ákvæðið er þannig upp byggt að taldar eru upp nokkrar tegundir samninga, frá a. lið til h. liðar og tekin er afstaða til þess með hlutlægum hætti hvers lands lögum skuli beitt um ákveðnar tegundir samninga.

Samkvæmt a. lið kemur fram að samningar um lausafjárkaup skuli ráðast af lögum þess lands sem seljandi býr í eða hefur aðalstöðvar sínar í. Í b. lið segir að samningur um þjónustu skuli ráðast af lögum þess lands sem veitandi þjónustu býr í eða hefur aðalstöðvar sínar í. Samningur um réttindi yfir fasteign eða leigusamningur skal, samkvæmt ákvæði c. liðar, ráðast af lögum þess lands þar sem fasteignin er. Þó með þeirri undantekningu að ef leigusamningur um fasteign nær til skemmri tíma en sex mánaða ræðst lagavalið af lögum þess lands sem leigusali býr í að því gefnu að leigutaki sé einstaklingur en ekki lögaðili og búi í sama landi og leigusali. Ákvæði e. liðar segir að samningur um sérleyfi skuli ráðast af þeim lögum sem gilda þar sem sérleyfishafi býr eða hefur aðalstöðvar sínar. Í f. lið segir að dreifingarsamningur skuli ráðast af lögum þess lands sem dreifingaraðili býr í eða hefur aðalstöðvar sínar í. Samkvæmt g. lið skal samningur um sölu lausafjár á uppboði ráðast af lögum þess lands þar sem uppboðið fer fram, ef unnt er að koma því við. Að lokum er í h. lið átt við tilteknar tegundir samninga í marghliða viðskiptakerfi og skal slíkur samningur ráðast af lögum þess lands sem gildir um viðskiptakerfið.

Eins og sjá má eru ákvæðin nákvæm og til þess fallin að stuðla að fyrirsjáanleika í þeim tilvikum þegar aðilar hafa ekki samið um lagaval. Misjöfn nálgun ákvæðanna var knúin fram af ólíkum sjónarmiðum. Ákvæði a. og b. liðar mótast af samsvarandi nálgun og var í 2. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins og er að finna í 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Hér er átt við að aðalskylda samnings hvíli á þeim sem lætur af hendi hlut eða þjónustu gegn peningagreiðslu en ekki þeim aðila sem reiðir fram greiðsluna. Reglan styðst við þau rök að skyldan til að afhenda hlut eða láta í té þjónustu sé vandasamari og

þar af leiðandi fyrir fram líklegri til þess að ala af sér lögfræðileg álitamál. Jafnframt má segja að nálgunin sé tilkomin af hagkvæmni í viðskiptum þar sem samningar af þessum toga eru oft staðlaðir og oft á tíðum samdir af seljanda vöru eða þjónustu.<sup>153</sup> Nálgun ákvæða í c. og g. lið tekur mið af staðsetningu fasteignar og hlutar. Segja má að í þessu tilviki sé verið að miða við reglu sem alla jafna leiðir af væntingum manna, með öðrum orðum mega aðilar búast við að réttindi um fasteign fari eftir lögum þess lands þar sem eignin er staðsett.<sup>154</sup> Hugsunin á bak við ákvæði í e. og f. lið er að vernda veikari aðilann í samningssambandinu. Það sama á við um styttri leigusamninga í d. lið.<sup>155</sup>

### **8.3 Leiðbeiningarreglan, sbr. 2. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar**

Reglan segir til um það að þegar ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar á ekki við eða þegar fleiri en eitt ákvæði í a. til h. lið sömu greinar á við skuli samningur fara eftir lögum þess lands þar sem sá samningsaðili sem efna á aðalskyldu samningsins býr eða hefur aðalstöðvar sínar.

Uppbygging þessa ákvæðis er sambærileg og var í 2. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins og er að finna í 2. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Þó er dregið úr áhrifum ákvæðisins vegna þeirrar upptalningar sem fram í kemur í 1. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar.

### **8.4 Matskennda sérreglan, sbr. 3. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar**

Ákvæðinu svipar til 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins sem og 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Ákvæðið veitir heimild til að víkja til hliðar reglum 1. og 2. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar ef ljóst er af öllum aðstæðum að samningur hafi bersýnilega<sup>156</sup> meiri tengsl við annað land en leiðir af 1. og 2. mgr. reglugerðarinnar. Í þeim tilvikum er heimild til að beita lögum þess lands sem samningur hefur sterkari tengsl við.

Markmiðið með breytingunni var að eyða lagalegri óvissu sem var talin felast í ákvæði 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins án þess þó að girða fyrir þann möguleika ef atvik máls og allar forsendur verða með þeim hætti að mál hafi sterkari tengsl við annað

---

<sup>153</sup> sama heimild 220.

<sup>154</sup> Eiríkur Elís Þorláksson (n. 15) 35.

<sup>155</sup> Clarkson (n. 13) 220–221.

<sup>156</sup> Í Rómarreglugerðinni er enska orðið manifestly.



land. Það kemur skýrt fram að ákvæði 3. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar er ætlað að vera undantekning frá meginreglu 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Einnig má ráða að lýsingarorðið sem bætt var inn í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar sé til þess fallið að auka enn frekar á strangari skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins sem gerir það að verkum að viðmiðunarmörk eru mun hærri. Samkvæmt ákvæðinu þarf samningur að hafa „bersýnilega“ meiri tengsl við annað land.<sup>157</sup>

Ekki verður séð að markmiðið með breytingunni hafi tekist með öllu þar sem óvissuþættir eru enn til staðar um það hvenær á að beita ákvæðinu sem og samspil við 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins.<sup>158</sup>

### **8.5 Reglan sem gildir þegar ekki er unnt að afmarka aðalskyldu samnings, sbr. 4. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar**

Í 4. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar er samsvarandi ákvæði og var í 1. ml. 5. mgr. 4. gr. Rómasamningsins og er einnig í 5. mgr. 4. gr. lagaskil nr. 43/2000. Reglan tekur á því þegar ekki er unnt að afmarka aðalskyldu í samningi aðila. Enginn vafi er á því hvor samningsaðila ber aðalskyldu í samningi um farseðil, farangursmiða og farmflutning. Vegna þess er ekki tilefni til þess að rekja þetta ákvæði frekar.

### **8.6 Samningur um vöruflutning sbr. 5. gr. Rómarreglugerðarinnar**

Í 5. gr. Rómarreglugerðarinnar er að finna ákvæði sem lýtur að samningi um vöruflutning í þeim tilvikum þegar aðilar hafa ekki samið um hvers lands lög eigi að gilda um lögskiptin. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á ákvæðinu um vöruflutning með setningu reglugerðarinnar en sambærilegt ákvæði var að finna í 4. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000.

Ákvæðið er þannig upp byggt að það skiptist í þrjár málsgreinar. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar skal samningur um vöruflutninga ráðast af lögum þess lands þar sem föst búseta flytjanda er, þar sem kvittunarstaða er,<sup>159</sup> eða land afhendingarstaðar ef föst búseta sendanda er einnig þar í landi.<sup>160</sup>

---

<sup>157</sup> Clarkson (n. 13) 222–223.

<sup>158</sup> Sama heimild.

<sup>159</sup> Staðurinn í flutningi þar sem flutningurinn er sendur af flutningsaðila frá sendanda, þar sem flugrekandinn tekur við forsjá áfangastaðar. Einnig kölluð kvittun. Enska orðið: place of receipt.

<sup>160</sup> Enska orðið yfir fasta búsetu er; habitual residence.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar á við að því marki sem lög sem gilda um samning um farþegaflutning, hafa ekki verið ákveðin af aðilum. Í samræmi við aðra undirmálgrein, skulu lög þess lands gilda þar sem farþeginn hefur fasta búsetu að því tilskildu að annað hvort brottfararstaður eða áfangastaður sé í því landi. Séu þau skilyrði ekki fyrir hendi, gilda lög þess lands þar sem flytjandi er með fasta búsetu. Samningsaðilar geta valið lög sem eiga að gilda um samning um farþegaflutninga í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar. Þetta á þó aðeins við réttarreglur tiltekinna landa, sem kveðið er á um í a. til e. lið þessarar málsgreinar. Þær réttarreglur eru; lög þess lands þar sem farþeginn hefur fasta búsetu, flytjandi hefur fasta búsetu, flytjandi hefur yfirstjórn, brottfarastaður eða ákvörðunarstaður.

Í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar er finna sambærilega reglu og var í 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Reglan kveður á um að ef ljóst er frá öllum kringumstæðum máls að samningurinn hafi ríkari tengsl við annað land en leiðir af 1. mgr. eða 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar gilda lög þess lands.

### **8.7 Ef Ísland myndi innleiða þessa breytingu í lög um lagaskil nr. 43/2000 myndi það leiða til annarrar niðurstöðu?**

Margir sömu óvissuþættir eru enn til staðar þrátt fyrir setningu 4. gr. Rómarreglugerðarinnar. Sjónarmið um hvenær eigi að beita sérreglu 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar eru enn á reiki. Þá er álitamál hvort lagaval á grundvelli 4. gr. Rómarsamningsins sé í viðeigandi samhengi við 4. gr. Rómarreglugerðarinnar og hvort túlkun og nálgun á ákvæðin eigi að vera eins.<sup>161</sup> Samkvæmt Rómarreglugerðinni er ljóst að um undantekningarákvæði er að ræða. Meginreglan er sú að beita á 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Í þeim tilvikum þegar hafna á beitingu meginreglunnar er lögð áhersla á þau tilvik þegar ekki er unnt að afmarka aðalskyldu samnings.<sup>162</sup> Greinilegt er að lýsingarorðinu sem var bætt inn með ákvæðinu var ætlað að hækka viðmiðunarmörk þannig að það væri bæði erfiðara og strangari skilyrði fyrir því að líta eigi fram hjá meginreglunni.

Ef Ísland myndi innleiða þessa breytingu í lög um lagaskil nr. 43/2000 yrðu lagaskilareglur töluvert nákvæmari og fyrirsjáanlegri, rétt eins og ákvæði 4. gr. og 5. gr. Rómarreglugerðarinnar. Einnig væri ljóst að vilji löggjafans stæði til þess að hækka

---

<sup>161</sup> Bëlohlaðek (n. 123) 807.

<sup>162</sup> Sama heimild 809–810.

viðmiðunarmörk núverandi ákvæðis sem er að finna í 5. mgr. 4. gr. laganna þannig að strangari skilyrði yrðu sett og erfiðara væri að hafna beitingu meginreglunnar nema í algjörum undantekningar tilfellum. Það er í þeim tilvikum þegar atvik máls og allar forsendur benda til þess að mál hafi bersýnilega ríkari tengsl við annað land. Ennfremur væri löggjafinn að viðhalda því markmiði sem lagt var af stað með í upphafi, það er að stuðla að samræmdri löggjöf og lagaframkvæmd Íslands að ríkjum Evrópubandalagsins.<sup>163</sup>

## **9. Samantekt og niðurstöður**

Með þessum kafla lýkur umfjöllun um lögsögu og lagaval í málum vegna alþjóðlegra loftflutningasamninga. Segja má að aðallega reyni á alþjóðlegan einkamálarétt í málum þegar réttarreglur landsréttar og annars lands rekast á. Það kemur því til kasta lagaskilareglna þegar ágreiningsmál varða alþjóðlega lögsögu og lagval í samningum þar sem samningsaðilar eru frá sitthvoru landinu og þá greinir á um hvers lands lög eigi að gilda um samninginn og hvaða dómstóll fari með málið. Aukin umsvif í flugsamgöngum milli landa síðustu áratugi og hröð tækniþróun í fjarskiptum síðustu ár hefur leitt af sér vaxandi tækifæri á alþjóðlegum vettvangi þar sem aðilar kjósa að styðjast við flug sem flutningsmáta. Ekki síst þess vegna er brýn þörf á umfjöllun um réttarstöðu aðila samnings í tengslum við loftflutningasamninga og hvar unnt er að höfða mál vegna vanefndar á slíku samningssambandi sem hefur tengsl við fleiri en eitt lögsagnarumdæmi.

Alþjóðleg lögsaga íslenskra dómstóla ræðst meðal annars af almennum reglum um varnarþing sem fram koma í IV. kafla einkamálalaga. Í þeim tilvikum þar sem reglur um varnarþing koma fram í sérreglum ber að leggja þær reglur til grundvallar málshöfðun þar sem ákvæði einkamálalaga raska ekki gildi sérreglna, sbr. 2. mgr. 43. gr. einkamálalaga. Samkvæmt íslenskum réttarfarsreglum nægir að annar samningsaðilinn eigi varnarþing á Íslandi svo að íslenskur dómstóll eigi lögsögu í málinu. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar einskorðaðist við að annar aðili loftflutningssamnings væri íslenskur flytjandi en hinn samningsaðilinn, það er farþeginn eða eigandi farms, væri erlendur ríkisborgari eða með heimilisfesti erlendis. Slíkt samningssamband hefur tengsl við Ísland í gegnum flytjandann óháð því hvert aðrir aðilar máls eiga rætur að rekja. Ríkisborgararétturinn og búsetan nægir til þess að málið telst hafa alþjóðlega skírskotun. Nefnt samningssamband leiðir af sér tvenns konar regluverk um lögsögu.

---

<sup>163</sup> Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 70 - 70 mál, athugasemdir við lagafrumvarp þetta, kafla III.

Annars vegar varnarþingsreglur 115. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, þegar málshöfðun stafar af skaðabótakröfu vegna vanefndar á samningi um loftflutning og hins vegar varnarþingsreglur Lúganósamningsins nr. 7/2011, þegar málshöfðun stafar af vanefnd á samningsskuldbindingum sem beinist að aðila sem er búsettur innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í ritgerðinni var tekin til athugunar innbyrðis staða varnarþingsreglnanna sem heyra báðar undir sérreglur um varnarþing í íslenskum rétti. Dregin var sú ályktun að sóknaraðili í máli gegn íslensku flugfélagi geti valið um það hvort hann höfði skaðabótamál vegna vanefndar á samningsskuldbindingum aðila á grundvelli varnarþingsreglna laga um loftferðir eða Lúganósamningsins.

Fram hefur komið að fyrir setningu laga um lagaskil nr. 43/2000 var ekki til að dreifa settum lögum um lagaskil á sviði samningaréttar í íslenskum rétti. Umfjölluninni hér að framanverðu var ætlað að gera grein fyrir eldra réttarástandi og sjónarmiðum sem búa að baki reglum um lagaskil á sviði samningaréttar. Tilgangurinn var að skýra réttarsviðið með heildstæðum hætti og gera grein fyrir því að lögin byggji á samevrópskum reglum sem voru liður löggjafans í því að samræma íslenska löggjöf og lagaframkvæmd að ríkjum Evrópusambandsins. Stór hluti umfjöllunar ritgerðarinnar snerti með einum eða öðrum hætti á ákvæði 3. gr. og 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000. Ákvæði 3. gr. laganna mælir fyrir um tvö konar tilvik. Annars vegar þegar aðilar samnings hafa komið sér saman um þau lög sem gilda í lögskiptum þeirra og hins vegar þegar slíkt samkomulag verður talið með vissu felast í samningi aðila eða öðrum atvikum sem tengjast samningsgerðinni. Ákvæðið var skýrt með mjög ítarlegum hætti og dregin var sú ályktun að samningsaðilar um loftflutning hafi hvorki samið berum orðum um lagaval í samningi um farseðil og farangursmiða né sé lagavalið talið með vissu leiða af samningi aðila eða öðrum atvikum tengdum samningsgerðinni. Aftur á móti hafa aðilar samið um að reglur Montreal-samningsins eða Varsjár-samningsins gildi eða þeir skilmálar sem eru tilgreindir á aftari síðu flugfarmbréfsins í samning um farmflutning. Við vinnslu ritgerðarinnar kom í ljós að ekki er hægt að útiloka að í sumum tilfellum berist framangreindir skilmálar öðrum samningsaðila ekki. Í þeim tilvikum má halda því fram að aðilar hafi ekki samið um hvaða reglur eigi að gilda um lögskipti þeirra.

Ákvæði 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 á við þegar aðilar hafa ekki samið um lagaval í samningi eða ekki tekst að sanna að tiltekið lagaval verði með vissu talið felast í samningi aðila eða öðrum atvikum sem tengjast samningsgerðinni. Í ákvæðinu er að finna meginregluna um að beita skuli lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Þetta ákvæði hefur einnig verið skýrt ítarlega. Í 2. mgr. 4. laganna er að finna leiðbeiningarreglu um það hvaða

land samningur hefur sterkust tengsl við. Á grundvelli leiðbeiningareglunnar var komist að þeirri niðurstöðu að loftflutningasamningur um farseðil á milli íslensks flytjanda og erlends ríkisborgara hafi sterkust tengsl við Ísland þar sem íslenska flugfélagið ber aðalskyldu samningsins og hefur aðalstarfstöð sína hér á landi. Í 4. mgr. 4. gr. laganna er að finna sérstaka leiðbeiningareglu vegna samninga um vöruflutninga. Ákvæðið á við um farmflutninga með flugi og þegar innrituðum farangri er veitt viðtaka til flutnings. Komist var að þeirri niðurstöðu að loftflutningasamningur aðila um farangursmiða og farmflutning hafi sterkust tengsl við Ísland ef farmurinn er lestaður eða affermdur hér á landi. Ákvæðið kveður einnig á um að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sendandi hefur aðalbækistöðvar sínar í. Í slíkum tilvikum veltur niðurstaða um lagavalið á því hvar aðalbækistöð sendanda er staðsett landfræðilega. Einnig var ítarlega fjallað um þýðingarmikla sérreglu sem er í 5. mgr. 4. gr. laganna. Reglan kveður á um að horfa skuli framhjá leiðbeiningarreglunum sem fram koma í 2. mgr. til 4. mgr. við ákveðnar aðstæður. Út frá dómaframkvæmd sem byggir á samsvarandi ákvæði í Rómarsamningnum var dregin sú ályktun að þrír til fjórir tengslapættir við tiltekið land í samningi um farseðil, farangursmiða og farmflutning andspænis einum gætu leitt til þess að samningur á milli flytjanda og farþega eða eiganda farms væri talinn hafa sterkari tengsl við það tiltekna land. Við aðstæður sem þessar er verið að líta á tengsl samningsins í heild þannig að niðurstaða um lagaval byggir á því hvaða land það er sem samningur hefur í raun og veru sterkust tengsl við.

Í umfjölluninni kom einnig fram að þau lönd sem byggja á meginlandsrétti hafa haldið sig við beitingu 2. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins í þeim tilvikum þegar aðilar hafa ekki samið um lagaval í samningi á meðan þau lönd sem byggja á engilsaxneskum rétti hafi fremur byggt á 5. mgr. 4. gr. Rómarsamningsins og litið á samninginn í heild sinni. Ljóst er að rétthæð 5. mgr. hefur verulega þýðingu og beiting á ákvæðinu kann að leiða annarra niðurstöðu en leiðir af ákvæðum 2. mgr. til 4. mgr. Tæp tíu ár eru liðin frá því að aðildarríki Evrópusambandsins breyttu ákvæði 4. gr. Rómarsamningsins með setningu Rómarreglugerðarinnar. Árafjöldinn talar sínu máli og það hve langur tími hefur liðið frá breytingunni gefur ákveðna vísbendingu um að löggjafinn sýni ekki vilja til að hækka viðmiðunarmörk á ákvæðinu þannig að strangari skilyrði verði sett og erfiðara væri fyrir dómstóla að hafna beitingu meginreglunnar. Af þessu má ráða að líklegra er að 5. mgr. 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 væri beitt af íslenskum dómstólum fremur en 3. mgr. 4. gr. Rómarreglugerðarinnar fyrir dómstólum í ríkjum Evrópusambandsins og EB dómstólum. Framangreint leiðir óhjákvæmilega til þess að íslensk

löggjöf og lagaframkvæmd verði að þessu leyti í ákvæðnu ósamræmi við lagaframkvæmd ríkja Evrópubandalagsins.

Þegar umfjöllun ritgerðarinnar er skoðuð sem heild kristallast hversu mikla þýðingu ákvæði 4. gr. laga um lagaskil nr. 43/2000 hefur í loftflutningasamningum. Niðurstaða byggir á því að samningsaðilar um farseðil og farangursmiða hafi ekki samið um lagaval og jafnvel þótt íslenskir dómstólar myndu fallast á að beita ákvæðum Montreal-samningsins, sbr. lög um loftferðir nr. 60/1998 getur hluteigandi aðili höfðað mál og krafist skaðabóta sem samsvara þeirri upphæð sem tjón hans tekur raunverulega til, það er þeirrar fjárhæðar sem er umfram þá skyldu sem flytjanda ber að greiða á grundvelli ákvæðanna. Ljóst er að samningsaðilar um loftflutningasamninga hafa ekki í öllum tilfellum samið um hvers lands lög eigi að gilda um lögskipti þeirra. Afleiðing þess er að efnisreglur þess lands sem málið telst hafa sterkust tengsl við munu skera úr um skaðabótakröfu vegna vanefndar á samningsskuldbindingum aðila.

## Heimildaskrá

— —, „Montreal Convention“ (*Wikipedia*, 12. nóvember 2018)

<[https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=Montreal\\_Convention&oldid=868467404](https://en.wikipedia.org/w/index.php?title=Montreal_Convention&oldid=868467404)>  
skoðað 23. nóvember 2018

Andemariam SW, „Does the Montreal Convention of 1999 Require That a Notice Be Given to Passengers-What Is the Validity of Notice of a Choice of Forum Clause under Montreal 1999“ (2006) 71 *J. Air L. & Com.* 251

Arnþjóttur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (2. útg., Orator 1999)

Beale JH, *A treatise on the conflict of laws* (Baker, Voorhis & Co 1935)

Bělohávek AJ, *Rome Convention, Rome I Regulation* (Juris 2010)

Borum OA, *Lovkonflikter: lærebog i international privatret* (6. útg., København 1967)

Cavers DF, „A critique of the choice of law problem“ (1933) 47 *Harvard law review* 173

Cheshire GC, *Cheshire and North's Private International Law* (12. útg., Butterworth 1992)

Clarkson CMV, *The Conflict of Laws* (3. útg., Oxford University Press 2006)

Dempsey PS og Johansson SO, „The conflict of laws on the issue of delay in international air carriage“ (2010) 35 *Air and Space Law* 207

Diederiks-Verschoor IHP, *An Introduction to Air Law* (8. útg., Kluwer Law International 2006)

Eggert Óskarsson, „Um alþjóðlegan einkamálarétt og viðfangsefni hans“ (1988) 38 *Tímarit lögfræðinga* 9

Eiríkur Elís Þorláksson, „Meginreglur um lagaval innan samninga og undantekningar frá þeim“ (2012) 62 *Tímarit lögfræðinga* 5

— —, „Litis pendens áhrif í einkamálum samkvæmt lögum nr. 7/2011 um Lúganósamninginn“ (2014) 64 *Tímarit lögfræðinga* 219

Eyben B von, *Lærebog i erstatningsret* (5. útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2003)

Eyvindur G. Gunnarsson, „Um túlkun samninga“ [2012] *Rannsóknir í félagsvísindum XIII: Lagadeild, Þjóðarspegillinn* 1

Eyvindur Grétar Gunnarsson, „Varnarþingsreglur Lúganósamningsins“ (1999) 49 *Tímarit lögfræðinga* 317

— —, „Lagaskil á sviði samningaréttar“ (2003) 53 *Tímarit lögfræðinga* 137

— —, „Alþjóðleg lögsaga íslenskra dómstóla“ [2004] *Rannsóknir í félagsvísindum V: lagadeild, Háskólaútgáfan* 105

Giuliano M og Lagarde P, „Report on the Convention on the law applicable to contractual obligations“ (31. október 1980) C 282 <<https://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:1980:282:0001:0050:EN:PDF>> skoðað 28. ágúst 2018

Hartley TC, *International Commercial Litigation: Text, Cases and Materials on Private International Law* (Cambridge University Press 2009)

Heimir Skarphéðinsson, „Um seinkun og aflýsingu á flugi“ (2012) 65 Úlfjótur 467

Hellner J, *Skadestandsrätt* (6. útg., Norstedt 2000)

Jenard P, „Report on the Convention on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters“ (5. mars 1979) C 59

Kruse AV, *Erstatningsretten* (5. útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag 1989)

Lando O, *Kontraktstatuttet: the proper law of the contract : hovedpunkter af den internationale kontraktrets alm. del* (København 1962)

Magnússon G, „Hvað þýðir SDR í gengisskráningu og hvernig er gengi þess fundið?“ (*Vísindavefurinn*, 5. febrúar 2002) <<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2095>> skoðað 18. nóvember 2018

Nielsen PA, *International privat- og procesret: love og konventioner* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag 1998)

Ónafngreindur starfsmaður flutningsmiðlunar á Íslandi, símaviðtal við höfund (Garðabær 8. nóvember 2018).

Ónafngreint íslensk flugfélag, tölvupóstur til höfundar (7. nóvember 2018).

Páll Sigurðsson, *Samningaréttur: yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar* (Orator 1987)

— — (ritstj.), *Lögfræðiorðabók: með skýringum* (Codex : Lagastofnun Háskóla Íslands 2008)

Philip A, *Dansk international privat- og procesret* (3. útg., Juristforbundet 1976)

Plender R, *The European Contracts Convention: The Rome Convention on the Choice of Law for Contracts* (Sweet & Maxwell 1991)

Róbert Ragnar Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Codex 2007)

Schlosser P, „Report on the Convention on the Association of the Kingdom of Denmark, Ireland and the Convention on jurisdiction and the enforcement of judgments in civil and commercial matters and the Protocol on its interpretation by the Court of Justice“ (5. mars 1979) C 59

Viðar Már Matthíasson, *Skadabótaréttur* (Codex 2005)

Zimmermann R, *The Law of Obligations: Roman Foundations of the Civilian Tradition* (Oxford University Press 1996)